



# ÁRSSKÝRSLA 2009

## Efnisyfirlit

3	I	Markmið og stefna
5	II	Stefnan í peningamálum
9	III	Fjármálastöðugleiki
13	IV	Varsla og ávöxtun gjaldeyrisforða
17	V	Lánamál ríkissjóðs
23	VI	Alþjóðleg samskipti
25	VII	Sérstök verkefni
27	VIII	Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið
35		Samstæðuársreikningur 2009
		Viðaukar
61		Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2009
62		Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2009
63		Annáll efnahags- og peningamála 2009
79		Tölur



Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbréf: 569 9605

Netfang: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is)

Veffang: [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

Prentun og bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Reykjavík 2010

ISSN 1670-522X

**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

# I Markmið og stefna

Meginmarkmið stjórnar peningamála er stöðugleiki í verðlagsmálum. Í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands með síðari breytingum er kveðið svo á að meginmarkmið bankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra er bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í sameiginlegri yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 var bankanum sett verðbólgu markmið, þ.e. að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysliverðs á tólf mánuðum, yrði að jafnaði sem næst 2½%.<sup>1</sup> Í lögnum er jafnframt tekið fram að Seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Bankinn skal m.ö.o. sinna viðfangsefnum sem varða fjármálastöðugleika. Í lögnum eru jafnframt ákvæði um reikningsskil og gagnsæi peningastefnunnar og starfsemi bankans almennt.<sup>2</sup>

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar falls bankanna haustið 2008 er stöðugt gengi krónunnar lykilþáttur þeirrar stefnu í peningamálum sem stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa mótað í sameiningu. Stöðugt gengi stuðlar að stöðugu verðlagi og ver jafnframt skuldsett heimili og fyrirtæki í landinu. Þar með stuðlar stefnan einnig að stöðugleika í fjármálakerfi.

## Peningastefna

Til grundvallar við framkvæmd stefnunnar í peningamálum gerir Seðlabankinn verðbólgu spá þrjú ár fram í tímann. Spáin er birt í riti bankans, *Peningamálum*, sem gefið var út fjórum sinnum á árinu, þar af tvisvar með uppfærðri spá. Auk þess birtir bankinn eigin þjóðhagsspá og ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum samhliða birtingu verðbólgu spárinnar.

Á árinu var gerð sú breyting á lögum um Seðlabanka Íslands að stofnuð var peningastefnufnd, skipuð fimm fulltrúum, sem tekur ákvörðun um beitingu stjórnækja í peningamálum, en áður tók þriggja manna bankastjórn ákvörðun um stýrivexti. Stjórnækja bankans teljast í þessu sambandi vera vextir Seðlabanka Íslands, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði. Nefndin setti sér fljótlega sérstakar reglur um starfshætti<sup>3</sup> sem bankaráð staðfesti. Bankastjóri Seðlabanka Íslands er formaður peningastefnufndar, en í henni sitja að auki aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði peningastefnumótunar og tveir aðrir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipar.

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum 2001/2* og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

2. Greint er nánar frá verkefnum bankans í ýmsum köflum þessarar skýrslu.

3. Reglur um starfshætti peningastefnufndar eru aðgengilegar á vef Seðlabanka Íslands.

Árið 2009 voru vaxtaákvörðunardagar tíu, þ.m.t. fjórir útgáfudagar *Peningamála*. Fyrirverandi bankastjórn tók fyrstu ákvörðunina en hin nýja peningastefnunefnd hinar níu. Vaxtaákvörðunardagar eru tilkynntir fyrirfram, en nefndin getur breytt eða bætt við áætlun.

### Fjármálastöðugleiki

Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana og fjármálamarkaða og birtir árlega í ritinu *Fjármálastöðugleiki* ítarlega greiningu sína á þáttum sem varða fjármálastöðugleika. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með því að þróa innlend greiðslu- og uppgjörskerfi í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur.

Með vísan til heimildar í lögum um Seðlabankann hefur hann sett reglur um lágmark lausafjár sem lánastofnunum ber ætíð að hafa yfir að ráða og reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Í lögnum er Seðlabankanum veitt heimild þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsmanna að veita lánastofnunum í lausafjávanda ábyrgðir eða lán.

### Gjaldeyrisforði, erlend lán og gjaldeyrismál

Seðlabankinn varðveitir varasjóð landsmanna í erlendum gjaldeyri til að auka öryggi í viðskiptum Íslands, einkum ríkis og aðila með ríkisábyrgð, við önnur lönd, en um sjóðinn gilda sérstakar reglur sem seðlabankastjóri setur og bankaráð staðfestir, m.a. um ávöxtun og öryggi. Seðlabankanum er heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn og að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í því skyni. Auk þess er bankinn ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal um erlendar lántökur.



*Peningastefnunefnd á fundi 2009. Talið frá vinstri: Þórarinn G. Pétursson aðalhafgræðingur Seðlabankans, Anne Sibert prófessor, Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Gylfi Zoëga prófessor.*

## II Stefnan í peningamálum

Eins og kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands er verðlagsstöðugleiki meginmarkmið peningastefnunnar. Þetta markmið er útfært nánar sem 2,5% verðbólguþolmið í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001. Frá því að fjármála- og gjaldeyriskreppan skall á af fullum þunga haustið 2008 hefur nærmarkmið peningastefnunnar verið að stuðla að stöðugu gengi krónunnar, í samræmi við sameiginlega efnahagsstefnu stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það stafar af því að nauðsynlegt var að verja efnahag heimila og fyrirtækja fyrir frekari áföllum á meðan á efnahagslegri endurskipulagningu og endurreisn stendur. Jafnframt stuðlar stöðugt gengi að því að verðbólgan hjaðni að markmiði. Eftir því sem efnahagslegri endurskipulagningu miðar áfram mun vægi verðbólguhorfa við ákvarðanir í peningamálum aukast á ný í samræmi við lögbundið langtímafyrirkomulag peningamála.

Tiltölulega aðhaldssamri peningastefnu og tímabundnum höftum á gjaldeyrishreyfingar hefur því verið beitt til þess að styðja við gjaldmiðilinn og koma í veg fyrir fjármagnsflotta sem leitt gæti til verulegrar gengislækkunar sem ógnað gæti efnahagsbatanum. Þegar endurskipulagningu efnahags heimila og fyrirtækja er lokið og tekist hefur að auka traust á innlendum þjóðarþúskap, dregur úr skaðsemi gengissveiflna og þá verður hægt að beita peningastefnunni í auknum mæli til að styðja við efnahagsbatann. Meðan á þessari endurskipulagningu stendur og traust á gjaldmiðlinum er af skornum skammti er hins vegar óhjákvæmilegt að peningalegt aðhald sé meira en heppilegt væri sé eingöngu horft til innlands eftirspurnarstigs.

### Verðbólgu-, vaxta- og gengisþróun


Slaki í þjóðarþúskapnum, tiltölulega stöðugt gengi krónunnar á seinni helmingi ársins, ásamt því að áhrif mikillar gengislækkunar 2008 fjöruðu út úr tólf mánaða verðbólguþolmælingunni, hafði í för með sér hjöðnun verðbólgu á árinu 2009. Nam verðbólga 18,6% í upphafi árs en 7,5% í lok þess (sjá mynd II-1).

Miðað við viðskiptavegna gengisvísitölu lækkaði gengi krónunnar um 7% frá ársbyrjun til ársloka, þar af um 5,5% gagnvart evru og rúmlega 3% gagnvart Bandaríkjadal. Að meginhluta átti lækkunin sér stað á fyrri hluta ársins, en frá sumri var gengi krónunnar tiltölulega stöðugt. Á sama tíma dró úr skammtímasveiflum í gengi krónunnar, þrátt fyrir að dregið hafi úr inngrípum Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði (sjá mynd II-2).

Í upphafi árs voru vextir á lánum gegn veði, sem þá réðu mestu um þróun skammtímaxaxta á markaði, 18%.<sup>1</sup> Peningastefnunefndin hóf að lækka vexti á fyrsta fundi sínum í mars 2009. Voru vextir lækkaðir nokkuð ört á árinu og við síðustu vaxtaákvörðun ársins í desember

Mynd II-1

Verðbólga: ýmsir mælikvarðar




Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd II-2

Gengi krónu gagnvart evru, gengissveiflur og inngríp Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði

Janúar - desember 2009




Heimild: Seðlabanki Íslands.


1. Breytilegt er hvaða vextir Seðlabankans skipta mestu máli fyrir ákvörðun skammtímaxaxta á markaði. Lengst af hafa það verið 7 daga veðlánavextir bankans en frá sumrinu 2009 hafa vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana og vextir á innstæðubréfum haft mest áhrif á vaxtamyndunina. Sjá nánar umfjöllun í *Peningamálum 2009/4*, bls. 7-8 og 21-23.

Tafla II-1. Vextir Seðlabanka Íslands

Dag- setning	Viðskipta- reikningur	28 daga innstæðu- bréf (hámark)	7 daga veðlán	Daglána- vextir
10. des.	8,50	9,75	10,00	11,50
5. nóv.	9,00	10,25	11,00	13,00
24. sept.	9,50	10,00	12,00	14,50
13. ágúst	9,50	–	12,00	16,00
2. júlí	9,50	–	12,00	16,00
4. júní	9,50	–	12,00	16,00
7. maí	9,50	–	13,00	17,00
8. apríl	12,50	–	15,50	19,50
19. mars	14,00	–	17,00	21,00
29. jan.	15,00	–	18,00	22,00

Mynd II-3  
Vextir Seðlabanka og skammtíma markaðsvextir  
Daglegar tölur 1. janúar - 31. desember 2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-4  
Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa  
Daglegar tölur 3. janúar 2007 - 30. desember 2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

voru þeir vextir bankans sem mestu réðu um þróun skammtíma vaxta, þ.e. hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum, 9,75% (sjá mynd II-3). Skammtíma og langtíma markaðsvextir lækkuðu á árinu í takti við vexti Seðlabankans (sjá mynd II-4). Án víðtækra hafta á fjármagnshreyfingar til og frá landinu hefðu vextir Seðlabankans þurft að vera mun hærri.

## Ákvarðanir í peningamálum og rökstuðningur þeirra

Ríkar kröfur eru gerðar til seðlabanka um að þeir geri skýra grein fyrir markmiðum peningastefnu sinnar og framkvæmd hennar. Lög um Seðlabanka Íslands leggja bankanum á herðar þá skyldu að gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í riti sínu *Peningamálum* gerir bankinn grein fyrir horfum í efnahags- og peningamálum. Ritið kemur út fjórum sinnum á ári. Ritið er einnig gefið út á ensku undir heitinu *Monetary Bulletin*.

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd birti fundargerðir sínar opinberlega og geri grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd birtir fundargerðir sínar hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun er tilkynnt, en þar kemur fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og rökstuðningur nefndarmanna fyrir atkvæðum sínum.

Lögin kveða einnig á um að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands skuli gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári og skal efni hennar rætt á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar, fjárlaganefndar og viðskiptanefndar.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir líkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stór hluti rannsókna í Seðlabankanum er helgaður þessu viðfangsefni. Í byrjun árs 2006 var tekið í notkun ársfjórðungslegt þjóðhagslíkan sem lýsir helstu miðunarleiðum peningastefnunnar. Stöðugt er unnið að þróun líkansins en jafnframt er nú unnið að þróun nýs heildarjafnvægislíkans sem notað verður samhliða ofangreindu ársfjórðungslíkani en slík jafnvægislíkön henta betur við hagstjórnarhermanir.

Einn liður í því að auka gagnsæi er að hafa ársfjórðungslíkanið og gagnagrunn þess aðgengileg á heimasíðu bankans.

## Peningastefnunefnd og ákvarðanir hennar

Með þeim breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands, sem tóku gildi 27. febrúar 2009 skal peningastefnunefnd taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum. Stjórnækja bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir hans, tiltekin viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar.

Upphaflega voru Svein Harald Øygard, seðlabankastjóri, Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri, Þórarinn G. Pétursson, aðalhaf-fræðingur, Anne Sibert, prófessor við Birkbeck-háskólann í Bretlandi, og Gylfi Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, skipuð í peningastefnu-nefndina. Már Guðmundsson, seðlabankastjóri tók sæti í nefndinni þegar hann tók til starfa í ágúst í stað Sveins Haralds, sem lét af störfum. Samkvæmt lögum er seðlabankastjóri formaður nefndarinnar.

**Vaxtaákvæðanir**

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Peningastefnunefnd tók til starfa í byrjun mars 2009 og voru haldnir níu fundir á árinu. Vaxtaákvæðanir nefndarinnar voru með eftirfarandi hætti:

*19. mars:* Seðlabankastjóri lagði til að veðlánavextir yrðu lækkaðir um eina prósentu í 17,0%. Tillagan var samþykkt samhljóða. Aðrir vextir bankans voru lækkaðir til samræmis við lækkun veðlánavaxta.

*8. apríl:* Seðlabankastjóri lagði til að veðlánavextir yrðu lækkaðir um 1,5 prósentur í 15,5%. Arnór Sighvatsson, Þórarinn G. Pétursson og Anne Sibert greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjórans. Gylfi Zoëga greiddi atkvæði með 2,0 prósentna lækkun veðlánavaxta. Tillaga bankastjóra var því samþykkt og aðrir vextir bankans lækkaðir til samræmis við lækkun veðlánavaxta.

*7. maí:* Seðlabankastjóri lagði til að veðlánavextir yrðu lækkaðir um 2,5 prósentur í 13,0%. Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjórans. Anne Sibert og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði með 3,0 prósentna lækkun veðlánavaxta. Nefndin var sammála um að lækka daglánavexti til samræmis en að lækka vexti á viðskiptareikningum um 3,0 prósentur í 9,5%.

*4. júní:* Seðlabankastjóri lagði til að veðlánavextir yrðu lækkaðir um 1,0 prósentu í 12,0%. Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjórans. Anne Sibert og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði með því að halda veðlánvöxtum óbreyttum. Daglánavextir voru lækkaðir til samræmis en allir nefndarmenn voru sammála um að innlánsvextir skyldu verða óbreyttir, 9,5%.

*2. júlí:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Tillagan var samþykkt samhljóða.

*13. ágúst:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Tillagan var samþykkt samhljóða. Anne Sibert var fjarverandi.

*24. september:* Seðlabankastjóri lagði til að veðlánavextir yrðu lækkaðir úr 12,0% í 11,5%, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana yrðu lækkaðir úr 9,5% í 9,25% og daglánavextir úr 16,0% í 14,5%. Jafnframt lagði hann til að efnt yrði til útboðs innstæðubréfa til 28 daga með 9,5% lágmarksvöxtum og 10,0% hámarksvöxtum. Arnór Sighvatsson greiddi atkvæði með tillögu seðlabankastjóra um lækkun veðlána- og innlánsvaxta en Þórarinn G. Pétursson, Anne Sibert og Gylfi Zoëga vildu halda þeim óbreyttum. Allir nefndarmenn voru þó hlynntir tillögu seðlabankastjóra um að lækka daglánavexti í 14,5% og að efna til útboðs innstæðubréfa til 28 daga, með 9,5% lágmarksvöxtum og 10,0% hámarksvöxtum.

*5. nóvember:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur í 9,0%, að hámarks-

vextir innstæðubréfa til 28 daga yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur í 10,25% og hámarksfjárhæð í vikulegum útboðum yrði aukin úr 25 ma.kr. í 30 ma.kr. Jafnframt lagði hann til að veðlánavextir yrðu lækkaðir um 1 prósentu í 11,0% og daglánavextir um 1,5 prósentur í 13,0%. Arnór Sighvatsson, Þórarinn G. Pétursson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra um lækkan veðlánavaxta en Anne Sibert vildi halda þeim óbreyttum. Allir nefndarmenn voru hlyntir tillögu seðlabankastjóra um breytingar á hámarksvöxtum innstæðubréfa og daglánavöxtum.

10. desember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana og hámarksvextir innstæðubréfa yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur í 8,5% og 9,75% hvorir um sig. Jafnframt lagði hann til að vextir á lánum gegn veði yrðu lækkaðir um 1 prósentu í 10,0% og daglánavextir um 1,5 prósentur í 11,5%. Arnór Sighvatsson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra en Þórarinn G. Pétursson og Anne Sibert gegn henni. Þau vildu einungis lækka innlánsvexti og hámarksvexti innstæðubréfa um 0,25 prósentur, veðlánavexti um 0,5 prósentur og daglánavexti um 0,75 prósentur.



Starfsfólk af fjármálasviði og hagfræðisviði vinnur saman að ýmsum verkefnum. Hér eru frá vinstri Kristín Rós Jóhannesdóttir, Bryndís Ásbjarnardóttir, Magnús Fjalar Guðmundsson, Karen Áslaug Vignisdóttir og Þorvarður Tjörvi Ólafsson.



## III Fjármálastöðugleiki

Með vísan til þess lögbundna hlutverks að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd, leggur Seðlabanki Íslands áherslu á að meta áhættu í fjármálakerfinu, þ.m.t. lausafjáráhættu fjármálafyrirtækja, og uppgjörsvanda í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum. Jafnframt beitir hann sér fyrir úrbótum og jákvæðri þróun fjármálakerfisins.

### Fjármálafyrirtæki

#### Endurreisn bankakerfisins

Bankar og sparisjóðir gegna miðlægu og mikilvægu hlutverki í efnahagslífinu. Illmögulegt er að ná fram viðunandi hagvexti í hagkerfi sem er ekki þjónað af traustu og virku bankakerfi. Það hefur því verið forgangsmál árið 2009 að endurreisa bankakerfið og hefur Seðlabankinn tekið virkan þátt í endurreisnarstarfi stjórnvalda.

Á árinu náðust samningar milli ríkisins og skilanevnda gömlu bankanna um endurfjármögnun nýju viðskiptabankanna. Eftir þá samninga á ríkissjóður 13% hlut í Arion banka, 5% hlut í Íslandsbanka og 81% hlut í NBI en Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins. Framlag ríkissjóðs til bankanna varð þar með talsvert minna en upphaflega var gert ráð fyrir. Í árslok 2009 var endurskipulagningu sparisjóðanna ólokið og ekki lá fyrir ákvörðun um með hvaða hætti hið opinbera legði þeim til stofnfé og víkjandi lán. Þótt endurreisn bankanna hafi í lok árs verið vel á veg komin var þó nokkuð í land með að hið nýja íslenska fjármálakerfi hefði tekið á sig þá mynd sem búið verður við til frambúðar. Bankarnir höfðu mjög takmarkaðan aðgang að erlendri fjármögnun, gjaldeyrishöft voru enn við lýði og framtíð sparisjóðakerfisins var óljós.

#### Skýrsla um fjármálastöðugleika 2009

Seðlabanki Íslands gaf út fjármálastöðugleikaskýrslu í október 2009. Skýrslan var skrifuð án þess að fyrir lægju staðfestar upplýsingar um efnahag, rekstur og eignarhald banka og sparisjóða. Því var ekki hægt að leggja mat á stöðu bankakerfisins í heild eins og gert hafði verið í fyrri skýrslum. Seðlabankinn taldi eigi að síður mikilvægt að gefa út skýrslu um fjármálastöðugleika til að halda til haga ýmsum upplýsingum um fjármálaáfallið haustið 2008 og starfið að endurreisn, jafnframt því sem verkefni framundan varðandi regluverk og eftirlit með fjármálastarfsemi voru reifuð. Í *Fjármálastöðugleika 2009* var sagt að vegna þeirrar óvissu sem ríkti væri erfitt að leggja mat á helstu áhættuþætti í íslenska fjármálakerfinu. Þeir væru þó einkum tengdir gæðum eigna sem og gjaldeyris- og verðtryggingarójafnvægi. Meðal annars af þessum sökum væri mikilvægt að eiginfjárlutföll fjármálastofnana yrðu á næstunni vel yfir lögbundnum mörkum. Innlán eru nú uppistaðan í fjármögnun bankanna enda fjárfesting erlendra aðila hér á landi lítil og aðgengi að erlendum lánamörkuðum takmarkað. Ákveðin áhætta gæti fylgt afnámi gjaldeyrishafta vegna þess að fjármagn yrði kvikara á

sama tíma og eignarhald bankanna væri að mótast. Þá væri framundan endurskipulagning og endurfjármögnun sparisjóðanna sem einnig gæti falið í sér vissa áhættu. Áhættan sem var í íslenska fjármálakerfinu fyrir hrunið var sögð vera komin fram og ólíklegt að svipuð staða kæmi upp aftur í bráð. Á heildina litið ætti því áhætta í kerfinu að minnka þegar frá liði, sérstaklega ef vel væri á spilunum haldið varðandi þróun regluverks, eftirlits og heilbrigðra stjórnháttá í fjármálakerfinu.

### Eftirlit og reglur

Fjármálaáfallið hefur leitt í ljós bresti í evrópsku regluverki. Meðal þess sem sérstaklega þarf að huga að er fyrirkomulag innlánstrygginga og eftirlit með starfsemi banka yfir landamæri. Í mars 2009 var birt úttekt fyrrverandi forstjóra finnska fjármálaeftirlitsins, Kaarlo Jännäri, um aðdraganda fjármálaáfallsins á Íslandi og starfsemi eftirlitsstofnana og stjórnvalda. Í skýrslu hans er m.a. að finna tillögur um sameiningu eða nánara samstarf Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Endurskoðaðar gjaldeyrisjafnaðarreglur Seðlabankans fyrir fjármálaafyrirtæki tóku gildi þann 1. september 2009. Vikmörk vegna opinnar gjaldeyrisstöðu voru víkkuð úr 10% af eigin fé í 30% og heimildir til að veita undanþágur frá reglunum voru rýmkaðar. Breytingin var gerð í ljósi þess að við fall bankanna urðu gengistengdar eignir langt umfram gengistengdar skuldir, eigið fé hafði rýrnað vegna taps á árinu 2008 og möguleikar fjármálaafyrirtækja til gjaldeyrisvarna minnkuðu við fall bankanna. Nýju reglurnar eru til skamms tíma og varða leiðina að auknu jafnvægi í gjaldeyrisstöðu fjármálaafyrirtækja. Á árinu var boðað að reglur og skýrsluskil vegna gjaldeyrisjafnaðar yrðu tekin til gagn Gerrar endurskoðunar á árinu 2010. Þá hófst innan Seðlabankans skoðun á hugmyndum um hvernig beita megi varúðarreglum í fjármálakerfinu til að vinna gegn áhættu í kerfinu í heild (e. macro-prudential).

### Greiðslukerfi

Aftur er að komast á jafnvægi eftir óróann í kjölfar fjármálaáfallsins haustið 2008. Tímabundnar ráðstafanir til að takmarka skaðann sem af fallinu hlaust hafa verið að ganga til baka. Hér að neðan er stuttlega gerð grein fyrir helstu atburðum ársins 2009 er varðar íslenska greiðslukerfið. Málefnið verða nánar gerð skil í *Fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabankans 2010*.

### Stórgreiðslukerfið

Þátttakendur í árslok 2009 voru sjö auk Seðlabanka Íslands. Þátttakendurnir voru: NBI, Arion banki, BYR sparisjóður, Íbúðalánasjóður, Straumur-Burðarás, Saga Capital og MP banki. Jafnframt var undirbúningur að aðild Clearstream að kerfinu á lokastigi. Auk framangreindra þátttakenda notuðu Verðbréfasráning og Fjölgreiðslumiðlun stórgreiðslukerfið fyrir verðbréfauppgjör og uppgjör jöfnunarkerfis. Sparisjóðabankinn og SPRON hættu þátttöku fyrri hluta árs 2009 og tók BYR að sér greiðslumiðlunarþjónustu fyrir sparisjóði þegar Sparisjóðabankinn hætti starfsemi.

Nokkrar breytingar urðu í umgjörð stórgreiðslukerfisins. Gerðir voru nýir þátttökusamningar sem taka gildi við næstu endurskoðun

heimildasamninga á fyrsta ársfjórðungi 2010. Hinn 13. ágúst 2009 voru endurskoðaðar reglur um starfsemi greiðslukerfa gefnar út.<sup>1</sup> Þar voru m.a. gerðar breytingar á því hvaða tryggingar uppfylla kröfur Seðlabanka Íslands fyrir yfirdráttarheimildum innan dags. Nýju reglurnar heimila notkun stórgreiðslukerfis fyrir fjárhæðir undir stórgreiðslumörkum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skerpt var á þátttökuskilyrðum og taka reglurnar til beinna og óbeinna þátttakenda. Enn fremur voru gerðar breytingar á vaxtaútreikningi innstæðna á stórgreiðslureikningum (sjá einnig reglur nr. 553 frá 26. júní 2009).

Í samræmi við ofangreindar breytingar á reglum um stórgreiðslukerfi voru gerðar breytingar á kerfinu. Það getur nú tekið á mótí SWIFT-greiðslufyrirmælum og getur afgreitt greiðslufyrirmæli undir 10 m.kr. Ákvæði um viðbúnaðarmál og viðbúnaðaráætlanir voru endurskoðuð og útbúin ný viðbúnaðaráætlun sem áformað var að kynna og gangsetja snemma árs 2010.

Veltan í stórgreiðslukerfinu dróst verulega saman árið 2009 og nam heildarveltan 26.361 ma.kr.<sup>2</sup> í 138 þúsund færslum (16% og 34% af stærðum árið áður).

### Jöfnunarkerfi FGM

Þátttakendur í jöfnunarkerfi FGM voru í lok árs 2009 Byr Sparisjóður hf., Íbúðalánasjóður, MP banki hf., NBI hf., Íslandsbanki hf., Arion banki hf. og Seðlabanki Íslands.

Seðlabanki Íslands gaf út endurskoðaðar reglur um starfsemi jöfnunarkerfa 13. ágúst 2009.<sup>3</sup>

Samkvæmt upplýsingum frá Fjölgreiðslumiðlun dróst veltan í jöfnunarkerfinu saman um 11% árið 2009 og nam 2.596 ma.kr. í 71 milljón greiðslufyrirmæla.

### Verðbréfauppgjörskerfið

Seðlabanki Íslands og Verðbréfaskráning Íslands endurnýjuðu í ágúst 2009 samning um uppgjör verðbréfavíðskipta, samtímis því var gengið frá samkomulagi um breytt verklag. Í október 2009 kom breyting á uppgjörserferlinu til framkvæmdar. Breytingin fól m.a. í sér að verðbréfauppgjörrið var flutt yfir á starfrækslutíma stórgreiðslukerfisins og fer nú fram kl. 12:05 í stað þess að fara fram kl. 08:00. Breytingin eykur svigrúm þátttakenda til að fullnusta uppgjör.

Samkvæmt upplýsingum frá Verðbréfaskráningu dróst fjöldi uppgerðra víðskipta í verðbréfauppgjörskerfinu verulega saman á árinu og nam veltan 2.141 ma.kr. í rúmlega 29 þúsund greiðslufyrirmælum. Dregið hefur úr fjölda utanþingsvíðskipta í kerfinu. Þau námu 51 þúsundi færslu árið 2009 en voru 131 þúsund árið áður.


### Greiðslumiðlar

Seðlar og mynt í umferð utan Seðlabankans námu tæpum 29 ma.kr. í árslok 2009. Reiðufé í umferð jókst um 3 ma.kr. í desember, en alls nam aukningin á árinu 4,6 ma.kr.

1. Reglur Seðlabanka Íslands nr. 703/2009 um starfsemi stórgreiðslukerfis og reglur nr. 704/2009 um starfsemi jöfnunarkerfa.  
2. Þ.e. inn- og útgreiðslur.  
3. Reglur Seðlabanka Íslands um starfsemi jöfnunarkerfa nr. 704/2009.

Mynd III-1

Erlend greiðslumiðlun hjá Seðlabanka Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Velta greiðslukorta dróst saman á árinu. Árið 2009 nam debetkortavelta 383 ma.kr. (-6,6%) og kreditkortavelta 283 ma.kr. (-9%). Virkum greiðslukortum fækkaði á milli ára. Í árslok voru 238 þúsund debetkort og 233 þúsund kreditkort virk í landinu. Samdráttur átti sér einnig stað í fjölda tékka, sem voru 241 þúsund talsins árið 2009.

### Erlend greiðslumiðlun

Á sama tíma og innlend greiðslumiðlun stóðst að mestu fjármálaáfallið 2008 verður ekki það sama sagt um greiðslumiðlun gagnvart útlöndum.

Fyrstu mánuðina eftir fjármálaáfallið í október 2008 færðust 85% af erlendri greiðslumiðlun til og frá Íslandi yfir til Seðlabanka Íslands. Með falli Sparisjóðabankans og SPRON á fyrsta ársfjórðungi 2009 má segja að mestöll erlend greiðslumiðlun væri komin í hendur Seðlabanka Íslands og fjöldi erlendra greiðslna sem fór í gegnum reikninga Seðlabankans meira en hundraðfaldaðist. Með samstilltu átaki og aðstoð frá utanaðkomandi lykilstarfsmönnum bankanna tókst að halda erlendri greiðslumiðlun gangandi. Smátt og smátt tóku nýju bankarnir við sínu hlutverki að nýju og á miðju ári 2009 var erlend greiðslumiðlun komin í ásættanlegt horf og mikill meirihluti greiðslna til erlendra aðila var framkvæmdur án aðstoðar Seðlabankans. Sama gildir þó ekki um innkomnar greiðslur frá erlendum bönkum. Skýringin er m.a. sú að nokkrir erlendir bankar notast ennþá aðeins við reikninga Seðlabankans og því fóru um 20% af innkomnum erlendum greiðslum gegnum Seðlabankann.

Hluti erlendar greiðslumiðlunar er samfinn kreditkortum og á þeim vettvangi þurfti Seðlabankinn einnig að veita stuðning í forni ábyrgða til handa erlendu kortafyrirtækjunum og tryggja gjaldreyri vegna uppgjors kortaviðskipta. Þessum inngripum lauk svo 1. desember 2009 þegar Seðlabankinn gaf út reglur um uppgjör kreditkorta og afnám ofangreindra ábyrgða. Íslenskur kortamarkaður var þá orðinn sambærilegur við það sem hann var fyrir áfallið.

## IV Varsla og ávöxtun gjaldeyrisforða

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að hlutverk hans sé m.a. að varðveita gjaldeyrisforða. Bankastjóri setur starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem bankaráð staðfestir. Til gjaldeyrisforðans teljast eignir Seðlabankans í erlendum verðbréfum, innstæður í erlendum bönkum, innstæður í peningamarkaðssjóðum, gull, sérstök dráttarréttindi og gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Með sérstökum dráttarréttindum er átt við eign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í reikningseiningunni SDR.


Starfsreglurnar setja fjárfestingarstefnu ramma. Heimilt er að festa fé á reikningum í erlendum bönkum, í peningamarkaðssjóðum og í skuldabréfum skráðum í kauphöllum og gefnum út af aðilum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD (e. Organisation for Economic Co-operation and Development). Útgefendur geta verið ríki og sveitarfélög, ríkisstofnanir, fjölpjóðastofnanir og fjármálastofnanir. Lánshæfiseinkunn langtímabréfa skal vera að lágmarki A+ (Moody's) eða A1 (S&P og Fitch). Skammtímabréf skulu hafa að lágmarki lánshæfiseinkunnina A-1/P-1/F-1 að mati sömu aðila. Sömu lánshæfiskröfur gilda um stofnanir sem ávaxta innstæður bankans. Samkvæmt reglunum er þorri forðans bundinn í skuldabréfum með lengri líftíma en eitt ár en hluti hans skal vera á óbundnum banka-reikningum. Meðalbínditími verðbréfa í gjaldeyrisforða skal ekki vera lengri en 5 ár. Gulleign bankans nam 64 þúsund únsum í lok ársins 2009. Gullið er varðveitt í Englandsbanka og heimilt er að leigja það út gegn tekjum í gulli eða Bandaríkjadöllum.

Hinn 1. apríl 2009 rann út ádráttarlína hjá Alþjóðagreiðslubankanum (e. Bank for International Settlements) að fjárhæð 100 milljónir Bandaríkjadala. Í lok árs 2009 runnu út gjaldmiðlaskiptasamningar sem gerðir voru við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar í maí 2008. Á sama tíma fengu Seðlabankinn og ríkissjóður fyrsta hluta láns frá sömu aðilum ásamt Seðlabanka Finnlands í tengslum við áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Seðlabankinn hafði á árinu fyrirvaralausan aðgang að endurhverfum verðbréfavíðskiptum við Alþjóðagreiðslubankann fyrir allt að 700 milljónir Bandaríkjadala.

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands var í lok árs 2009 485 ma.kr. og hafði því aukist um 56 ma.kr. á árinu. Aukningu forðans má helst rekja til lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fjárhæð 105 milljónir SDR, frá Norðurlöndunum samtals að fjárhæð 300 milljónir evra, innlána frá þrotabúum gömlu bankanna og til gengislækkunar krónunnar. Helsta útstreymi úr gjaldeyrisforðanum var vegna uppgreiðslu á skuldabréfi ríkissjóðs fyrir 150 milljónir evra og inngrip á gjaldeyrismarkaði fyrir 86 milljónir evra.

Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu þannig að virði gengisbundinna eigna Seðlabankans að frádregnum gengisbundnum skuldum sveiflist sem minnst. Hlutdeild gjaldmiðla í þessari hreinu eign eða gjaldeyrisjöfnuði Seðlabanka Íslands er endurskoðuð reglulega og staðfest í starfsreglum um gjaldeyrisforðann. Samkvæmt reglunum var vægi gjaldmiðla í gjaldeyrisjöfnuði á árinu 2009 þannig: Bandaríkjadalur 35%, evra 45%, sterlingspund 15% og japanskt jen 5%.

Mynd IV-1  
Gjaldeyrisforði  
Janúar 2001 - febrúar 2010



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla IV-1 Ávöxtun verðbréfa, skuldabréfasafna og bundinna innlána, og binditími í árum

	2005	2006	2007	2008	2009
<i>Bandaríkjadalir (USD)</i>					
Vaxtatekjur (%)	3,84	4,06	4,34	3,17	2,71
Verðhagnaður/-tap (%)	-2,35	0,01	2,74	4,21	-0,37
Ávöxtun verðbréfa (%)	1,49	4,07	7,08	7,38	2,34
Meðalbinditími í árslok (ár)	2,33	2,09	2,40	2,12	2,51
Ávöxtun EFFAS 1-3 ára vísit. (%) <sup>1</sup>	1,66	3,95	7,34	6,70	0,77
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,69	1,70	1,66	1,77	1,91
Ávöxtun EFFAS 3-5 ára vísit. (%)	0,86	3,50	9,83	12,21	-0,76
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,52	3,52	3,62	3,84	3,84
Ávöxtun bundinna innlána (%)	3,16	4,93	5,09	1,97	0,16
LIBID yfir nótt (ársmeðaltal) (%)	3,20	4,96	5,10	2,27	0,17

*Evrur (EUR)<sup>2</sup>*

Vaxtatekjur (%)	3,33	3,67	4,27	4,37	3,33
Verðhagnaður/-tap (%)	-0,46	-2,55	-1,84	1,59	2,38
Ávöxtun verðbréfa (%)	2,87	1,12	2,42	5,96	5,71
Meðalbinditími í árslok (ár)	2,80	3,52	2,96	2,50	1,81
Ávöxtun EFFAS 1-3 ára vísit. (%) <sup>1</sup>	2,16	1,80	3,83	6,94	4,16
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,73	1,81	1,70	1,78	1,84
Ávöxtun EFFAS 3-5 ára vísit. (%) <sup>1</sup>	2,91	0,62	3,37	8,76	5,51
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,50	3,56	3,56	3,61	3,70
Ávöxtun bundinna innlána (%)	2,08	2,82	3,86	4,08	0,41
LIBID yfir nótt (ársmeðaltal) (%)	2,09	2,83	3,87	3,87	0,63

*Pund (GBP)*

Vaxtatekjur (%)	5,50	5,01	5,51	4,51	3,28
Verðhagnaður/-tap (%)	0,15	-2,86	0,68	4,41	0,84
Ávöxtun verðbréfa (%)	5,65	2,15	6,18	8,92	4,12
Meðalbinditími í árslok (ár)	2,95	2,22	2,23	2,07	2,66
Ávöxtun EFFAS 1-3 ára vísit. (%) <sup>1</sup>	4,90	3,07	7,48	9,18	3,27
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,51	1,79	1,75	1,92	1,72
Ávöxtun EFFAS 3-5 ára vísit. (%) <sup>1</sup>	5,62	1,48	7,54	11,80	3,31
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,36	3,38	3,42	3,36	3,68
Ávöxtun bundinna innlána (%)	4,66	4,70	5,58	4,71	0,35
LIBID yfir nótt (ársmeðaltal) (%)	4,67	4,66	5,58	4,74	0,62

1. Vísitölúávöxtun 2007 til 2009 er skv. Bloomberg/EFFAS ríkisskuldabréfavísitölunni. EFFAS stendur fyrir European Federation of Financial Analysis Societies.

2. Hér eru evruforði 1 og 2 vegnir saman.

### Ávöxtun einstakra gjaldmiðla í gjaldeyrisforða

Tafla IV-1 sýnir ávöxtun helstu gjaldmiðla í gjaldeyrisforða undanfarin ár. Skuldabréfavísitölur frá Morgan Stanley (e. Sovereign Bond Index (MSCI)) eru hafðar til hliðsjónar við samanburð á árangri af ávöxtun skuldabréfasafna 2004-2006. Hins vegar er Bloomberg/EFFAS-ríkisskuldabréfavísitalan notuð fyrir árin 2007 til 2009 þar sem uppfærslu á MSCI-vísitölunni hefur verið hætt og EFFAS-vísitalan kemur í staðinn. Frá miðju ári 2008 lagði Seðlabankinn sérstaka áherslu á öryggi við ávöxtun lausafjár og beindi því viðskiptum sínum, í meira mæli en undanfarin ár, til seðlabanka í Evrópu og Bandaríkjunum í stað þess að notfæra sér millibankamarkaði. Aukna varfærni við ávöxtun lausafjár Seðlabankans má rekja til óstöðugleika á erlendum fjármálamörkuðum.

Stýring á skuldabréfasöfnum gjaldeyrisforðans hefur verið framkvæmd í samræmi við bankastjórasamþykkt nr. 1019. Miðað hefur verið við vísitölur gerðar af Lehman Brothers og Barclays. Í töflu IV-2 er ávöxtun skuldabréfasafnsins borin saman við vísitöluna. Barclays hefur nú tekið yfir þessa starfsemi Lehman. Ávöxtun skuldabréfasafnanna árið 2009 var betri en ávöxtun viðmiða.

Tafla IV-2 Samanburður ávöxtunar og viðmiðunarvísitalna Lehmans

Ávöxtun verðbréfa 2009	
Bandaríkjadalir	2,24%
Viðmið Lehman Brothers/Barclays	2,05%
Mismunur	0,19%
Evrur	5,71%
Viðmið Lehman Brothers/Barclays	5,69%
Mismunur	0,02%
Pund	4,12%
Viðmið Lehman Brothers/Barclays	3,88%
Mismunur	0,24%



Starfsfólk á alþjóða- og markaðssviði sinnir m.a. innlendum og erlendum markaðs- og lánamálum fyrir Seðlabanka og Ríkissjóði. Hér hafa náðst saman á mynd, talið frá vinstri, Oddgeir Gunnarsson, Hafsteinn Hafsteinnsson, Viðar Geirsson, Halldór Kristinsson, Gerður Ísberg, Hallgrímur Ólafsson, Freyr Hermannsson, Anna Karen Arnarsdóttir, Helga Rún Helgadóttir og Daniel Svavarsson.



Á upplýsingasviði safnar starfsfólk, greinir og birtir gögn af ýmsu tagi. Hér eru frá vinstri Pétur Örn Sigurðsson, Bryndís Pétursdóttir, Margrét Sigríður Guðjónsdóttir, Fjóra Agnarsdóttir, Tómas Örn Kristinsson og Eva Hjördís Bjarnadóttir.



## V Lánamál ríkissjóðs

### Innlend lánamál og ríkisábyrgðir

Samkvæmt samningi á milli Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytis sér bankinn um framkvæmd lánamála og skuldastýringu í umboði fjármálaráðuneytisins. Í samningnum er kveðið á um verkaskiptingu og um endanlegt ákvörðunarvald fjármálaráðuneytisins í lánamálum. Seðlabankanum er falið að sinna framkvæmd útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánnum til aðalmiðlara. Einnig sinnir bankinn upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og fjármálaráðuneytis með reglubundnum hætti og viðheldur vefsíðunni [www.bonds.is](http://www.bonds.is). Samkvæmt samningnum sér Seðlabankinn einnig um verkefni er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánnum. Bankinn sér þannig um umsýslu ríkisábyrgða og metur áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Þá veitir hann ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða og innheimtir ríkisábyrgðagjald. Einnig sér bankinn um útgáfu skulda-bréfa vegna endurlána.

### Erlend lánamál

Samkvæmt samningi við fjármálaráðherra annast Seðlabanki Íslands framkvæmd erlendra lánamála ríkissjóðs og önnur tiltekin verkefni í samræmi við heimild í lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins. Í samningnum er Seðlabankanum falin framkvæmd ákvarðana fjármálaráðherra um erlendar lántökur, vaxta- og gjaldmiðlaskipti erlendis og umsjón erlendra skammtímalána, svo og meðferð annarra erlendra lána sem ríkissjóður tekur. Í samningnum er Seðlabankanum jafnframt falin ráðgjöf við mótun lántökustefnu og lánastýringu, tengsl við erlend matsfyrirtæki og eftirlit með lánskjörum og lánaskilmálum aðila sem njóta ríkisábyrgðar og hyggjast taka lán erlendis. Bankinn hefur umsjón með bókhaldi erlendra lána ríkissjóðs og þjónustu því samfara. Seðlabankinn leitast við að treysta orðspor íslenska ríkisins á alþjóðlegum lánamörkuðum og afla ríkissjóði erlends lánsfjár á bestu fáanlegum kjörum.

Í lok febrúar 2009 skipaði fjármálaráðherra nefnd í samræmi við ályktun ríkisstjórnarinnar hinn 24. febrúar 2009 til þess að semja við fulltrúa erlendra ríkja er gefið höfðu fyrirheit um gjaldeyrislán til stuðnings þeirri efnahagsáætlun sem er grundvöllur samstarfs íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn samkvæmt viljayfirlýsingu sem gefin var í nóvember 2008. Verkefni nefndarinnar var að gera tvíhliða lánasamninga við erlend ríki sem bætt gætu um það bil 3 milljarðum Bandaríkjadala við u.þ.b. 2 milljarða Bandaríkjadala sem fást munu að láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samkvæmt fjárstuðningsáætlun sem stjórn sjóðsins samþykkti 19. nóvember 2008. Nefndin var skipuð fulltrúum frá fjármálaráðuneyti, Seðlabankanum, utanríkisráðuneyti og forsætisráðuneyti ásamt Jóni Sigurðssyni, sem gegndi formennsku í nefndinni.

Hinn 23. mars 2009 var undirritaður lánsamningur milli Landsstjórnar Færeyja og íslenska ríkisins. Samkvæmt samningnum lánar

Landsstjórn Færeyja íslenska ríkinu 300 milljónir danskra króna. Lánsfjárhæðin var greidd út við undirritun samningsins. Í samningnum er kveðið á um að samningsaðilar skuli koma sér saman um lánstíma og endurgreiðsluferil fyrir 1. desember 2013. Að öðrum kosti skal endurgreiða lánið með þremur jöfnum árlegum greiðslum hinn 15. desember ár hvert, frá og með árinu 2013. Vextir verða endurskoðaðir árlega á grundvelli lántökukostnaðar færeysku Landsstjórnarinnar að viðbættu 0,15% álagi. Vextir frá 24. mars til 15. desember voru 5,317% en lækkuðu þá í 2,2% vegna lægri lántökukostnaðar Landsstjórnarinnar.

Hinn 1. júlí 2009 voru undirritaðir lánasamningar milli Íslands og Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar og milli Seðlabanka Íslands, með ábyrgð íslenska ríkisins, og Noregsbanka, með ábyrgð norska ríkisins. Samkvæmt þessum samningum munu Norðurlöndin fjögur veita Íslandi lán sem samanlagt nema 1,775 milljörðum evra. Heimilt er að draga á lánin í fjórum jöfnum áföngum sem tengdir eru fyrstu fjórum endurskoðunum AGS á íslensku efnahagsáætluninni. Heildarlánstími lánanna er 12 ár en fyrstu 5 árin eru afborganaless og aðeins greiddir vextir af lánunum ársfjórðungslega. Að loknum 5 árum verður höfuðstóll lánanna endurgreiddur með jöfnum, ársfjórðungslegum greiðslum út lánstímann.

Hinn 4. september 2009 var undirritaður lánsamningur milli Póllands og Íslands. Samkvæmt samningnum lánar pólska ríkið íslenska ríkinu 630 milljónir pólskra zlota sem er jafnvirði u.þ.b. 200 milljóna Bandaríkjadala. Draga má á lánið í þremur áföngum sem tengdir eru annarri, þriðju og fjórðu endurskoðun á áætluninni með AGS. Lánið er til 12 ára en vaxtakjörin taka mið af lántökukostnaði Póllands að viðbættu 2% álagi til loka árs 2015 en þar eftir lækkar álagið í 1,3%.

Með samningum við Færeyjar, Danmörku, Finnland, Noreg, Svíþjóð og Pólland var markmiði um viðbótarfjármögnun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda sem samin var í samstarfi við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn náð. Bæði norrænu samningarnir og pólski samningurinn eru sveigjanlegir að því leyti að þeir heimila allir að ekki sé dregið á hvern áfanga til fulls hverju sinni, en þó haldist réttur til að draga á það sem ódregið er síðar á samningstímanum. Aukinheldur er heimilt að endurgreiða lánin fyrir umsamda gjalddaga án sérstaks kostnaðar fyrir lántakandann. Því er í raun um lánaramma að ræða sem myndar mikilvægt öryggisnet fyrir gjaldeyrisvarasjóðinn. Ekki var gerður lánsamningur við Rússneska sambandslýðveldið, en gefið hafði verið til kynna haustið 2008 að gjaldeyrislán til Íslands í þessu skyni kæmi til greina. Eftir ítarlegar könnunarviðræður var ljóst í október 2009 að Rússar myndu ekki veita slíkt lán vegna breyttra aðstæðna.

#### Lántökur á erlendum lánsfjármörkuðum

Langtímalán eru tekin á grundvelli útgáfusamnings um skuldabréf á Evrópumarkaði. Skammtímalán eru tekin á grundvelli samnings um víxlaútgáfu á Evrópu- og Bandaríkjamarkaði. Ríkissjóður hefur jafnframt aðgang að lánsfé á grundvelli samnings um viðbúnaðarlán.

## Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði (EMTN-samningur)

Rammasamningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði, svokallaður EMTN-samningur (e. Euro Medium Term Note Program), var fyrst undirritaður á árinu 2001. Umsjónaraðili samningsins er Citi banki, en á grundvelli samningsins eru mögulegar bæði opinberar útgáfur og einkaútgáfur. Samningurinn var síðast endurnýjaður sumarið 2008 og nemur hámarksfjárhæð hans nú fimm milljörðum evra. Síðasta skuldabréfaútgáfa undir þessum samningi var gerð í nóvember 2006, en þá voru seld skuldabréf að nafnvirði 1 milljarður evra á 3,75% föstum vöxtum. Bréfin eru á gjalddaga í desember 2011. Tvær aðrar skuldabréfaútgáfur eru útistandandi undir EMTN-samningum, 250 milljónir evra sem bera 5,38% fasta vexti, á gjalddaga í apríl 2012 og 200 milljónir Bandaríkjadala sem bera 4,38% fasta vexti, á gjalddaga í mars 2014.

## Samningur um útgáfu víxla á Evrópumarkaði (ECP)<sup>1</sup> og á Bandaríkjamarkaði (US-CPP)<sup>2</sup>

Samningur um útgáfu víxla á Evrópumarkaði (European Commercial Paper Program) var fyrst gerður árið 1985. Samningurinn var síðast endurnýjaður í maí 2008. Samkvæmt honum er heimilt að gefa út víxla fyrir allt að 1 milljarði Bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirra í öðrum gjaldmiðlum, og selja fyrir milligöngu Citibank, SEB, Deutsche Bank og Barclays á þeim kjörum sem eru á markaði hverju sinni. Árið 2001 var undirritaður samningur um útgáfu víxla á Bandaríkjamarkaði. Heildarfjárhæð útistandandi víxla á Bandaríkjamarkaði getur numið allt að einum milljarði Bandaríkjadala. Miðlarar eru Citibank og J.P. Morgan í New York. Evrópski og bandaríski samningurinn tengjast þannig að samanlögð útgáfufjárhæð má ekki fara yfir milljarð Bandaríkjadala.

## Endurgreiðslur og lántökur

Undanfarin ár hefur Seðlabankinn keypt gjaldeyri á innlendum gjaldeyrismarkaði til að standa straum af vaxtagreiðslum ríkissjóðs. Vegna óróa á gjaldeyrismarkaði og veikingar krónunnar strax í upphafi árs 2009 var tekin sú ákvörðun að Seðlabankinn myndi ekki kaupa gjaldeyri á innlendum gjaldeyrismarkaði.

Eitt erlent lán ríkissjóðs var á gjalddaga á árinu að fjárhæð 150 milljónir evra. Lánið var á gjalddaga í september og var greitt að fullu.

Á haustmánuðum var dregið á tvö erlend lán til að styrkja stöðu gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Annars vegar var um að ræða lán að fjárhæð 300 milljónir evra frá seðlabönkum Norðurlandanna en hins vegar annar hluti láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fjárhæð 105 milljónir SDR. Lánin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Seðlabanka Noregs eru skráð á reikninga Seðlabankans en lán frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi eru skráð á reikning ríkissjóðs.


## Lánastýring og áhættugreining

Við erlendar lántökur ríkissjóðs er reynt að dreifa endurgreiðslum sem jafnast á komandi ár. Stýring á erlendum lánum ríkissjóðs felur

1. European Commercial Paper Program.  
2. United States Commercial Paper Program.

Mynd V-1

Endurgreiðsluferill langtímalána ríkissjóðs og Seðlabankans í erlendri mynt



Heimild: Seðlabanki Íslands.

jafnframt í sér að lánasafnið sé dreift m.t.t. lánstíma og gjaldmiðla-samsetningar.

Staða erlendra skulda ríkissjóðs í lok árs 2009 var 360,8 ma.kr., þar að auki var skuld í bókum Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í lok árs 130,7 ma.kr. og skuld við Seðlabanka Noregs í lok árs 14,6 ma.kr. Veginn meðallánstími erlendra langtímalána ríkissjóðs um sl. áramót var 2,39 ár og meðalbínditími 1,87 ár.<sup>3</sup> Að teknu tilliti til skulda í bókum Seðlabanka Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Seðlabanka Noregs er meðallánstími erlendra langtímalána ríkissjóðs 4,38 ár og meðalbínditími 3,38 ár.

Engin erlend langtímalán ríkissjóðs eða Seðlabankans eru á gjald-daga árið 2010. Í desember 2011 er 1 milljarður evra á gjalddaga, en auk þess er 300 milljóna evra sambankalán á gjalddaga í september-mánuði sama ár. Endurgreiðsluferil erlendra langtímalána ríkissjóðs og Seðlabankans til ársins 2016 má sjá á meðfylgjandi spássíumynd miðað við stöðuna í lok árs 2009.

### Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs

Matsfyrirtæki meta lánshæfi Ríkissjóðs Íslands. Helstu fyrirtækin eru: Moody's Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor's. Seðlabanki Íslands fer með regluleg samskipti við matsfyrirtækin fyrir hönd ríkissjóðs. Matsfyrirtækin hafa mikil áhrif á lánskjör á alþjóð-legum lánamarkaði og er lánshæfismatið m.a. vísbending um þau vaxtakjör sem lántakandi mun njóta. Í kjölfar bankaáfallsins árið 2008 hefur lánshæfismat ríkissjóðs versnað til muna. Fyrir þann tíma naut ríkissjóður mikils trausts sem lántakandi á alþjóðlegum markaði og átti greiðan aðgang að öllum helstu mörkuðum.

Lánshæfiseinkunn Moody's fyrir erlendar og innendar lang-tímaskuldbindingar ríkissjóðs voru í árslok Baa3 og fyrir skammtíma-skuldbindingar P-3. Landseinkunnin var Baa2/P-3. Horfur fyrir þessar einkunnir voru stöðugar. Lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs hjá Moody's lækkuðu um 2 þrep á árinu. Sérfræðingar Moody's sögðu í áliti sínu með lánshæfiseinkunninni að hún: „endurspegli þá erfiðleika sem framundan eru í ríkisfjármálum, fjármálakerfi og peningastefnu en á móti komi að landið sé auðugt, hagkerfið sveigjanlegt og stofnanir traustar“. Einkunnir Moody's eru í fjárfestingarflokki.

Lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands hjá Fitch Ratings í erlendum gjaldmiðli fyrir langtímaskuldbindingar var BBB- og fyrir skammtíma-skuldbindingar F3. Í innlendum gjaldmiðli er einkunnin A-. Horfur fyrir þessar einkunnir eru neikvæðar. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs hjá Fitch var í fjárfestingarflokki og var tekin af gátlista vegna þeirrar framvindu sem átt hefur sér stað í endurskipulagningu fjármálageirans, viðunandi framgangs efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og mun styrkari erlendar stöðu þjóðarbúsins.

Matsfyrirtækið Standard & Poor's hélt lánshæfiseinkunnum rík-issjóðs óbreyttum á síðasta ári. Lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands í erlendum gjaldmiðli fyrir langtímaskuldbindingar voru BBB- og fyrir

3. Meðalbínditími (e. Duration) er sú tímalengd, mæld í árum, sem það tekur að endur-greiða verð skuldabréfs með núvirtum greiðslum þess. Meðallánstími (e. Average Time to Maturity) er hins vegar einfalt meðaltal tímalengdar frá viðmiðunardegi til lokagjalddaga skuldabréfa í lánasafni.

skammtímaskuldbindingar A-3, og í innlendum gjaldmiðli fyrir langtímaskuldbindingar BBB+ og skammtímaskuldbindingar A-. Einkunnir ríkissjóðs hjá Standard & Poor's eru í fjárfestingarflokki. Horfur fyrir lánsþæfismatið voru stöðugar. Fram kom í matinu að „skuldir hins opinbera væru miklar en að sérfræðingar S&P teldu að sveigjanleiki hagkerfisins og stofnana væri meiri en almennt gerist og sá eiginleiki myndi gagnast vel í þeim erfiðleikum sem framundan eru“.

Japanska matsfyrirtækið R&I Rating hélt lánsþæfiseinkunnunum óbreyttum á árinu. Lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli var BBB- og horfur voru neikvæðar.



Reglulega þarf að fara yfir samninga og reglur. Hér eru Sigfús Gauti Þórðarson, Björgvin Sighvatsson og Sigurður G. Thoroddsen.



Starfsfólk í mótuneyti bankans. Talið frá vinstri Halla Kristín Björnsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Þórhildur S. Blöndal, Bergþóra Óskarsdóttir og Sigurberg Jónsson.

## VI Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands gegnir veigamiklum skyldum á alþjóðlegum fjármálavettvangi. Bankinn á náið samstarf við aðra seðlabanka og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Samstarf íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið umfangsmikið á árinu. Í tengslum við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins heimsóttu þrjár sendinefndir Ísland. Auk þessara heimsókna fengu íslensk stjórnvöld tæknilega aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á sviði ríkisfjármála, fjármálakerfa, skuldastýringar, lausafjárstýringar, upplýsingaöflunar og gjaldeyrishafta. Alls komu 12 sendinefndir í heimsókn til Íslands í tengslum við tæknilega aðstoð. Tafir urðu á framgangi efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og sjóðsins vegna Icesave-málsins. Fyrsta endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda var samþykkt hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 28. október 2009 en upphaflega hafði átt að ljúka fyrstu endurskoðun 25. febrúar. Að ósk íslenskra stjórnvalda var einnig samþykkt að framlengja lánaþingreiðslu sjóðsins um sex mánuði, eða til 31. maí 2011, og verða útgreiðslur lánsins lagaðar að þeirri breytingu. Óskað var eftir framlengingu vegna þeirra tafa sem hafa orðið á framkvæmd og endurskoðun áætlunarinnar. Afgreiðsla framkvæmdastjórnar sjóðsins fól í sér að annar áfangi lánaþingreiðslunnar, að fjárhæð 105 milljónir SDR, jafnvirði 167,5 milljóna Bandaríkjadala, eða 20,8 ma.kr., var til reiðu. Heildarfjárhæð lánaþingreiðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tengslum við áætlunina er 665 milljónir SDR eða 1.061,1 milljón Bandaríkjadala. Allar skýrslur í tengslum við efnahagsáætlunina og lánaþingreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru birtar á heimasíðu Seðlabanka Íslands.

Á fyrri hluta ársins var Svein Harald Øygard seðlabankastjóri fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en Már Guðmundsson seðlabankastjóri tók við af honum á seinni hluta ársins. Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins í Washington á árinu 2009 var Sviinn Jens Henriksson. Fulltrúi kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltslanda í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var sænski fjármálaráðherrann Anders Borg. Vorfundur fjárhagsnefndarinnar var haldinn í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington D.C. en haustfundurinn í Ístanbúl. Í tengslum við fundina voru birtar á heimasíðu Seðlabankans greinargerðir skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltslanda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um þau málefni sem hæst bar í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Einnig voru birt ávörp fulltrúa landanna átta á ársfundi sjóðsins og fundum fjárhagsnefndarinnar.

### Samstarf við norræna seðlabanka og aðra banka

Seðlabanki Íslands átti á árinu margvíslegt samstarf við aðra seðlabanka á Norðurlöndum, ekki hvað síst í tengslum við lán frá Norðurlöndum í sambandi við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Bankastjórar Norðurlandabankanna og starfsmenn þeirra eiga í reglulegu samstarfi um ýmsar hliðar peningamála, fjármálastöðugleika og aðra þætti í starfsemi bankanna. Þá eiga fulltrúar bankans reglulega fundi með stjórnendum og starfsmönnum Seðlabanka Evrópu.

### Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (e. Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði hagfræði, einkum peningamála. Bankastjóri og aðrir starfsmenn Seðlabanka taka reglulega þátt í ýmsu starfi á vettvangi Alþjóðagreiðslubankans.

### Efnahags- og framfarastofnunin

Fulltrúar Seðlabanka Íslands tóku á árinu þátt í ýmsu starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Meðal þeirra eru efnahagsstefnunefndin og undirnefnd hennar, fjármagnsmarkaðarnefndin, og sérfræðinganefnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa reglulega út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum.

### Aðrar fjármálastofnanir og matsfyrirtæki

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir víða um heim.



Prengingar Íslands á alþjóðamörkuðum höfðu víða áhrif, m.a. á fjárhagssviði bankans sem um tíma sinni svo til allri greiðslumiðlun við útlönd. Hér eru frá vinstri Margrét Einarsdóttir, Snævar Sölvason, Guðrún Elín Herbertsdóttir og Anna Árnadóttir. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa rís í baksýn.



## VII Sérstök verkefni

### Gjaldeyriseftirlit

Á árinu var gjaldeyriseftirlit gert að sjálfstæðri einingu til að styrkja eftirlit með gildandi gjaldeyrishöftum og heyrir það beint undir seðlabankastjóra. Meginverkefni gjaldeyriseftirlitsins á árinu hafa verið almennt eftirlit með gjaldeyrishöftunum, skoðun sérstakra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 og afgreiðsla undanþágubeiðna. Þá er endurskoðun á reglum um gjaldeyrismál einnig í höndum gjaldeyriseftirlitsins, en reglur um gjaldeyrismál voru endurútgefnar í lok október, þar sem fyrsta skref í afléttingu haftanna var tekið með því að heimila innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestingar og útstreymi gjaldeyris sem kann að leiða af því í framtíðinni, auk þess sem framkvæmd þeirra var hert. Mikilvægur þáttur í eflingu gjaldeyriseftirlitsins var að bæta upplýsingaöflun Seðlabankans, bæði frá fjármálafyrirtækjum og öðrum aðilum. Þá hefur samstarf við opinbera aðila verið aukið. Bankinn vinnur nú þegar náið með Fjármálaeftirlitinu að rannsókn brota á gjaldeyrislögum og reglum settum á grundvelli þeirra. Að undanfögnu hefur fjöldi mála verið til skoðunar hjá Seðlabanka Íslands en á árinu 2009 voru 23 mál tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins sem varða brot 29 aðila.

Gjaldeyriseftirlitinu bárust 390 undanþágubeiðnir frá reglum um gjaldeyrismál á árinu. Þar af voru 127 samþykktar, 27 hafnað og 94 afgreiddar með leiðbeiningum eða afturkallaðar þar sem ekki var þörf á undanþágu. Við lok ársins voru 88 undanþágubeiðnir enn óafgreiddar. Alls voru heimildir vegna gjaldeyrisviðskipta rúmir tveir milljarðar króna, vegna útflutningslána án gjaldeyrisviðskipta tæpur milljarður króna og greiðsla fyrir útflutning í íslenskum krónum um 265 milljónir króna. Innstreymi í íslenskum krónum var 181 milljón króna.

Sérstök ráðgjafarnefnd er gjaldeyriseftirlitinu til stuðnings, skipuð aðstoðarseðlabankastjóra, aðallögfræðingi bankans og fjórum öðrum sérfræðingum eða yfirmönnum í bankanum. Ráðgjafarnefndin hefur eftirlit með störfum gjaldeyriseftirlitsins, stuðlar að virku samstarfi þess og annarra sviða innan Seðlabankans og sinnir stefnumótun, m.a. varðandi afnám gjaldeyrishafta, eftirlit og framfylgd reglna.

### Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi eignaðist Seðlabanki Íslands umtalsverðar kröfur á innlend fjármálafyrirtæki, sem tryggðar eru með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs eftir bankahrunið, en Seðlabankinn veitti ríkissjóði ráðgjöf um meðferð þeirra krafna. Megnið af vinnunni á árinu 2009 fór í að undirbúa kröfulýsingar á þrotabú fjármálafyrirtækja en þeim þætti er nú lokið og hin eiginlega eignausýsla hefur tekið við.

Undir lok árs var tekin ákvörðun um að flytja umræddar eignir yfir í sérstakt dótturfélag Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Annað dótturfélag Seðlabankans, Sölvhóll ehf., er rekstrarfélag sem mun einungis hafa það hlutverk að hámarka virði þeirraigna sem eru í eignarhaldsfélaginu (ESÍ) og koma þeim í

verð þegar markaðsaðstæður leyfa, með samþykki stjórnar ESÍ. Með þessu skipulagi næst betri aðgreining á þeim rekstri og þeim eignum sem tengjast bankahruninu og síðan hefðbundinni starfsemi Seðla-bankans. Efnahagur ESÍ 31.12.2009 var 42% af heildarefnahag Seðla-bankans, en eignir ESÍ námu 491 ma.kr. í lok síðasta árs.

#### Þjóðhátíðarsjóður

Árið 2009 var 32. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs. Stjórn sjóðsins ákvað árið 2009 að verja á árinu 2010 33,9 m.kr. til 65 styrkþega.



Starfsfólk í gjaldeyriseftirliti. Hér eru frá vinstri Jón Karlsson, Einar Örn Þorvaldsson og Pétur Steinn Pétursson.

# VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

## Reikningsskil Seðlabanka Íslands

Í 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands fari eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Ráðherra setji nánari reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabankans. Núgildandi reglur voru settar árið 2005. Uppgjör ársreikningsins nú byggist því á sömu grundvallarreglum og uppgjörið árið 2008. Lítils háttar breytingar hafa þó verið gerðar á framsetningu einstakra liða og er gerð grein fyrir þeim í skýringum við ársreikninginn sem birtur er aftar í þessari skýrslu.

## Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2009 að fjárhæð 500 milljónir króna en til samanburðar nam tap árið á undan 8.625 milljónum króna. Að gengismun slepptum varð 2.523 milljóna króna tap af rekstri Seðlabankans á árinu 2009 samanborið við 227.509 milljóna króna tap á árinu 2008 án endurheimta frá ríkissjóði. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu flokkum rekstrarreiknings bankans.

Framlag bankans til ríkissjóðs verður ekkert vegna starfsemi bankans á árinu 2009, enda nam tap 2.523 milljónum króna áður en tekið er tillit til gengishagnaðar. Loks urðu umskipti í bókfærðum gengismun ársins sem var hagnaður á árinu 2009 og nam alls 3.023 milljónum króna en gengishagnaður bankans árið á undan nam 43.980 milljónum króna.

Eins og fram kemur í töflunni jókst hagnaður ársins 2009 miðað við árið á undan um 9.126 milljónir króna. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 4.483 milljónir króna sem skýrist fyrst og fremst af því að hreinar vaxtatekjur af gjaldeyrisforðanum hafa lækkað sökum þess að erlendir vextir af bankainnstæðum og verðbréfum hafa lækkað milli ára. Aðrar rekstrartekjur bankans hækka um 1.071 milljón króna sem skýrist einkum af verðendurmati á gulli. Í árslok 2009 var únsan metin á 1087,50 Bandaríkjadali sem samsvarar 135.829 krónum. Heildar verðendurmat á gulli á árinu 2009 var 1.668 milljónir króna. Rekstrargjöld bankans lækkuðu milli ára sem skýrist einkum af því að á árinu 2008 var aukinn kostnaður tengdur sérfræðiráðgjöf vegna bankahrunsins. Launakostnaður hækkaði um 9,7% en hækkunin skýrist m.a. af fjölgun starfsmanna. Eignir bankans námu alls 1.178 milljörðum króna í árslok 2009 en voru til samanburðar 1.187 milljarðar króna í lok ársins 2008. Erlendar eignir í gjaldeyrisforðanum hækkuðu á árinu um 56 milljarða króna. Raunaukning forðans var fjármögnuð með lántökum, annars vegar láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem nam 20,8 milljörðum króna og hins vegar láni frá Norðurlöndunum sem nam samtals 54,8 milljörðum króna. Erlendar skuldir lækkuðu um 38 milljarða króna og skýrist sú lækkan aðallega af því að greiddir voru útistandandi skiptasamningar við seðlabanka Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs sem námu 100 milljónum evra frá hverjum banka.

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2009	2008	Breyting
Afkoma ársins	500	-8.625	9.126
Breyting greinist þannig:			
Hreinar vaxtatekjur	15.229	19.711	-4.483
Aðrar tekjur	6.824	5.752	1.071
Rekstrargjöld	2.502	3.070	-568
Afskrift útlána	22.073	75.000	-52.927
Framlag í ríkissjóð	0	0	0
Gengismunur	3.023	43.980	-40.957
Afkoma ársins, sbr. ofar	500	-8.625	9.126

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2009	2008	Breyting
<b>Eigið fé:</b>			
Breyting greinist þannig:	83	82	1
Erlendar eignir í gjaldeyrisforða	485	429	56
Útlán til banka og fjármálastofnana	32	149	-117
Ríkissjóður	165	270	-105
Gjaldfallin lán	491	333	157
Aðrar eignir	5	5	0
<b>Skuldir:</b>			
Erlendar skuldir	204	242	-38
Seðlar og mynt	29	24	5
Innstæður banka og fjármálastofnana	160	273	-112
Erlendar innstæður banka og fjármálastofnana	238	128	110
Innstæður ríkissjóðs	447	403	43
Aðrar skuldir	18	35	-17
Eigið fé bankans, sbr. ofar	83	82	1

Erlendar innstæður banka og fjármálastofnana hækkuðu um 110 milljarða króna þar sem bundnar innstæður hjá fjármálastofnunum hækkuðu um 153 milljarða króna á sama tíma og gjaldeyrisreikningar innlánsstofnana lækkuðu um 36 milljarða króna.

Gjaldfallin lán jukust um 157 milljarða milli ára sem skýrist af því að lán sem voru gjaldfallin hjá Endurlánum ríkisins voru keypt í árslok 2009 auk þess sem þrír bankar voru teknir til slitameðferðar á árinu.

Í árslok 2009 námu erlendar eignir bankans um 41% af heildareignum. Í lok ársins á undan námu erlendar eignir bankans 47% af heildareignum. Ársreikningur bankans er birtur aftur í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Við bankahrúnið voru þau lán bankans gegn veði sem tryggð voru með bankabréfum í uppnámi. Samkomulag varð um að ríkissjóður keypti stóran hluta af veðlánastöðu bankans þegar bankahrúnið dundi á. Veðlán að nafnverði 345 milljarðar króna voru keypt af bankanum í árslok 2008 og nam kaupverðið 270 milljörðum króna sem greitt verður með verðtryggðu skuldabréfi sem ber vexti. Á árinu 2009 voru tekjufærðir vextir og verðbætur vegna skuldabréfsins 35.688 milljónir króna.

Í árslok 2009 var ákveðið að Seðlabankinn skyldi kaupa umræddar eignir aftur og selja síðan sérstöku dótturfélagi í eigu Seðlabankans, Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. (ESI, sjá fyrri kafla). Seðlabankinn greiddi 134 milljarða króna fyrir kaupin og stendur því skuldabréfið í árslok í 161 milljarði króna.

### Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands skuli sitja sjö fulltrúar. Alþingi kaus tvívegis nýtt bankaráð á árinu, auk þess sem minniháttar breytingar urðu á ráðinu. Jón Sigurðsson óskaði eftir lausn úr bankaráði 26. janúar og Valgerður Bjarnadóttir óskaði eftir lausn úr ráðinu 19. febrúar. Nýtt bankaráð var kjörið á Alþingi 16. mars. Aðalmenn í ráðinu voru kjörnir Lára V. Júlíusdóttir, Ragnar Árnason, Ágúst Einarsson, Katrín Olga Jóhannsdóttir, Ragnar Arnalds, Friðrik Már Baldursson og Jónas Hallgrímsson. Hinn 11. ágúst kaus svo Alþingi í bankaráð og voru aðalmenn þá kosnir Lára V. Júlíusdóttir, Ragnar Arnalds, Ágúst Einarsson, Hildur Traustadóttir, Ragnar Árnason, Magnús Árni Skúlason og Katrín Olga Jóhannsdóttir. Hinn 12. september óskaði Magnús Árni Skúlason lausnar úr bankaráði og 15. október var Daniel Gros kosinn í bankaráð í stað Magnúsar. Björn Herbert Guðbjörnsson var kosinn í ráðið 15. desember í stað Ágúst Einarssonar sem sagði sig úr ráðinu.

### Bankastjórn/bankastjóri/aðstoðarbankastjóri

Í upphafi árs 2009 skipuðu bankastjórn Seðlabanka Íslands þeir Davíð Oddsson formaður, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson. Ingimundur Friðriksson lét af störfum 9. febrúar 2009 en hann hóf störf hjá Seðlabanka Íslands árið 1973 sem sumarstarfsmaður en var fastráðinn starfsmaður frá 1. mars 1975. Ingimundur var skipaður bankastjóri til sjö ára 1. september 2006 en hafði áður verið settur bankastjóri frá 15. júní sama ár. Áður hafði Ingimundur verið settur bankastjóri frá 1. október 2002 til 30. september 2003. Hinn

26. febrúar 2009 samþykkti Alþingi lög nr. 5/2009 um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Lögin fela í sér að í stað bankastjórnar sem skipuð var þremur bankastjórum verður einn seðlabankastjóri og einn aðstoðarseðlabankastjóri.

Við samþykkt laganna létu þeir Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson af störfum sem bankastjórar Seðlabanka Íslands. Eiríkur Guðnason hóf störf hjá Seðlabanka Íslands árið 1969. Hann var skipaður bankastjóri 1. maí 1994 og gegndi því embætti til starfsloka. Davíð Oddsson var skipaður bankastjóri og formaður bankastjórnar 20. október 2005 og gegndi hann því embætti til starfsloka.

Eftir breytingu á lögum um Seðlabankann ákvað forsætisráðherra að setja Svein Harald Öygard tímabundið í embætti seðlabankastjóra og Arnór Sighvatsson aðalhafgræðing Seðlabankans tímabundið í embætti aðstoðarseðlabankastjóra þangað til að stöðurnar hefðu verið auglýstar lausar til umsóknar. Svein Harald Öygard lét af störfum hjá Seðlabanka Íslands 25. ágúst 2009. Að loknu umsóknarferli skipaði forsætisráðherra Mát Guðmundsson í embætti seðlabankastjóra til fimm ára frá og með 20. ágúst 2009 og Arnór Sighvatsson í embætti aðstoðarseðlabankastjóra til fjögurra ára frá og með 1. júlí 2009. Skipunartími aðstoðarseðlabankastjóra tekur mið af 1. mgr. ákvæðis III til bráðabirgða með lögum nr. 26/2009.

Mát Guðmundsson lauk BSc-prófi í hagfræði frá háskólanum í Essex, en áður hafði hann stundað nám í hagfræði og stærðfræði við Gautaborgarháskóla. Hann er með M-phil.-gráðu í hagfræði frá háskólanum í Cambridge og stundaði þar doktorsnám. Mát gegndi frá árinu 2004 starfi aðstoðarframkvæmdastjóra peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans í Basel í Sviss. Hann starfaði áður í Seðlabanka Íslands í um tvo áratugi og þar af sem aðalhafgræðingur í rúm tíu ár. Mát var efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra frá 1988 til 1991. Mát hefur ritað fjölda greina og ritgerða um peninga- og gengismál og skyld efni.

Arnór Sighvatsson lauk doktorsprófi í hagfræði frá Northern Illinois-háskóla og hafði áður lokið BA-prófi í sagnfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands og MA-prófi í hagfræði frá Northern Illinois-háskóla. Með námi starfaði Arnór við Hagstofu Íslands og kenndi við Northern Illinois-háskólann meðfram doktorsnámi. Hann hóf störf í Seðlabanka Íslands árið 1990, var aðalhafgræðingur og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs frá árinu 2004 og settur aðstoðarseðlabankastjóri árið 2009. Arnór var aðstoðarmaður framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skrifstofu Norðurlanda, frá 1993 til 1995. Arnór er höfundur margra greina um peningamál og gengismál.

### **Skipulag bankans**

Starfsemi bankans skiptist í sex meginvið. Skrifstofa bankastjóra tilheyrir ekki meginviðum bankans en hún annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofa bankastjóra annast regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, annast samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Lögfræðingar á skrifstofu bankastjóra annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans,

frágang löggerninga og skuldaskjala. Þá taka þeir þátt í undirbúningi laga og reglugerða og gerð lögfræðilegra álita. Safnadeild heyrir undir skrifstofu bankastjóra og annast bókasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns.

Gjaldeyriseftirlit er ný deild sem heyrir beint undir bankastjóra. Verkefni gjaldeyriseftirlits er að fylgjast með að lögum og reglum um gjaldeyrismál sé framfylgt. Ennfremur tekur eftirlitið þátt í endurskoðun reglna, birtingu leiðbeininga og túlkun þeirra. Gjaldyriseftirlit sér einnig um afgreiðslu beiðna um undanþágur frá reglum um gjaldeyrishömlur.

Alþjóða- og markaðssvið annast umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða bankans ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og Endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs.

Fjárhagssvið hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og dótturfélaga hans, ásamt því að sjá um bókhald sjóðs Þjóðhátíðargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem er í vörslu bankans. Sviðið sér um innlausn spariskirteina og um umsýslu erlendra lána ríkissjóðs. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans og greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Ennfremur sér sviðið um rekstur á greiðslukerfum bankans. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær einingar, bókhaldsdeild og bakvinnsludeild.

Viðfangsefni fjármálasviðs lúta að stöðugleika og virkni fjármálastofnana og -markaða. Starfsemi sviðsins skiptist í þrjár einingar sem lúta að fjármálastöðugleika, þ.e. fjármálakerfi, greiðslukerfi og viðbúnaður, en einnig heyra fjárhirslur undir fjármálasvið. *Fjármálakerfi* annast greiningu á fjármálafyrirtækjum og uppbyggingu fjármálakerfisins sem og eftirlit með varúðarreglum Seðlabankans. *Greiðslukerfi* hefur yfirsýsni með mikilvægustu greiðslu- og uppgjörskerfum, móttun stefnu varðandi þróun kerfanna, setningu reglna, stuðning við markaðslaunir og rekstur auk yfirsýnar með greiðslukerfum. *Viðbúnaður* sér um þróun og gerð álagsprófa ásamt verkefnum í viðbúnaðarmálum. Fjárhirslur annast útgáfu og meðferð seðla og myntar. Sviðið leiðir útgáfu bankans á árlegri skýrslu hans, *Fjármálastöðugleiki*.

Hagfræðisvið annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í móttun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með og tekur þátt í útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála*, *Hagvísu*, *Working Papers*, *Efnahagsmála* og *Economy of Iceland*. Hagfræðisvið tekur einnig þátt í útgáfu *Fjármálastöðugleika*. Hagfræðisvið skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Rekstrarsvið annast rekstur og umsýslu eigna og lausafjármuna bankans, öryggismál, innkaup, gerð rekstraráætlana og útgjaldaeftirlit. Sviðið annast einnig starfsmannahald bankans og launamál og undir það heyra ýmis viðfangsefni sem lúta að innanhússþjónustu. Þá sér sviðið um skjalahald bankans.

Upplýsingasvið annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar, rekur

tölvukerfi bankans og gagnagrunna. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði. Auk þess er lánastofnunum skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um vexti jafnóðum og þeir breytast. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu sinni. Allt efni Hagtalnanna er einnig aðgengilegt á ensku. Upplýsingasvið skiptist í fjórar einingar, 1) upplýsingatækni, 2) rekstur og viðhald á FAME-gagnagrunni bankans, 3) gagnasöfnun og skráningu, og 4) úrvinnslu gagna og miðlun.

### Starfslið

Á árinu 2009 urðu miklar breytingar á starfsliði bankans. Alls hættu níu starfsmenn störfum eða fóru á eftirlaun en 19 starfsmenn voru ráðnir til starfa. Fjöldi sumarstarfsmanna var svipaður og áður. Fjórir starfsmenn hættu störfum og fóru á eftirlaun: Ágústa Johnsen deildarstjóri á skrifstofu bankastjórnar eftir tæplega 50 ára starf; Hólmfríður Ingibergsdóttir starfsmaður í rekstrardeild eftir 44 ára starf; Erla Árnadóttir aðalbókari eftir rúmlega 12 ára starf; og Guðmundur Björnsson sérfræðingur á endurskoðunarsviði eftir tæplega 9 ára starf. Þórarinn G. Pétursson var ráðinn aðalhaffræðingur bankans og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs. Þórarinn hafði áður gegnt stöðu staðgengils aðalhaffræðings og verið forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar. Rannveig S. Sigurðardóttir forstöðumaður greiningar- og útgáfudeildar á hagfræðisviði var skipuð staðgengill aðalhaffræðings. Ásgeir Daniélfsson var ráðinn forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar í stað Þórarins. Kristín Hannesdóttir var ráðin aðalbókari bankans og framkvæmdastjóri fjárhagssviðs. Sýlvía Kristín Ólafsdóttir forstöðumaður viðbúnaðardeildar á fjármálasviði lét af störfum og í hennar stað var Harpa Jónsdóttir ráðin forstöðumaður deildarinnar. Þá var ný deild sett á fót, gjaldeyriseftirlit, og var Ingibjörg Guðbjartsdóttir ráðin forstöðumaður deildarinnar.

Starfsmönnum á skrifstofu bankastjóra fjölgaði um sex, um tvo á fjárhagssviði og fjármálasviði, og um einn á upplýsingasviði og rekstrarsviði, en fækkaði um tvo á endurskoðunarsviði við það að henni var úthýst.

Á árinu 2009 ákvað bankaráð Seðlabanka Íslands að fela Ríkisendurskoðun að annast innri endurskoðun bankans. Endurskoðunarsvið bankans var þar með lagt niður en þar störfuðu aðalendurskoðandi, Stefán Svavarsson, ráðinn af bankaráði, sem lét af störfum hjá bankanum og einn sérfræðingur sem fór á eftirlaun.

Starfsmenn í árslok 2009 voru 135 að tölu (þá er starfsfólk í ræstingu í hlutastarfi ekki meðtalið), 74 karlar og 61 kona, og er það 11 fleira en í lok árs 2008. Starfsgildi voru 126,6 en 5 starfsmenn eru í hlutastarfi eða í 3,6 starfsgildum, og af 14 starfsmönnum við sameiginlegt mötuneyti, öryggis- og húsvörslu voru 7 vegna hlutdeildar Reiknistofu bankanna.

### Kjarasamningar

Flestir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi samtakanna og Seðlabankans. Í gildi er kjarasamningur sem rennur út í lok árs 2010. Samningurinn felur í sér að 1. janúar 2010 skuli allir launaflokkar og aldursþrep hækka um 14.000 krónur. Laun skulu þó hækka að lágmarki um 2,5%. Þessari launahækkun hefur verið frestað til 1. júní 2010.

### Jafnréttisstefna

Bankastjórn staðfesti jafnréttisáætlun fyrir bankann í fyrsta sinn árið 1996. Á grundvelli hennar hefur jafnréttisnefnd starfað í bankanum frá þeim tíma. Jafnréttisáætlunin hefur verið endurnýjuð reglulega, síðast 2007, og um leið var staðfest jafnréttisstefna.



Frá fundi í bankaráði haustið 2009. Talið frá vinstri eru Jón Þ. Sigurgeirsson, Már Guðmundsson, Ragnar Árnason, Katrín Olga Jóhannesdóttir, Björn Herbert Guðbjörnsson, Lára V. Júlíusdóttir, Ragnar Arnalds, Hildur Traustadóttir, Ingibjörg Ingvadóttir, Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson.



## Stjórn Seðlabanka Íslands og starfsmenn 31. desember 2009

### Bankaráð

#### Aðalmenn

Lára V. Júlíusdóttir, formaður  
Ragnar Arnalds, varaformaður  
Björn Herbert Guðbjörnsson (kosinn 15. desember 2009)  
Hildur Traustadóttir  
Ragnar Árnason  
Katrín Olga Jóhannesdóttir  
Daniel Gros (kosinn 15. október 2009)

#### Varamenn

Margrét Kristmannsdóttir  
Anna Ólafsdóttir Björnsson  
Gunnar Svavarsson (kosinn 15. desember 2009)  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
Birgir Þór Runólfsson  
Ingibjörg Ingvadóttir  
Friðrik Már Baldursson

### Seðlabankastjóri

Már Guðmundsson

### Aðstoðarseðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson

#### Yfirmenn

Alþjóða- og markaðssvið: Sigurður Sturla Pálsson framkvæmdastjóri  
Fjárhagssvið: Kristín Hannesdóttir framkvæmdastjóri  
Fjármálasvið: Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri  
Hagfræðisvið: Þórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur  
Lögfræðingar: Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur  
Rekstrar svið: Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri  
Skrifstofa bankastjóra: Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri  
Upplýsingasvið: Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri  
Gjaldeyriseftirlit: Ingibjörg Guðbjartsdóttir forstöðumaður

## Starfsmenn

### SKRIFSTOFA BANKASTJÓRA

Ellen Hrefna Haraldsdóttir  
Jón Þorvarður Sigurgeirsson  
Lilja Dögg Alfreðsdóttir  
Ragnheiður Jónsdóttir  
Stefán Jóhann Stefánsson  
Þorsteinn Þorgeirsson

### Lögfræðingar

Magnús Ingi Erlingsson  
Sigfús Gauti Þórðarson  
Sigríður Logadóttir

### Gjaldeyriseftirlit

Andri Gunnarsson  
Ingibjörg Guðbjartsdóttir  
Jón Karlsson

### Safnadeild

Anton Holt  
Guðbjörg Þórarinsdóttir  
Magný Gyða Ellertsdóttir  
Sigurborg Ólafsdóttir  
Sigurþór Sigurðsson  
Valborg Stefánsdóttir

### ALÞJÓÐA- OG MARKAÐSSVIÐ

Bergur Barðason  
Björgvin Sighvatsson  
Daníel Svavarsson  
Freyr Hermannsson  
Gerður Ísberg  
Gréta María Grétarsdóttir  
Hafsteinn Hafsteinsson  
Halldór Sveinn Kristinsson  
Hallgrímur Ólafsson  
Haukur Camillus Benediktsson  
Helga Rún Helgadóttir  
Oddgeir Gunnarsson  
Ósvaldur Kjartan Knudsen  
Sigurður G. Thoroddsen  
Sigurður Sturla Pálsson  
Viðar Rúnar Geirsson

### FJÁRHAGSSVIÐ

Alf Houmøller Pedersen  
Anna Sveins Árnadóttir  
Arndís Leifsdóttir  
Árni Þórðarson  
Berglind Ósk Björgvinsdóttir  
Guðrún Elín Herbertsdóttir  
Hafdís Helgadóttir  
Halldóra Konráðsdóttir  
Ísólfrur Sigurðsson  
Jónína Guðbjartsdóttir  
Kristín Hannesdóttir  
Margrét Einarsdóttir

Oddný Lára Eiríksdóttir  
Oddrún Jónasdóttir

### FJÁRMÁLASVIÐ

Bryndís Ásbjarnardóttir  
Elín Kristjana Sighvatsdóttir  
Guðmundur Kristján Tómasson  
Guðrún Ögmundsdóttir  
Harpa Jónsdóttir  
Jan David Tysk  
Jónas Þórðarson  
Páll Kolka Ísberg  
Perla Ösp Ásgeirsdóttir  
Tryggvi Pálsson

### Fjárhirslur

Auður Gísladóttir  
Ingveldur S. Kristjánsdóttir  
Jóhanna Pétursdóttir  
Kolbrún Jóhannsdóttir  
Kristján Guðmundsson  
Sigríður Ketilsdóttir  
Stefán Arnarson

### HAGFRÆDISVIÐ

Ásgeir Daniélsson  
Guðrún Yrsa Richter  
Gunnar Gunnarsson  
Helga Guðmundsdóttir  
Hörður Garðarsson  
Karen Áslaug Vignisdóttir  
Magnús Fjalar Guðmundsson  
Markús Möller  
Martin Seneca  
Ólafur Örn Klemensson  
Rannveig S. Sigurðardóttir  
Regína Bjarnadóttir  
Rósa Björk Sveinsdóttir  
Svava Jóhanna Haraldsdóttir  
Þorvarður Tjörvi Ólafsson  
Þórarinn Gunnar Pétursson

### REKSTRARSVIÐ

Birna Kristín Jónsdóttir  
Eva Benediktsdóttir  
Ingvar Alfreð Sigfússon  
Kristín Gunnarsdóttir  
Þórður Gautason

### Húsvarsla/ræsting

Bogey R. Hreiðarsdóttir  
Guðný Harpa Hallgrímsdóttir  
Hildur Hrönn Hreiðarsdóttir  
Kerítas Ísaksdóttir  
Kristinn Unnarsson  
Marteinn Jóhannesson  
Olga Aðalbjörg Björnsdóttir  
Ólafía Egilsdóttir  
Ragnheiður Elva Rúnarsdóttir  
Rita Sigurðardóttir

Sigurlaug Jósepsdóttir  
Sólveig Kristinsdóttir  
Stefanía Hrönn Guðnadóttir

### Mötuneyti

Bergþóra Óskarsdóttir  
Guðlaug Erla Ingólfssdóttir  
Halla Kristín Björnsdóttir  
Sigríður Laufey Guðmundsdóttir  
Sigurborg Jónsson

### Prentun og umbrot

Sigríður María Jónsdóttir  
Sigurborg Steingrímsdóttir  
Sveinn Auðunn Blöndal

### Ritarar

Hrafnhildur Georgsdóttir  
Klara Jóhannsdóttir  
Þórey Þórarinsdóttir

### Skjalastöð

Eva Sóley Sigurðardóttir  
Guðrún Sigmarsdóttir  
Hilmar Gunnþór Garðarsson  
Sveinbjörg Rut Helgadóttir

### Umsjón bifreiða/orlofshúsa

Garðar Halldórsson  
Karl G. Smith

### Öryggisvarsla

Guðleifur Svanbergsson  
Gunnlaugur Magnússon  
Hannes Ólafsson  
Hólmgeir Helgi Hákonarson  
Jóhann Gunnar Friðjónsson  
Sigurður Sigurðsson  
Sveinbjörn Kristjánsson  
Þorsteinn Þorvaldsson

### UPPLÝSINGASVIÐ

Anna Karen Arnarsdóttir  
Arnar Freyr Guðmundsson  
Bryndís Pétursdóttir  
Einar Örn Ólafsson  
Eva Hjördís Bjarnadóttir  
Fjola Agnarsdóttir  
Guðmundur Harðarson  
Gylfi Vilberg Árnason  
Hrönn Helgadóttir  
Jakob Gunnarsson  
Karl Jóhann Magnússon  
Lárus Jóhannesson  
Lilja Anna Gunnarsdóttir  
Margrét Sigríður Guðjónsdóttir  
Mark Townley  
Pétur Örn Sigurðsson  
Ríkarður Bergstað Ríkarðsson  
Svava Óskarsdóttir  
Tómas Örn Kristinsson  
Tryggvi Eyvindsson  
Örn Jónasson



## SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2009



## Áritun óháðra endurskoðenda

*Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands*

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands og dótturfélaga hans fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu yfirstjórnar Seðlabanka Íslands, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

*Ábyrgð endurskoðenda*

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Seðlabanka Íslands sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands og dótturfélaga hans á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

*Ábending*

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu númer 23 sem lýsir á viðeigandi hátt breytingum á samanburðarfjárhæðum sem tilheyra árinu 2008 vegna verulegra og óvenjulegra viðskipta milli Seðlabanka Íslands og eiganda bankans, ríkissjóðs. Tilgangur þeirra viðskipta var að tryggja Seðlabanka Íslands viðunandi eiginfjárstöðu og hafa stjórnendur aðlagð samanburðarfjárhæðir til að lýsa þeim atburðum með viðeigandi hætti.

Kópavogur, 19. mars 2010

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson  
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson  
endurskoðandi

## Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. mars 2010

### Áritun bankaráðs

*Ragnar Arnalds  
Hildur Traustadóttir  
Katrín Olga Jóhannesdóttir*

*Lára V. Júlíusdóttir  
formaður*

*Björn Herbert Guðbjörnsson  
Ragnar Árnason  
Daniel Gros*

### Áritun seðlabankastjóra

*Már Guðmundsson*

## Staðfesting efnahags- og viðskiptaráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 25. mars 2010

*Gylfi Magnússon*

## Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýringar	2009	2008
<b>Vaxtatekjur</b>			
Af innlendum eignum .....		67.165.053	71.002.316
Af erlendum eignum .....		9.340.025	12.833.835
		<u>76.505.078</u>	<u>83.836.151</u>
<b>Vaxtagjöld</b>			
Af innlendum skuldum .....		50.642.966	55.640.308
Af erlendum skuldum .....		10.633.445	8.484.573
		<u>61.276.411</u>	<u>64.124.881</u>
Hreinar vaxtatekjur	16	15.228.667	19.711.270
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>			
Þjónustutekjur .....		445.089	388.333
Þjónustugjöld .....		(253.789)	(187.747)
Tekjur af hlutafjäreign .....		55.554	93.330
Verðendurmat erlendra verðbréfa og láns .....		3.547.100	3.863.404
Verðendurmat gulls .....		1.668.139	162.560
Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum .....		1.361.499	1.432.571
		<u>6.823.593</u>	<u>5.752.451</u>
Hreinar rekstrartekjur		22.052.260	25.463.721
<b>Önnur rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	12	1.324.140	1.171.122
Annar rekstrarkostnaður .....		872.061	1.692.413
Kostnaður af seðlum og mynt .....		211.494	115.517
Afskriftir fastafjármuna .....	6	94.335	90.520
		<u>2.502.030</u>	<u>3.069.572</u>
Virðisrýrnun veðlánakrafna .....	4, 23	22.073.493	249.903.000
		<u>24.575.523</u>	<u>252.972.572</u>
Tap ársins án framlags og endurheimtu		(2.523.264)	(227.508.851)
Framlag í ríkissjóð .....	11	0	0
Endurheimt frá ríkissjóði .....	23	0	174.903.000
Tap án gengismunar		<u>(2.523.264)</u>	<u>(52.605.851)</u>
Gengismunur .....	17	3.023.442	43.980.457
Hagnaður (tap) ársins .....	14	<u>500.178</u>	<u>(8.625.394)</u>

## Efnahagur 31. desember 2009

## EIGNIR

	Skýringar	2009	2008
<b>Erlendar eignir</b>			
Bankainnstæður .....		241.054.034	207.256.518
Gulleign .....	5	8.663.849	6.652.894
Verðbréf .....	5	231.573.927	211.855.297
Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn .....	7	3.648.662	3.515.293
Erlendar eignir utan gjaldeyrisforða .....	2	190.046	210.651
		<u>485.130.518</u>	<u>429.490.653</u>
<b>Innlendar eignir</b>			
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Lán gegn veði og daglán .....	9	10.949.172	110.334.271
Erlend lán til banka .....		3.076.555	8.475.000
Skiptasamningar .....		8.120.917	14.238.789
Aðrar kröfur .....		6.722.016	0
		<u>28.868.660</u>	<u>133.048.060</u>
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Markaðsskráð verðbréf .....		3.132.781	2.757.323
Lán gegn veði .....		0	13.665.591
Gjaldfallin veðlán og daglán .....	4	328.411.553	231.024.172
Gengisbundin gjaldfallin lán .....	4	162.202.466	102.467.609
		<u>493.746.800</u>	<u>349.914.695</u>
<i>Ríkissjóður</i>			
Verðbréf vegna yfirtöku veðlána .....	4	161.141.869	270.005.388
Erlend verðbréf .....		4.256.573	0
		<u>165.398.442</u>	<u>270.005.388</u>
<i>Aðrir aðilar</i>			
Ýmsir reikningar .....		132.975	117.386
Verðbréf .....		50.514	61.759
		<u>183.489</u>	<u>179.145</u>
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>			
Land, fasteignir, lausafé, söfn .....	6	4.754.354	4.821.724
		<u>692.951.743</u>	<u>757.969.012</u>
<b>Eignir alls .....</b>		<u><u>1.178.082.262</u></u>	<u><u>1.187.459.665</u></u>
<b>Eignir utan efnahags .....</b>	15		



## Efnahagur 31. desember 2009

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýringar	2009	2008
<b>Erlendar skuldir</b>			
Innstæður erlendra aðila .....		36.752.068	58.029.541
Lán frá norrænum seðlabönkum .....	8	14.570.280	76.373.187
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn .....	7	21.970.839	3.058.311
Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum .....	7	130.695.818	104.521.027
<b>Erlendar skuldir</b>		<b>203.989.005</b>	<b>241.982.066</b>
<b>Innlendar skuldir</b>			
Seðlar og mynt .....		28.957.678	24.436.438
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Viðskiptareikningar .....		87.607.042	90.617.889
Innstæðubréf .....		36.359.094	167.600.343
Gjaldeyriseikningar .....		75.485.112	111.771.235
Skiptasamningar .....		9.408.543	16.519.266
		<b>208.859.791</b>	<b>386.508.733</b>
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Viðskiptareikningar .....		35.412.352	4.415.226
Innstæðubréf .....		668.738	9.826.958
Bundnar gjaldeyrisinnstæður .....		153.141.635	0
		<b>189.222.725</b>	<b>14.242.184</b>
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>			
Ríkissjóður, viðskiptareikningar .....	11	166.050.140	168.722.997
Ríkissjóður, bundin innlán .....		6.672.821	16.482.643
Gjaldeyriseikningar .....		49.129.190	2.376.001
Gengisbundið skuldabréf .....		179.997.675	169.404.066
Lán ríkissjóðs vegna forðaaukningar .....		44.537.142	45.365.912
Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar .....		281.500	894.607
		<b>446.668.468</b>	<b>403.246.226</b>
<i>Aðrar skuldir</i>			
Ýmsir aðilar .....		17.157.002	34.318.954
Lífeyrisskuldbindingar .....	10	349.569	347.218
		<b>17.506.571</b>	<b>34.666.172</b>
<b>Innlendar skuldir</b>		<b>891.215.234</b>	<b>863.099.753</b>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....	14	57.501.000	57.501.000
Endurmat fasteigna og lausafjármuna .....	14	4.606.855	4.990.681
Annað eigið fé .....	14	20.770.169	19.886.165
<b>Eigið fé</b>		<b>82.878.024</b>	<b>82.377.846</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b> .....		<b>1.178.082.262</b>	<b>1.187.459.665</b>
<b>Ábyrgðarskuldbindingar</b> .....	15		

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

REKSTRARHREYFINGAR:	2009	2008
Hagnaður (tap) ársins .....	500.178	(8.625.394)
<i>Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:</i>		
Afskriftir fastafjármuna .....	94.335	90.520
Gengismunur eigna og skulda .....	12.193.771	(16.539.609)
Gengismunur af sjóðstöðu .....	(15.217.213)	(27.440.848)
Ýmsar matsbreytingar eigna og skulda .....	(29.402.674)	(3.757.613)
Virðisrýrnun veðlánakrafna .....	22.073.493	249.903.000
Endurheimt frá ríkissjóði .....	0	(174.903.000)
<i>Breyting rekstartengdra eigna og skulda</i> .....	<u>(45.327.513)</u>	<u>(4.647.598)</u>
Fé (til rekstrar) frá rekstri .....	<u>(55.085.622)</u>	<u>14.079.458</u>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:</b>		
Lækkun (hækkun) lána gegn veði og daglán .....	130.457.221	(393.209.629)
Veitt lán til innlendra aðila í erlendum gjaldmiðlum .....	(7.493.275)	(100.178.849)
Keyptir rekstrarfjármunir .....	(24.677)	(37.067)
Seld hlutabréf .....	0	633.921
Keypt verðbréf .....	(4.256.573)	(1.702.110)
Innheimtar afborganir af verðbréfum, o.fl. ....	272.341	197.293
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða .....	(64.428.800)	(59.902.623)
Seld verðbréf í gjaldeyrisforða .....	59.723.019	116.842.323
Fjárfestingarhreyfingar alls .....	<u>114.249.256</u>	<u>(437.356.742)</u>
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:</b>		
Seðlar og mynt í umferð, hækkun .....	4.521.240	8.701.012
Tekið lán hjá IMF .....	39.608.619	115.743.131
Tekin (endurgreidd) lán hjá seðlabönkum Norðurlanda .....	(67.743.880)	67.742.000
Tekin önnur lán (afborgun) .....	(47.437.513)	91.548.418
Innstæðubréf, (lækkun) hækkun .....	(146.313.900)	176.448.336
Bundin innlán, lækkun .....	(9.300.000)	(10.100.000)
Gjaldeyrisinnstæður, hækkun .....	153.544.018	84.124.384
Innstæður innlánsstofnana, hækkun (lækkun) .....	26.947.240	(58.503.653)
Innstæður annarra aðila, hækkun .....	8.787.359	32.930.418
Innstæður ríkissjóðs, (lækkun) hækkun .....	(3.249.644)	75.110.625
Fjármögnunarhreyfingar alls .....	<u>(40.636.460)</u>	<u>583.744.671</u>
<b>BREYTING Á HANDBÆRU FÉ:</b>		
Hækkun á erlendum bankainnstæðum .....	18.527.174	160.467.386
Gengismunur af bankainnstæðum .....	15.217.213	27.440.848
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun .....	207.309.648	19.401.414
Erlendar bankainnstæður í árslok .....	<u>241.054.034</u>	<u>207.309.648</u>

## Skýringar með ársreikningi

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands nr. 1088/2005.
  - Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæða hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.
  - Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi í árslok 2009. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Gengishagnaður/gengistap er fært í rekstrarreikning.
  - Verðtryggðar eignir og skuldir eru skráðar með áföllnum verðbótum í árslok 2009 og er miðað við viðeigandi vísitölugildi í janúar 2010 sem endurspeglar verðlag í lok ársins 2009. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning með vöxtum.
  - Verðbréf í gjaldeyrisforða bankans eru skráð á markaðsverði og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru mismunur á markaðsverði verðbréfa og bókfærðu verði þeirra og er þá yfir- og undirverði á kaupdegi dreift á líftíma verðbréfa miðað við jafna dreifingu sem svipar til virkra vaxta.
  - Tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið hvort sem innheimta hefur farið fram eða ekki. Hið sama á við um gjöld. Þau eru færð þegar til þeirra er stofnað hvort sem þau voru greidd eða ekki. Í rekstrarreikning færast ennfremur matsbreytingar af verðbréfum hvort sem þær eru innleystar eða óinnleystar.
  - Í yfirliti um sjóðstreymi koma fram hreyfingar í hefðbundnum flokkum en skilgreining á sjóðstöðu miðast við erlendar bankainnstæður.
  - Hlutabréf hafa verið skráð við kostnaðarverði enda hafa hlutabréf í eigu bankans ekki verið á markaði.
  - Varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á árinu 2005 miðað við matsverð í lok þess árs. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft

## Reikningsskilaaðferðir

ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisýrnum.

- Gull í gjaldeyrisforða bankans er skráð á markaðsverði í dollurum og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

## Eignarhlutir í félögum

2. Eignarhlutir í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements, BIS) eru skráðir við kostnaðarverði. Í árslok 2009 var fjöldi hluta 1.070 en hver hlutur er 5.000 SDR. Eignarhlutir bankans eru færðir meðal erlendra eigna utan gjaldeyrisforðans. Bókfært verð í árslok 2009 nam 184,5 m.kr. en nafnverð nam 261,8 m.kr. (1,3 m. SDR). Greitt hefur verið fyrir 25% af hverjum 5.000 SDR hlut eða 1.250 SDR fyrir hvern hlut. Bankinn er skuldbundinn til þess að greiða það sem á skortir í fullt framlag eða 75%, verði eftir því kallað. Innra virði eignarhlutar bankans svarar til 5,9 milljarða kr. í árslok 2009.
- Eignarhlutir í Fjölgreiðslumiðlun hf. eru meðtaldir í Aðrir aðilar/ýmsir reikningar og er bókfært verð 1,2 m.kr. sem jafnframt er nafnverð.

## Dótturfélög

	Stað- setning	Eignar- hluti	Nafn- verð, kr.	Megin- starfsemi
Sölvhóll ehf.	Ísland	100%	1.000.000	Rekstrarfélag
Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf.	Ísland	100%	1.000.000	Eignarhaldsfélag

## Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. og Sölvhóll ehf.

4. Fram til ársins 2008 hafði bankinn ekki orðið fyrir tjóni vegna útlánaáhættu. Í framhaldi af því bankahruni sem átti sér stað 2008–2009 er ljóst að bankinn hefur orðið fyrir nokkru tjóni vegna ótryggra veða fyrir lánnum gegn veði sem þó voru metin traust þegar lánin voru veitt. (Með hliðsjón af þessu keypti eigandi bankans, ríkissjóður, í árslok 2008 verðbréf að bókfærðu verði 345 milljarðar kr. og greiddi fyrir með verðtryggðu bréfi til fimm ára að fjárhæð 270 milljarðar kr. Á sama tíma voru 75 milljarðar kr. afskrifaðir.) Í árslok 2009 var ákveðið að Seðlabankinn skyldi kaupa umræddar eignir tilbaka og selja síðan sérstöku dótturfélagi í eigu Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Annað dótturfélag Seðlabankans, Sölvhóll ehf., sem er rekstarfélag, mun hafa það hlutverk að hámarka virði þeirra eigna sem eru í eignarhaldsfélaginu (ESÍ), og koma þeim í verð þegar markaðsaðstæður leyfa með samþykki stjórnar ESÍ. Með þessu skipulagi næst betri aðgreining á þeim rekstri og þeim eignum sem tengjast bankahruninu og síðan hefðbundinni starfsemi Seðlabankans.

### Breytingar á verðbréfi ríkissjóðs greinast þannig (þús.kr.):

	2009	2008
Staða í upphafi árs	270.005.388	0
Kaup á árinu	0	270.005.388
Verðbætur	23.303.301	0
Greiddir vextir	(5.265.887)	0
Áfallnir vextir	7.099.067	0
Greiðsla	(134.000.000)	0
Staða í lok árs	161.141.869	270.005.388

<i>Gjaldfallin veðlán greinast þannig:</i>	2009	2008
Staða í upphafi árs	333.491.781	0
Gjaldfallin veðlán á árinu	117.269.848	678.496.781
Veðlán keypt af ríkissjóði	134.000.000	0
Bókfært verð veðlána seld ríkissjóði	0	(95.102.000)
Virðisrýrnun veðlánakrafna	(22.073.493)	(249.903.000)
Afborganir og gengismunur	(72.074.117)	0
Staða í lok árs	<u>490.614.019</u>	<u>333.491.781</u>

5. Í árslok 2009 voru erlendar eignir bankans 485,1 ma.kr. en námu 429,5 ma.kr. í lok ársins á undan. Meðtalin í þessari stöðu er gulleign bankans sem var 63.785,1 únsur. Gullið er fært við markaðsverði í árslok 2009 en únsan var þá metin á 1087,50 dollara sem samsvarar 135.829 kr. Gulleignin þannig metin nam 8,7 ma.kr. í árslok 2009.

## Erlendar eignir og gulleign

<i>Gulleign greinist þannig:</i>	2009	2008
Staða í upphafi árs	6.652.894	3.305.189
Kaup á árinu	0	9.442
Verðendurmat	1.668.139	150.843
Gengismunur	<u>342.816</u>	<u>3.187.420</u>
Staða í lok árs	<u>8.663.849</u>	<u>6.652.894</u>

- Á árinu var ávöxtun verðbréfa, sem tekur til vaxtatekna og verðbreytinga, og af bankainnstæðum í hverri mynt í gjaldeyrisforða bankans sem hér segir:

	<i>Verðbréf</i>	<i>Bankainnstæður</i>
Bandaríkjadalur	2,34%	0,16%
Evra	5,71%	0,41%
Sterlingspund	4,12%	0,35%

6. Varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á árinu 2005 miðað við matsverð í lok þess árs. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

## Fastafjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2009 greinast þannig (fjárhæðir í þúsund kr.):

	Land	Fasteignir	Lausafé	Söfn	Samtals
<i>Kostnaðar- og matsverð</i>					
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2008	0	90.976	41.746	2.726	135.449
Matsverð í ársbyrjun 2008	24.000	4.575.331	181.945	237.000	5.018.275
<i>Samtals í ársbyrjun 2008</i>	24.000	4.666.307	223.691	239.726	5.153.724
Eignfært á árinu	0	0	34.473	5.399	39.872
Selt (kostnaðarverð)	0	0	(3.905)	0	(3.905)
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2009	0	90.976	72.314	8.126	171.416
Matsverð í ársbyrjun 2009	24.000	4.575.331	181.945	237.000	5.018.275
<i>Samtals í ársbyrjun 2009</i>	24.000	4.666.307	254.259	245.126	5.189.692
Eignfært á árinu	0	0	30.877	0	30.877
Selt (matsverð)	0	0	(8.890)	0	(8.890)
Kostnaðarverð í árslok 2009	0	90.976	103.191	8.126	202.293
Matsverð í árslok 2009	24.000	4.575.331	173.055	237.000	5.009.385
<i>Samtals í árslok 2009</i>	24.000	4.666.307	276.246	245.126	5.211.679
<i>Afskriftir</i>					
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2008	0	787	13.831	0	14.619
Matsverð í ársbyrjun 2008	0	145.548	117.829	0	263.376
<i>Samtals í ársbyrjun 2008</i>	0	146.335	131.660	0	277.995
Afskrift ársins á kostnaðarverði	0	892	16.347	0	17.239
Afskrift ársins á matsverði	0	49.003	24.278	0	73.281
Selt (kostnaðarverð)	0	0	(547)	0	(547)
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2009	0	1.679	29.631	0	31.311
Matsverð í ársbyrjun 2009	0	194.551	142.107	0	336.657
<i>Samtals í ársbyrjun 2009</i>	0	196.230	171.738	0	367.968
Afskrift ársins á kostnaðarverði	0	892	22.592	0	23.484
Afskrift ársins á matsverði	0	49.003	21.848	0	70.851
Selt (matsverð)	0	0	(4.978)	0	(4.978)
Kostnaðarverð í árslok 2009	0	2.572	52.223	0	54.795
Matsverð í árslok 2009	0	243.554	158.976	0	402.530
<i>Samtals í árslok 2009</i>	0	246.126	211.199	0	457.325
<i>Bókfært verð</i>					
Bókfært verð í ársbyrjun 2008	24.000	4.519.972	92.031	239.726	4.875.730
Bókfært verð í ársbyrjun 2009	24.000	4.470.077	82.521	245.126	4.821.724
Bókfært verð í árslok 2010	24.000	4.420.181	65.046	245.126	4.754.354
Afskriftarhlutföll	0%	1-3%	10-33%	0%	
Áætlaður nýtingartími		33-80 ár	3-10 ár		
<i>Fasteignamat og váttryggingarmat eigna félagsins í árslok greinist þannig:</i>					
			<i>Fasteignarmat</i>	<i>Váttryggingarmat</i>	
Fasteignir og lóðir			4.143.935	5.727.769	
Húsbúnaður, tæki og listmunir, eignatryggingar				783.085	

7. Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) nam 117,6 m. SDR í árslok 2009. Kvótinn var greiddur að 1/4 hluta með gullframlagi á sínum tíma en að öðru leyti með krónuframlagi. Gjaldeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 18,6 m. SDR sem er mismunurinn á kvótanum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum, sbr. neðangreinda töflu. Lántaka bankans í formi úthlutunar sjóðsins á SDR nam 112,2 m. SDR. Þá fékk bankinn annan hlutann af láni IMF og nemur hann 105 milljónum SDR.

Eignir	Fjárhæðir í milljónum	
	SDR	ISK
Kvóti Seðlabanka Íslands .....	117,6	23.021,4
Inneign IMF hjá Seðlabanka Íslands .....	(99,0)	(19.373,7)
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans við IMF .....	18,6	3.647,7
Áfallnir vextir af gjaldeyrisstöðu .....	0,0	1,0
Innstæða Seðlabankans hjá IMF .....	92,8	18.160,5
	<u>111,4</u>	<u>21.809,2</u>
<i>Skuldir</i>		
	SDR	ISK
Mótvirði úthlutaðra SDR .....	112,2	21.961,2
Viðskiptareikningur IMF hjá Seðlabanka .....	0,0	0,6
Áfallnir vextir af SDR-úthlutun .....	0,0	8,9
Lántaka frá IMF á árinu .....	665,0	130.180,4
Áfallnir vextir af sama .....	2,6	515,4
	<u>779,9</u>	<u>152.666,6</u>

- Lántaka hjá IMF á árinu, 665 milljónir SDR, er fyrsti og annar hluti af fyrirgreiðslu sjóðsins. Lánið var tekið 19. nóv. 2008 og barst annar hluti 30. okt. 2009 og meðalvextir á árinu eru um 2,37% en þá hefur ekki verið tekið tillit til lántökukostnaðar sem nam alls 3,1 milljón SDR. Samkvæmt samkomulagi við sjóðinn munu eftirstöðvar á fyrirgreiðslu hans greiðast í sjö jöfnum áföngum og nemur hver greiðsla 105 m. SDR, samtals 735 m. SDR. Lánið, samtals 1,4 ma. SDR, er til endurgreiðslu á fjórum árum frá og með árinu 2012.
8. Seðlabankinn var með skiptasamninga við seðlabanka Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs. Samkomulag var um að veita alls 500 milljónir evra frá hverjum bankanna, samtals 1.500 milljónir evra. Lánin voru til eins mánaðar í senn og báru 3% vexti. Í nóvember 2009 greiddi bankinn upp útistandandi skiptasamninga sem voru þá 100 milljónir evra frá hverjum banka. Í árslok voru því engir útistandandi skiptasamningar við Norrænu seðlabankana.
- 21. desember sl. var fyrsti hluti láns frá Norðurlöndunum greiddur til Íslands í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Um var að ræða 300 milljóna evra lán frá Norðurlöndum. Lánið frá Seðlabanka Noregs er skráð á reikninga Seðlabankans, alls 81 milljón evra eða um 14,5 milljarðar króna, en lán frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi eru skráð á reikninga ríkissjóðs. Ísland hefur heimild til að nýta 444 milljónir evra fram að annari endurskoðun efnahagsáætlunarinnar.

## Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

### Erlendar skuldir

## Staða gagnvart fjármálastofnunum

- Ekki var talin þörf á frekari notkun á lánsheimildinni að sinni og flytjast því 144 milljónir evra til næsta tímabils sem hefst að lokinni annarri endurskoðun. Andvirði lánsins verður ávaxtað sem hluti af gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands.

9. Lánastofnanir sem eru þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans leggja fram tryggingar vegna greiðslna í kerfinu. Þær eru í formi verðbréfa. Fjárhæð trygginga svarar til heimilda lánastofnana til skuldsetningar innan dags í stórgreiðslukerfinu.

- Í lok ársins 2009 námu tryggingar í stórgreiðslukerfi í verðbréfum 18,25 ma.kr. að markaðsvirði.
- Lánastofnanir leggja fram tryggingar til vörslu í Seðlabanka Íslands vegna lána þeirra gegn veði í samræmi við reglugerð nr. 997/2004.

## Lífeyrisskuldbindingar

10. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna fyrrverandi bankastjóra, maka þeirra og forstjóra Þjóðhagsstofnunar, en bankinn bar helm-ing af rekstrarkostnaði hennar, samtals 349,6 m.kr. í árslok 2009. Greiðslur vegna þessara kjara námu alls 49,9 m.kr. á árinu 2009 og færast til lækkunar á áður færðri skuldbindingu. Hækkun skuldbindingar bankans, að teknu tilliti til greiðslna, nam um 52,2 m.kr. á árinu 2009 og er hún gjaldfærð.

### Breytingar skuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:

	2009	2008
Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs .....	347.218	320.719
Greitt vegna eftirlauna .....	(49.878)	(45.284)
Aukning á árinu .....	52.229	71.783
Lífeyrisskuldbinding í lok árs .....	349.569	347.218

## Ríkissjóður

11. Framlag til ríkissjóðs, skv. 34. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands reiknast sem 2/3 hlutar hagnaðar án reiknaðs gengismunar ef eigið fé (án endurmatsreiknings) er hærra en 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok ársins, annars greiðist 1/3 hluti hagnaðarins í ríkissjóð. Eigið fé bankans í árslok 2009 var undir þessum mörkum og því hefði borð að miða við greiðslu 1/3 hlutar af hagnaði í ríkissjóð en framlag verður ekkert þar sem taprekstur var á árinu 2009 án reiknaðs gengismunar.

- Bankinn tók langtímalán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans undir lok ársins 2006. Ríkissjóður seldi skuldbréf á erlendum mörkuðum og endurlánaði bankanum andvirði lánsins sem er 1 milljarður evra. Nafnvextir af láninu eru 3,75% en bréfin seldust miðað við 3,88%. Gjalddagi lánsins er 1. des. 2011 en vextir greiðast árlega 1. des.
- Ennfremur tók bankinn lán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans á seinni hluta ársins 2008. Ríkissjóður tók lán samkvæmt samningi við Bayerische Landesbank að fjárhæð 300 milljónir evra. Lánið var tekið í lok september og vextir greiðast í lok mars og september fram að gjalddaga lánsins sem er í lok



september 2011 og greiðist þá í einu lagi. Lánið gagnvart Seðlabankanum er í íslenskum krónum og nemur 43,5 milljörðum kr. Lánið ber sömu vexti og reiknast af viðskiptareikningum innlánsstofnana, nú 9,5%. Lántökukostnaður var borinn af ríkissjóði. Bókfært verð skuldarinnar með áföllnum vöxtum nam 44,6 milljörðum kr. í árslok 2009.

- Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana hjá bankanum námu um 447 milljörðum króna í árslok 2009 samanborið við 403 milljarða króna og hafa því hækkað um 44 milljarða kr. Tekin voru ný erlend lán að fjárhæð 40,2 ma.kr. frá Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð til að styrkja gjaldeyrisforða. Greitt var upp bundið innlán að fjárhæð 9,3 ma.kr. Aðrar breytingar skýrast að mestu leyti af gengisbreytingum og matsbreytingum.
12. Á árinu 2009 námu heildarlaun bankastjórnar og bankaráðs 95,1 m.kr. Bankastjórar fá ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði standa sameiginlega að, eða sem Seðlabanki Íslands tilnefnir fulltrúa í skv. lögum.

## Launamál

Heildarlaunakostnaður greinist þannig í þús. kr.:

	2009	2008
Laun .....	1.048.976	915.850
Launatengd gjöld .....	222.935	183.490
Framlag til lífeyrisskuldbindinga.....	52.229	71.782
	<u>1.324.140</u>	<u>1.171.122</u>
Meðalfjöldi starfa .....	127	116

13. Heildargreiðslur til bankastjórnar og bankaráðs í m.kr.:

	2009	2008
<b>Bankastjórar</b>		
Davíð Oddsson.....	16,1	25,3
Eiríkur Guðnason.....	23,5	19,8
Ingimundur Friðriksson .....	18,7	19,7
Svein Harald Øygaard.....	15,5	
Már Guðmundsson .....	7,4	
<b>Bankaráð</b>		
Halldór Blöndal.....	0,7	3,4
Lára V. Júlíusdóttir.....	2,4	
Aðrir bankaráðsmenn og varamenn (19), (12)	10,8	11,5
	<u>95,1</u>	<u>79,7</u>

## Sundurliðun á eigin fé og þróun á afkomu bankans

14. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í m.kr.):

Eigið fé	2009	2008	2007	2006	2005
Eigið fé í ársbyrjun (án endurmats)	77.386	86.012	43.236	31.379	34.198
Eiginfjárframlag	0	0	44.000	0	0
Hagnaður (tap) án framl. og gengism.	(2.523)	227.509	7.013	48	(186)
Endurheimt veðlán frá ríkissjóði	0	174.903	0	0	0
Framlag í ríkissjóð	0	43.980	(2.338)	(16)	0
Gengismunur ársins	3.023	43.980	(5.899)	11.825	(2.633)
Eigið fé í árslok (án endurmats)	77.886	77.386	86.012	43.236	31.379
Endurmat eigna	4.607	4.991	4.991	4.991	4.991
Afskriftir endurmats	39				
Eigið fé í árslok	<u>82.878</u>	<u>82.378</u>	<u>91.003</u>	<u>48.227</u>	<u>36.370</u>
<i>Stöðutölur/hlutföll í lok árs, ma.kr.</i>					
Heildareignir bankans	1.178,1	1.187,4	476,8	321,8	162,3
Eigið fé (án endurmats eigna)	77,9	77,4	86,0	43,2	31,4
Eigið fé/heildareignir bankans	6,6%	6,5%	18,0%	13,4%	19,3%

## Ábyrgðarskuldbindingar og eignir utan efnahags

15. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða áskrift að hlutafé til Alþjóðagreiðslubankans verði eftir því kallað. Þegar hafa verið greidd 25% af áskrift en 75% hluti getur komið til greiðslu og nemur hann 785 m.kr.

Aðild Seðlabanka Íslands að Reiknistofu bankanna er ekki eignfærð í ársreikningi. Að formi til er um að ræða sameiginlegan rekstur á vegum allra banka og sparisjóða landsins samkvæmt samningi þar um. Í samstarfssamningi kemur fram að Seðlabanki Íslands hafi lagt til fimmtung stofnframlags Reiknistofu bankanna. Bókfært eigið fé Reiknistofu bankanna var 1,5 ma.kr. í árslok 2009.

Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2009 umsamin aðgang að lána-fyrirgreiðslu erlendra fjármálastofnana að upphæð 700 m. doll-arar, sem svarar til 90 ma.kr. Bankinn hafði ekki nýtt sér þennan ádrátt í árslok 2009.

## Hreinar vaxtatekjur

16. Hreinar vaxtatekjur námu 15,2 ma.kr. á árinu 2009 samanborið við 19,7 ma.kr. árið á undan. Skýringin á breytingunni liggur aðallega í lækkun á hreinum vaxtatekjum af gjaldeyrisforðanum.

	2009	2008
<i>Hreinar vaxtatekjur af peningastefnuliðum:</i>		
Af lánum gegn veði.....	67.165.053	71.002.316
Af bindiskyldum innstæðum innlánsstofnana	(3.403.223)	(5.998.252)
Af innstæðubréfum.....	(11.491.599)	(13.992.949)
	<u>52.270.231</u>	<u>51.011.115</u>
<i>Hreinar vaxtatekjur af gjaldeyrisforðanum:</i>		
Af erlendum bankainnstæðum.....	542.019	1.650.294
Af erlendum verðbréfum.....	8.642.722	9.925.373
Af erlendu fjármögnunarláni forðans.....	(9.568.862)	(6.856.944)
	<u>(384.122)</u>	<u>4.718.723</u>

Aðrar vaxtatekjur (vaxtagjöld):		
Af innstæðum ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
Bundin innstæða.....	(6.376.549)	(3.263.727)
Viðskiptareikningar.....	(20.276.486)	(21.487.274)
	(26.653.035)	(24.751.001)
Af öðrum eignum.....	58.468	1.258.167
Af öðrum innstæðum innlánsstofnana.....	(9.027.227)	(9.056.194)
Af erlendum lánum og gjaldeyrisinnstæðum .	(1.035.648)	(3.469.540)
	(36.657.442)	(36.018.568)
Hreinar vaxtatekjur	<u>15.228.667</u>	<u>19.711.270</u>

17. Gengishagnaður ársins 2009 nam 3,0 ma.kr. en árið á undan nam gengishagnaður 43,9 ma.kr. Gengisendurmatið er reiknað af eftirfarandi efnahagsliðum (tölur í þús.kr.):

	2009	2008
Gull.....	342.816	3.187.420
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).....	12.371	11.786.879
Erlendar bankainnstæður.....	15.217.213	27.440.849
Erlend verðbréf.....	11.478.886	124.975.203
Erlendar skammtímaskuldir.....	(14.210.481)	(9.846.996)
Erlend lán, gjaldeyrisreikningar.....	(9.817.364)	(113.562.898)
Gengismunur alls	<u>3.023.442</u>	<u>43.980.457</u>

18. Seðlabanki Íslands er opinber stofnun sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum laga sem einkum lúta að peningamálastjórnun með vaxtaákvörðunum sínum og ávöxtun gjaldeyrisvarasjóðs landsmanna. Áhætta í rekstri hans er því nokkuð af annarri gerð en í rekstri annarra fjármálastofnana þó að sömu heiti séu notuð. Þær áhættur sem bankinn er einkum seldur undir eru vaxtaáhætta, gjaldeyrisáhætta, útlánaáhætta og lausafjáraáhætta. Hér á eftir fylgir umsögn um þessar áhættur. Að auki býr bankinn við rekstraráhættu en það er áhættan af því að mannleg mistök eigi sér stað eða innri verkferlar og kerfi bregðist. Rekstraráhættu er stjórnað af starfsmönnum bankans á daglegum grunni en kappkostað er að innleiða eftirlit og verkferla sem lágmarka áhættuna af mistökum og öðrum villum.

19. Vaxtaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna breytinga á vaxtakjörum. Stefna bankans í fjárfestingu í erlendum verðbréfum miðast einkum við að bréfin séu seljanleg og fé er aðeins fest í traustum aðilum. Ávöxtunin er þó einnig höfð til hliðsjónar við fjárfestingu. Bankinn hefur fram til þessa ekki verið með virka stýringu á forðanum heldur eru bréf yfirleitt innheimt á gjalddaga. Vel er þó fylgst með verðmati eignanna og þær seldar sé minnsta hætta talin vera á innheimtufalli. Bankinn notar ekki afleiður til þess að stjórna vaxtaáhættunni af erlendri fjárfestingu í verðbréfum, bankainnstæðum eða erlendum skuldum og hið sama gildir um innlendar eignir og skuldir. Ávöxtun af innlendum eignum í formi lána gegn veðum ræðst af stýrivöxtum á hverjum tíma og eru vextir af inn-

## Gengisendurmat

## Áhættustýring

## Vaxtaáhætta

stæðum viðskiptabankanna og ríkissjóðs ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum. Heildarvaxtamunur bankans ræðst af tvennu: Annars vegar af mun í vöxtum af eignum og skuldum og hins vegar af stofnstærð eigna og skulda að meðaltali á árinu. Eignir og skuldir bankans greinast þannig eftir meðalvaxtakjörum á árinu 2009:

*Greining vaxta eftir eignum og skuldum*

Tölur í milljörðum kr.

<i>Eignir</i>	<i>Árslok 2009</i>	<i>Árslok 2008</i>	<i>Meðal- staða</i>	<i>Bókf. vextir 2009</i>	<i>Reikn. meðal- vextir</i>
Bankainnstæður.....	241,1	207,3	215,1	0,74	0,3%
Gulleign.....	8,7	6,6	7,6	0,00	0,0%
Verðbréf.....	231,6	211,9	221,7	8,65	3,9%
Gjaldeyrisstaða við IMF.....	3,6	3,5	12,7	0,02	0,1%
Eignir utan forða.....	0,2	0,2	0,2	0,00	0,0%
Lán gegn veði og daglán.....	10,9	226,5	118,7	1,20	1,0%
Markaðsskráð verðbréf.....	3,1	2,8	3,0	0,69	23,4%
Önnur verðbréf og eignir.....	22,3	14,4	18,4	4,38	23,9%
Ríkissjóður v/uppgjörs veðlána.....	161,1	270,0	216,6	33,70	15,6%
Gjaldfallin lán.....	490,6	239,5	365,0	27,12	7,4%
	<u>1.173,3</u>	<u>1.182,6</u>	<u>1.178,0</u>	<u>76,51</u>	<u>6,5%</u>
Aðrar eignir	4,8	4,8	4,8		
	<u>1.178,1</u>	<u>1.187,4</u>	<u>1.182,7</u>		
<i>Skuldir</i>					
Innstæður erl. aðila.....	36,8	134,4	85,6	0,00	0,0%
Lán frá IMF og úthlutuð dráttarréttindi.....	152,7	107,6	130,1	2,92	2,2%
Seðlar og mynt.....	29,0	24,4	26,7	0,00	0,0%
Viðskiptareikn. innlánsst. og annarra fjármálast.....	123,0	95,0	109,0	12,43	11,4%
Innlánsstofnanir, gjald- eyrisreikningar.....	75,5	111,8	93,6	0,00	0,0%
Bundnar gjaldeyris- innstæður.....	153,1	0,0	76,6	0,07	0,1%
Innstæðubréf.....	37,0	177,4	107,2	10,36	9,7%
Viðskiptareikn. ríkissjóðs.....	166,3	169,6	168,0	20,28	12,1%
Erlendar langtímaskuldir.....	14,6	0,0	7,3	0,00	0,0%
Ríkissjóður, bundin innlán.....	6,7	16,5	11,6	1,13	9,8%
Ríkissjóður, gjaldeyris.....	49,1	2,4	25,8	0,07	0,3%
Ríkissjóður, erlend lán.....	224,5	214,8	219,7	13,00	5,9%
Lífeyriskuldbindingar.....	0,3	0,3	0,3	0,00	0,0%
Aðrar skuldir.....	26,6	50,8	38,7	1,02	2,6%
	<u>1.095,3</u>	<u>1.105,0</u>	<u>1.100,1</u>	<u>61,28</u>	<u>5,6%</u>
Eigið fé.....	82,9	82,4	82,6		
	<u>1.178,1</u>	<u>1.187,4</u>	<u>1.182,8</u>		

Það athugist að í ofangreindri töflu er meðaltalsinnstæða fyrir erlendar gjaldeyrisinnstæður ríkissjóðs eins og hún er reiknuð ekki í samræmi við raunverulega meðalstöðu.

### Gjaldeyrisáhætta

20. Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að verða fyrir tjóni vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Bankinn hefur fram til þessa ekki notað afleiður til að stýra gjaldeyrisáhættu. Samsetning gjaldeyrisforðans tekur mið af hlutföllum í viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd og þar vegur evran þyngst. Eignir og skuldir bankans sem háðar eru gjaldeyrisáhættu greinast þannig í árslok 2009 (allar tölur í milljónum króna):

## Greining gjaldmiðla í fjáreignum og skuldum 2008

Eignir:	Evra	Dollar	Pund	Sérstök		Nor. Aðrir	gjaldm.	Samtals	
				dr.rétt.	Japanskt yen				
Bankainnst.	71.112	89.083	26.224		3.934	14.255	2.649	207.257	
Gulleign		6.652						6.652	
Verðbréf	178.012	24.789	9.054					211.855	
Gjaldeyrisst.									
IMF				3.515				3.515	
Lán til lána- st. o.fl.	118.294		2.975		2.939		1.186	125.394	
Gjaldfallin lán	101.209							101.209	
	<u>468.627</u>	<u>120.524</u>	<u>38.253</u>	<u>3.515</u>	<u>6.873</u>	<u>14.255</u>	<u>3.835</u>	<u>655.882</u>	
<b>Skuldir:</b>									
Innst. erl. aðila	124.232	5.686	4.405				69	11	134.403
Lán frá IMF				107.579					107.579
Gjaldeyrisr.	44.788	28.748	21.380			14.169	5.062		114.147
Skuld v/ forðaaukn.	169.404								169.404
	<u>338.424</u>	<u>34.434</u>	<u>25.785</u>	<u>107.579</u>	<u>0</u>	<u>14.238</u>	<u>5.073</u>		<u>525.533</u>
Mismunur	<u>130.203</u>	<u>86.090</u>	<u>12.468</u>	<u>(104.064)</u>	<u>6.873</u>	<u>17</u>	<u>(1.238)</u>		<u>130.349</u>
Eigið fé bankans í árslok									<u>82.377</u>

## Greining gjaldmiðla í fjáreignum og skuldum 2009

Eignir:	Evra	Dollar	Pund	Sérstök		Nor. Aðrir	gjaldm.	Samtals	
				dr.rétt.	Japanskt yen				
Bankainnst.	78.663	49.124	37.763	18.160	512	54.826	2.006	241.054	
Gulleign		8.664						8.664	
Verðbréf	194.488	28.091	8.994					231.574	
Gjaldeyrisst.									
IMF				3.649				3.649	
Lán til lána- st. o.fl.	169.261	526	3.911		3.005	631	512	177.846	
	<u>442.412</u>	<u>86.405</u>	<u>50.668</u>	<u>21.809</u>	<u>3.517</u>	<u>55.457</u>	<u>2.518</u>	<u>662.787</u>	
<b>Skuldir:</b>									
Innst. erl. aðila	2.034					34.717			36.751
Lán frá IMF				152.667					152.667
Gjaldeyrisr.	145.982	39.684	36.190		719	53.149	2.033		277.757
Skuld v/ forðaaukn.	194.568								194.568
	<u>342.584</u>	<u>39.684</u>	<u>36.190</u>	<u>152.667</u>	<u>719</u>	<u>87.866</u>	<u>2.033</u>		<u>661.743</u>
Mismunur	<u>99.829</u>	<u>46.721</u>	<u>14.478</u>	<u>(130.858)</u>	<u>2.798</u>	<u>(32.409)</u>	<u>485</u>		<u>1.044</u>
Eigið fé bankans í árslok									<u>82.878</u>

21. Útlánaáhætta er sú áhætta að kröfur í eignasafni bankans tapist þar sem fjárhagsstaða skuldara hefur versnað og þeir geta ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart bankanum. Fram til ársins 2008 hafði bankinn ekki orðið fyrir tjóni vegna þessa. Í framhaldi af því bankahruni sem átti sér stað 2008-2009 er ljóst að bank-

## Útlánaáhætta

inn hefur orðið fyrir nokkru tjóni vegna ótryggra veða fyrir lánunum gegn veði sem þó voru metin traust þegar lánin voru veitt.

*Útlánaáhætta eigna í forða eftir lánshæfiseinkunn:  
(Tölur í milljónum kr.)*

	<i>Einkunn</i>	<i>Árslok 2008</i>	<i>Hlutfall</i>
Erlendar bankainnstæður .....	AAA	207.257	48,3%
Erlend verðbréf, pund .....	AAA	8.148	1,9%
Erlend verðbréf, pund .....	AA	905	0,2%
Erlend verðbréf, dollarar .....	AAA	22.310	5,2%
Erlend verðbréf, dollarar .....	AA	2.479	0,6%
Erlend verðbréf, evrur .....	AAA	122.829	28,6%
Erlend verðbréf, evrur .....	AA	46.283	10,8%
Erlend verðbréf, evrur .....	A	8.901	2,1%
Aðrar eignir í forða .....	AAA	10.167	2,4%
Erlendar eignir utan forða .....		211	0,0%
Fjáreignir í forða alls		<u>429.490</u>	<u>100,0%</u>

*Útlánaáhætta eigna í forða eftir lánshæfiseinkunn:  
(Tölur í milljónum kr.)*

	<i>Einkunn</i>	<i>Árslok 2009</i>	<i>Hlutfall</i>
Erlendar bankainnstæður .....	AAA	241.054	45,95%
Erlend verðbréf, pund .....	AAA	9.365	1,93%
Erlend verðbréf, dollarar .....	AAA	21.152	4,36%
Erlend verðbréf, evrur .....	AAA	132.362	27,28%
Erlend verðbréf, evrur .....	AA	50.816	10,47%
Erlend verðbréf, evrur .....	A	7.812	1,61%
Aðrar eignir í forða .....	AAA	12.314	6,28%
Erlendar eignir utan forða .....		190	0,04%
Erlend verðbréf, evrur án lánshæfiseinkunnar .....		10.067	2,08%
Fjáreignir í forða alls		<u>485.131</u>	<u>100,0%</u>

### Lausafjánhætta

22. Lausafjánhætta er sú áhætta að geta ekki staðið við greiðsluskuldbindingar til skamms tíma. Þessi áhætta tekur einnig til þeirrar áhættu að selja verði fjáreignir á lægra verði en svarar til gangvirðis þeirra. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig eignir og skuldir greinast eftir gjaldkræfni. Í fremsta dálki koma fram eignir og skuldir sem eru án gjalddaga eða eru ætlaðar til varanlegra afnota. Í töflunni kemur fram mismunur miðað við erlenda og innlenda gjalddagastöðu. Tölur í milljónum króna.

## Greining eftirstöðva í fjáreignum og skuldum 2008

	Gjaldfallið	Enginn ákv. gjaldldagi	Innan 3 mánaða	3 til 12 mánaða	1 til 5 ára	Yfir 5 ár	Samtals
<i>Erlendar eignir</i>							
Bankainnstæður .....			207.257				207.257
Gulleign .....		18	6.634				6.652
Verðbréf .....			211.855				211.855
Gjaldeyrisstaða við IMF .....		3.458	57				3.515
Eignir utan forða .....		184			27		211
Lán til lánast., o.fl. ....			116.707	8.475			125.182
Gjaldfallin lán .....	101.209						101.209
	<u>101.209</u>	<u>3.660</u>	<u>542.510</u>	<u>8.475</u>	<u>27</u>	<u>0</u>	<u>554.672</u>
<i>Erlendar skuldir</i>							
Skammtímalán og innst. ....			248.549				248.549
Lán hjá IMF .....		3.058			104.521		107.579
Lán til aukn. forða .....					169.404		169.404
		<u>3.058</u>	<u>248.549</u>	<u>0</u>	<u>273.925</u>	<u>0</u>	<u>525.532</u>
Mism. í erl. gjalldagastöðu	101.209	602	293.961	8.475	(273.898)	0	29.140
<i>Innlendar eignir</i>							
Lán gegn veði .....			124.001				124.001
Gjaldfallin veðlán .....	231.024						231.024
Markaðsskr. verðbréf .....				35	160	2.562	2.757
Ýmsir aðilar .....			117	14	48		179
Ríkissjóður, verðbréf .....					270.005		270.005
Fasteignir og lausafé .....		4.822					4.822
	<u>231.024</u>	<u>4.822</u>	<u>355.142</u>	<u>49</u>	<u>270.213</u>	<u>2.562</u>	<u>632.788</u>
<i>Innlendar skuldir</i>							
Seðlar og mynt .....		24.437					24.437
Viðskiptareikningar .....			111.553				111.553
Innstæðubréf .....				177.427			177.427
Ríkissjóður, viðsk.reikn. ....			168.723				168.723
Ríkissj., bundin innlán .....				16.483	45.366		61.849
Ríkisst., viðsk.reikningar .....			895				895
Ýmsir aðilar .....			34.319				34.319
Lífeyrisskuldbindingar .....				45	180	122	347
Eigið fé .....		82.378					82.378
	<u>0</u>	<u>106.815</u>	<u>315.490</u>	<u>193.955</u>	<u>45.546</u>	<u>122</u>	<u>661.928</u>
Mism. í innl. gjalldagastöðu	0	(101.993)	39.652	(193.906)	224.667	2.440	(29.140)
Mism. í erl. gjalldagastöðu	101.209	602	293.961	8.475	(273.898)	0	29.140
Heildarstaða	<u>101.209</u>	<u>(101.391)</u>	<u>333.613</u>	<u>(185.431)</u>	<u>(49.231)</u>	<u>2.440</u>	<u>0</u>

## Greining eftirstöðva í fjáreignum og skuldum 2009

	Gjaldfallið	Enginn ákv. gjaldtagi	Innan 3 mánaða	3 til 12 mánaða	1 til 5 ára	Yfir 5 ár	Samtals
<i>Erlendar eignir</i>							
Bankainnstæður .....		148.782	92.273				241.055
Gulleign .....		23	8.641				8.664
Verðbréf .....			235.831				235.831
Gjaldeyrisstaða við IMF .....		3.649					3.649
Eignir utan forða .....		184			6		190
Lán til lánast., o.fl. ....			3.077	8.121			11.197
Gjaldfallin lán .....	162.202						162.202
	<u>162.202</u>	<u>152.639</u>	<u>335.564</u>	<u>8.121</u>	<u>6</u>	<u>0</u>	<u>662.787</u>
<i>Erlendar skuldir</i>							
Skammtímalán og innst. ....			314.508				314.508
Lán hjá IMF .....		21.971			130.697		152.667
Lán til aukn. forða .....					179.998	14.570	194.568
		<u>21.971</u>	<u>314.508</u>	<u>0</u>	<u>310.694</u>	<u>14.570</u>	<u>661.743</u>
Mism. í erl. gjalddagastöðu ..	162.202	130.668	21.056	8.121	(310.688)	(14.570)	1.044
<i>Innlendar eignir</i>							
Lán gegn veði .....			10.949				10.949
Gjaldfallin veðlán .....	328.412						328.412
Markaðsskr. verðbréf .....				0	186	2.946	3.133
Ýmsir aðilar .....		6.722	183				6.906
Ríkissjóður, verðbréf .....					161.142		161.142
Fasteignir og lausafé .....		4.754					4.754
	<u>328.412</u>	<u>4.754</u>	<u>17.671</u>	<u>183</u>	<u>161.328</u>	<u>2.946</u>	<u>515.295</u>
<i>Innlendar skuldir</i>							
Seðlar og mynt .....		28.958					28.958
Viðskiptareikningar .....			123.019				123.019
Innstæðubríf .....			37.028				37.028
Ríkissjóður, viðsk.reikn. ....			166.050				166.050
Ríkissj., bundin innlán .....				6.673	44.537		51.210
Ríkisst., viðsk.reikningar .....			282				282
Ýmsir aðilar .....			17				17
Lífeyrisskuldbindingar .....				50	200	100	350
Eigið fé .....		82.878					82.878
	<u>0</u>	<u>111.836</u>	<u>326.396</u>	<u>6.723</u>	<u>44.737</u>	<u>100</u>	<u>489.791</u>
Mism. í innl. gjalddagastöðu	328.412	(107.081)	(308.725)	(6.539)	116.591	2.847	25.504
Mism. í erl. gjalddagastöðu	162.202	130.668	21.056	8.121	(310.688)	(14.570)	1.044
Heildarstaða	<u>490.614</u>	<u>23.587</u>	<u>(287.669)</u>	<u>1.582</u>	<u>(194.097)</u>	<u>(11.723)</u>	<u>26.548</u>

## Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

Afborganir 2011 .....	224.585
Afborganir 2012 .....	32.724
Afborganir 2013 .....	32.724
Afborganir 2014 .....	34.805
Afborganir síðar .....	45.213
Heildar langtímaskuldir .....	<u>370.051</u>



23. Í framhaldi af þeim lausafjárþrengingum sem viðskiptabankarnir og bankakerfið almennt urðu fyrir á árinu 2008 var ljóst að bankinn hefði orðið fyrir nokkru tjóni vegna ótryggra veða fyrir lánunum gegn veði sem þó voru metin traust þegar lánin voru veitt. Með hliðsjón af þessu gerðu Seðlabanki Íslands og ríkissjóður með sér samkomulag um yfirtöku ríkissjóðs á hluta veðlána og daglána Seðlabanka Íslands. Tilgangur samkomulagins var að tryggja Seðlabanka Íslands viðunandi eiginfjárstöðu í kjölfar fjármálakreppu sem reið yfir á haustmánuðum 2008. Samkvæmt samkomulaginu keypti ríkissjóður, eigandi bankans, verðbréf að bókfærðu verði 345 milljarðar kr. og greiddi fyrir með verðtryggðu bréfi til fimm ára að fjárhæð 270 milljarðar kr. Af heildarfjárhæðinni voru trygg veð metin 51 milljarður króna en afgangurinn ekki eins traustur og með hliðsjón af því var mismunurinn, 75 milljarðar kr., afskrifaður í ársreikningi Seðlabanka Íslands árið 2008. Við mat á kröfunum ákvað hins vegar eigandinn, ríkissjóður, út frá áhættu að afskrifa strax eftir kaupin kröfurnar um 174,9 milljarða kr. Hinn 11. febrúar 2010 var gerður viðauki við samkomulagið þar sem aðilar voru sammála um að kröfurnar yrðu framseldar Seðlabanka Íslands á ný á niðurfærðu verði, miðað við 31. desember 2009.

### Breyting á samanburðarfjárhæðum frá árinu 2008

Breyttar samanburðarfjárhæðir samanborið við ársreikning 2008:

	Breyttar samanb.- fjárhæðir	Ársreikn. 2008
<i>Önnur rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld .....	1.171.122	1.171.122
Annar rekstrarkostnaður .....	1.692.413	1.692.413
Kostnaður af seðlum og mynt .....	115.517	115.517
Afskriftir fastafjármuna .....	90.520	90.520
	<u>3.069.572</u>	<u>3.069.572</u>
Virðisrýrnun veðlánakrafna .....	249.903.000	75.000.000
	<u>252.972.572</u>	<u>78.069.572</u>
Tap ársins án framlags og endurheimtu	(227.508.851)	(52.605.851)
Endurheimt frá ríkissjóði .....	174.903.000	0
	<u>(52.605.851)</u>	<u>(52.605.851)</u>
Tap án gengismunar	(52.605.851)	(52.605.851)
Gengismunur .....	43.980.457	43.980.457
Hagnaður (tap) ársins	<u>(8.625.394)</u>	<u>(8.625.394)</u>



VIÐAUKAR



## Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2009

Nr.	1	6. janúar 2009	Gengisvísitölur
-	2	6. janúar 2009	Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands
-	3	28. janúar 2009	Rangar fullyrðingar í Fréttablaðinu um gjaldeyrisforða
-	4	29. janúar 2009	Stýrivextir óbreyttir
-	5	27. febrúar 2009	Lög nr. 5/2009 um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, Nýr bankastjóri og aðstoðarbankastjóri
-	6	2. mars 2009	Gjaldeyrihöft ekki afnumin að sinni
-	7	3. mars 2009	Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2008
-	8	3. mars 2009	Peningastefnunefnd
-	9	4. mars 2009	Innstæðubríf til 3 mánaða gefið út 25. mars nk.
-	10	19. mars 2009	Stýrivextir lækkaðir
-	11	19. mars 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Tímabært að draga gætilega úr peningalegu aðhaldi
-	12	8. apríl 2009	Stýrivextir lækkaðir
-	13	8. apríl 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Áfram dregið varlega úr peningalegu aðhaldi
-	14	7. maí 2009	Stýrivextir lækkaðir
-	15	7. maí 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Áfram dregið úr peningalegu aðhaldi
-	16	4. júní 2009	Stýrivextir lækkaðir
-	17	4. júní 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Áfram dregið úr peningalegu aðhaldi að því gefnu að gengisþróun verði hagfelld
-	18	4. júní 2009	Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2009
-	19	30. júní 2009	Nýjar reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands
-	20	1. júlí 2009	Sameiginleg fréttatilkynning un norræn lán til Íslands
-	21	2. júlí 2009	Stýrivextir óbreyttir
-	22	2. júlí 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Sterkari króna forsenda áframhaldandi slökunar peningalegs aðhalds
-	23	15. júlí 2009	Skrifleg umsögn Seðlabanka Íslands
-	24	31. júlí 2009	Áætlun um afnám gjaldeyrishafta hefur verið samþykkt
-	25	13. ágúst 2009	Stýrivextir óbreyttir
-	26	13. ágúst 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Sterkari króna forsenda áframhaldandi slökunar peningalegs aðhalds
-	27	20. ágúst 2009	Már Guðmundsson tók við embætti seðlabankastjóra í dag
-	28	3. september 2009	Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2009
-	29	15. september 2009	Pórarinn G. Pétursson ráðinn aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands
-	30	18. september 2009	Eftirlit með gjaldeyrisreglum styrkt
-	31	24. september 2009	Vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands og útgáfa 28 daga innstæðubréfa
-	32	24. september 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Óbreytt aðhald peningastefnunnar
-	33	31. október 2009	Fyrsta skref í afnámi gjaldeyrishafta
-	34	5. nóvember 2009	Vaxtaákvörðun peningastefnunefndar
-	35	5. nóvember 2009	<i>Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:</i> Vaxtagangur Seðlabankans aðlagður virku aðhaldi peningastefnunnar

- 36 26. nóvember 2009 Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2009
- 37 10. desember 2009 Vaxtaákvörðun peningastefnufndar
- 38 10. desember 2009 *Yfirlýsing peningastefnufndar Seðlabanka Íslands:*  
Hægfara slökun peningalegs aðhalds heldur áfram
- 39 21. desember 2009 Fyrsti hluti láns frá Norðurlöndunum greiddur til Íslands

## Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2009

### *Rit á íslensku:*

Ársskýrsla 2008

Fjármálastöðugleiki 2009

Peningamál 2009, 4 hefti

Hagvísar 2009, 11 hefti

Efnahagsmál, febrúar 2009

### *Rit á ensku:*

Annual report 2008

Financial Stability 2009

Monetary Bulletin 2009, 4 hefti

Economic Indicators, 11 hefti

Economic Affairs, February 2009

Central Bank of Iceland Working Papers No. 41, QMM: A Quarterly Macroeconomic Model of the Icelandic Economy, eftir Ásgeir Daníelsson, Magnús F. Guðmundsson, Svövu J. Haraldsdóttur, Þorvarð T. Ólafsson, Ásgerði Ó. Pétursdóttur, Þórarín G. Pétursson og Rósu Sveinsdóttur (February 2009).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 42, Inflation control around the world: Why are some countries more successful than others?, eftir Þórarín G. Pétursson (July 2009).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 43, Does inflation targeting lead to excessive exchange rate volatility?, eftir Þórarín G. Pétursson (October 2009).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 44, QMM: A steady state version, eftir Ásgeir Daníelsson (November 2009).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 45, Survey Evidence on Customer Markets, eftir Ali Choudhary, Þorlák Karlsson og Gylfa Zoëga (November 2009).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 46, Employment and Asset Prices, eftir Gylfa Zoëga (November 2009).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 47, A double-edged sword: High interest rates in capital-control regimes, eftir Gylfa Zoëga (November 2009).

Öll þessi rit eru aðgengileg á vef bankans.

## Annáll efnahags- og peningamála 2009

### Janúar 2009

Hinn 1. janúar var starfsemi flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sameinuð sem opinbera hlutafélagið Keflavíkurflugvöllur ohf.

Hinn 2. janúar var skráningu vísitölu gengisskráningar hætt. Í stað þess var vísitala meðalgengis með þröngri viðskiptavog endurreiknuð þannig að 2. janúar taki hún sama gildi og vísitala gengisskráningar.

Hinn 6. janúar lýsti ríkisstjórnin yfir að hún hygðist kanna til þrautar möguleika á að leita réttar Íslendinga fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu vegna beitingar breskra stjórnvalda á svonefndum hryðjuverkalögum frá árinu 2001 gegn Landsbankanum á síðasta ári. Ríkisstjórnin ítrekaði jafnframt að hún myndi styðja við málsókn skilanefndar Kaupþings vegna framgöngu breska fjármálaeftirlitsins gegn Singer & Friedlander, dótturfyrirtæki Kaupþings, hinn 8. október 2008. Ríkisstjórnin mun einnig styðja við málsókn skilanefndar Landsbankans í hugsanlegum málaferlum gegn breskum stjórnvöldum.

Hinn 8. janúar tilkynnti alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings að það hefði staðfest einkunnir Kaupþings banka hf. (gamla Kaupþings), Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbanka Íslands) og Glitnis hf. (gamla Glitnis). Einkunnir fyrir skammtíma- og langtíma-skuldbindingar voru staðfestar sem D, stuðningseinkunn 5 og óháð einkunn F. Fyrirtækið tilkynnti við sama tækifæri að það hefði hætt mati á bönkunum.

Hinn 23. janúar birti matsfyrirtækið Moody's árlega skýrslu um lánsþæfi Ríkissjóðs Íslands. Fram kom í skýrslunni að fyrirtækið teldi enn að Ríkissjóður Íslands væri í fjárfestingarflokki, þrátt fyrir efnahags- og fjármálaáfall og þær áskoranir sem efnahagurinn stendur frammi fyrir. Hins vegar voru horfur um lánsþæfiseinkunnina Baa1 áfram metnar neikvæðar, þar sem fyrirtækið telur að efnahagshorfur séu háðar óvissu og gætu breyst fyrirvaralítið.

Hinn 26. janúar var ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar slitið. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs tók við stjórnartaumunum hinn 1. febrúar undir forsæti Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hinn 28. janúar birti fjármálaráðuneytið mat á eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs aukist um rúmlega 400 ma.kr. á árinu 2009 auk þess sem ríkissjóður mun ábyrgjast skuldir vegna Icesave/Edge og lán IMF o.fl. til Seðlabanka Íslands upp á tæplega 1.300 ma.kr. Gert er ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs nemi tæpum 1.100 ma.kr. í lok ársins 2009. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 verður halli ríkissjóðs á árinu 150 ma.kr.

Hinn 29. janúar ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 18%.

### Febrúar 2009

Hinn 3. febrúar felldi heilbrigðisráðherra niður komugjöld sjúklinga á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Fyrri reglugerð sem var sett hinn 29. desember 2008 var afnumin.

Hinn 9. febrúar tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service að það hefði lækkað einkunn Kaupþings banka hf. (gamla Kaupþings) fyrir langtímaskuldbindingar í C úr Caa1. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru áfram metnar sem „Not Prime“ og einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika er E.

Hinn 11. febrúar tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service að það hefði lækkað einkunn Glitnis banka hf. (gamla Glitnis) fyrir langtímaskuldbindingar í C úr Caa1. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru áfram metnar sem „Not Prime“ og einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika er E.

Hinn 12. febrúar birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stöðuskýrslu (e. Iceland-SBA-Review Under the Emergency Financing Mechanism) er fjallaði um gang efnahagsáætlunar Ríkisstjórnar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Umsögnin var liður í þeirri lánafyrirgreiðslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veitti íslenskum stjórnvöldum 19. nóvember sl. Skýrslan var samin eftir heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dagana 15.–19. desember 2008.

Hinn 19. febrúar framlengdi Héraðsdómur Reykjavíkur heimild Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. til greiðslustöðvunar til 13. nóvember 2009.

Hinn 25. febrúar gerðu ASÍ og SA samkomulag um frestun umsaminnna launahækkana sem taka áttu gildi 1. mars og frestun ákvörðunar um endurskoðun kjarasamninga um allt að fjóra mánuði. Þrátt fyrir frestun almennra launahækkana var í samkomulaginu ákvæði um að lágmarkslaun hækki í 157 þúsund kr. og að nokkur önnur ákvæði samninganna kæmu til framkvæmda, m.a. lenging orlofs.

Hinn 26. febrúar samþykkti Alþingi breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Lögin fela í sér að í stað bankastjórnar sem skipuð er þremur bankastjórum verður einn seðlabankastjóri og einn aðstoðarseðlabankastjóri. Þeir verða skipaðir að undangenginni auglýsingu og eru gerðar kröfur um að umsækjendur hafi lokið meistaraáráðu í hagfræði eða tengdum greinum og búi yfir viðtækri reynslu og þekkingu af peningamálum. Ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum verða framvegis teknar af peningastefnunefnd en stjórn bankans er að öðru leyti í höndum seðlabankastjóra. Stjórnækja bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir hans, tiltekin viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Við gildis-



töku laganna er bankastjórn Seðlabanka Íslands lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem eiga sæti í stjórninni.

Hinn 27. febrúar setti forsætisráðherra Svein Harald Øygard tíma- bundið í embætti seðlabankastjóra og Arnór Sighvatsson tímabundið í embætti aðstoðarseðlabankastjóra, samkvæmt nýjum lögum um Seðlabanka Íslands. Þeir munu gegna embætti þar til að forsætis- ráðherra hefur skipað í stöðurnar á grundvelli auglýsinga samkvæmt ákvæðum laganna.

### Mars 2009

Hinn 3. mars framlengdi Héraðsdómur Reykjavíkur heimild Lands- banka Íslands hf. til greiðslustöðvunar til 26. nóvember 2009.

Hinn 3. mars ákvað seðlabankastjóri að Þórarinn G. Pétursson, starf- andi aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands, skuli sitja í peningastefnu- nefnd. Í nefndinni sitja einnig Svein Harald Øygard seðlabankastjóri, sem er formaður nefndarinnar, og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðla- bankastjóri. Sama dag skipaði forsætisráðherra tvo utanaðkomandi fulltrúa í peningastefnuneftirgæfina, dr. Gylfa Zoëga og dr. Anne Sibert.

Hinn 5. mars samþykkti Alþingi að afnema lög frá 2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Verða eftirlaunakjör þeirra framvegis hliðstæð og hjá öðrum opinberum starfsmönnum.

Hinn 6. mars samþykkti Alþingi lög sem kveða á um 100% endur- greiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði á byggingarstað á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. júlí 2010.

Hinn 9. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skip- aði skilaneftirgæfina sem tók við öllum heimildum stjórnar Straums.

Hinn 9. mars tilkynnti alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings að það hefði lækkað einkunn Straums fyrir langtímaskuldbindingar og skammtímaskuldbindingar í D úr B. Fyrirtækið hefur hætt mati á Straumi.

Hinn 10. mars tilkynnti alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service að það hefði lækkað einkunn Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbanka Íslands) fyrir langtímaskuldbindingar í C úr Caa1. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru áfram metnar sem „Not Prime“ og einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika er E. Moody's tilkynnti um leið að það hefði hætt mati á bankanum.

Hinn 10. mars samþykkti Alþingi að heimila eigendum séreignarsparn- aðar að taka út allt að 1 m.kr. á níu mánaða tímabili. Heimildin nær til umsókna sem lagðar verða fram á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.

Hinn 13. mars lauk sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fimmtán daga heimsókn til Íslands. Tilgangur heimsóknarinnar var að meta stöðu efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Heimsóknin tengdist 2,1 ma. Bandaríkjadala lánaþyrirgreiðslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veitti íslenskum stjórnvöldum 19. nóvember. Sendinefndin átti fundi með stjórnvöldum, þingmönnum og fulltrúum atvinnulífsins og verkalýðsfélaga.

Hinn 17. mars samþykkti Alþingi breytingar á lögum um verðbréfa- viðskipti sem m.a. lækkuðu mörk yfirtökuskyldu úr 40% eignarhlut í 33% og heimilaði að fallast á í einstökum tilvikum að eignarhlutur geti aukist upp fyrir yfirtökumörk án þess að yfirtökuskylda myndist.

Hinn 17. mars samþykkti Alþingi lagabreytingu sem heimilar Fjármálaeftirlitinu að birta niðurstöður athugana sinna nema í undantekningartilvikum.

Hinn 19. mars ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti um 1,0 prósentu í 17%.

Hinn 19. mars veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Straumi-Burðarás Fjárfestingarbanka hf. heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 21. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnar SPRON.

Hinn 21. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Sparisjóðabanka Íslands hf. á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki.

Hinn 23. mars veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Sparisjóðabanka Íslands hf. heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 26. mars var tilkynnt um lánaþyrirgreiðslu ríkisins við VBS Fjárfestingarbanka og Saga Capital vegna skulda sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabankanum. Bankarnir fá verðtryggð lán til sjö ára á 2% vöxtum. Lántakan er háð ýmsum öryggisskilmálum.

Hinn 27. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 skipað skilanefnd í Sparisjóðabanka Íslands hf. Skilanefndin tók við öllum heimildum stjórnar Sparisjóðabankans.

Hinn 30. mars var skýrsla Kaarlos Jännäris, finnsks bankasérfræðings, um reglur og eftirlit með bankastarfsemi kynnt. Í skýrslunni eru ýmsar ábendingar og tillögur og skipaði ríkisstjórnin vinnuhóp til að vinna úr þeim ábendingum.

Hinn 30. mars samþykkti Alþingi breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem fjallað er um úrræði (greiðsluáðlögun) fyrir ein-

staklinga sem glíma við verulegan fjárhagsvanda. Samkvæmt lögum þessum getur einstaklingur leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Kveða má á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn.

Hinn 30. mars samþykkti Alþingi lög um ábyrgðarmenn sem kveða m.a. á um upplýsingaskyldu til verðandi ábyrgðarmanns og að fasteign ábyrgðarmanns sé undanskilin í uppgjöri ef ábyrgðin fellur á hann.

Hinn 31. mars samþykkti Alþingi að herða lagaákvæði um gjaldeyris-hömlur með breytingum á tollalögum og lögum um gjaldeyrisráð. Nýju bráðabirgðaákvæði var bætt við lög um gjaldeyrisráð sem kveður á um að útflutningsviðskipti vöru og þjónustu skuli fara fram í erlendum gjaldmiðli. Breytingin á tollalögum felur í sér að á útflutningsskýrslu skuli viðskiptaverð vöru skráð í erlendum gjaldmiðli og að við skráningu skuli miðað við þann gjaldmiðil sem fram kemur á sölureikningi útflytjanda, þó ekki íslenskar krónur.

## Apríl

Hinn 3. apríl tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Sparisjóðs Mýrasýslu á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki, að beiðni sparisjóðsins. Ráðstöfun eigna og skulda sparisjóðsins var í samræmi við kaupsamning við Nýja Kaupþing hf. og samkomulag stærstu kröfuhafa sparisjóðsins.

Hinn 8. apríl ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka veðlánavexti um 1,5 prósentur í 15,5%. Aðrir vextir bankans voru einnig lækkaðir í sama mæli.

Hinn 8. apríl var kynnt samkomulag milli viðskiptaráðuneytisins og lánaafyrirtækja sem lána í erlendum gjaldmiðlum, um að einstaklingum yrði boðið upp á sams konar greiðsluþjónun vegna gengistryggðra fasteignaveðlána og veitt er vegna verðtryggðra lána.

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 44/2009 um breytingar á lögum um fjármálastofnanir að því er varðar afhendingu fjármálaafyrirtækis til bráðabirgðastjórnar, skilyrði og upphaf slitameðferðar.

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 45/2009 um hækkun vaxtabóta. Hækkun á árinu 2009 var talin nema um 2 ma.kr.

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlána á íbúðarhúsnæði, sem veita má skuldara í allt að fimm ár.

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 46/2009 um breytingar á lögum um tekjuskatt í því skyni að i) aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á

landi beri af þeim skattskyldu, ii) eftirgjöf skulda samkvæmt nauða-samningum um greiðsluaðlögun teljist ekki til tekna, iii) tekið verði upp ákvæði um skattlagningu innlendra aðila sem eiga félög sem eru heimilisföst í lágskattaríkjum.

Hinn 17. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 51/2009 sem heimila iðnaðar-ráðherra að semja við væntanlega eigendur um byggingu álvers í Helguvík. M.a. kveða lögin svo á að rekstur versins verði undanþeginn hugsanlegum íþyngjandi breytingum á meginþáttum laga um tekju-skatt.

Hinn 18. apríl voru kynntir samningar milli landbúnaðarráðherra og Bændasamtakanna um framkvæmd búvörusamninga næstu misserin. Samkvæmt samningunum munu greiðslur hækka um 2% árið 2010 eins og árið 2011 en þá munu greiðslur jafnframt hækka um helming uppsafnaðra vanefnda á upphaflegum samningum, þó ekki meira en 5% alls. Árið 2012 hækka greiðslur upp í það sem tilskilið er í gildandi búvörusamningum, þó ekki meira en 5%.

Hinn 22. apríl tilkynnti Fjármálaeftirlitið að Deloitte LLP hefði lokið verðmati eigna sem fluttar voru út úr gömlu bönkunum til að mynda efnahag Nýja Kaupþings banka, NBI og Íslandsbanka. Samhliða því hefði ráðgjafafyrirtækið Oliver Wyman lokið úttekt á verðmatinu.

Hinn 24. apríl tilkynnti Samkeppniseftirlitið að viðskiptabönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði væri heimilt að beita samræmdum úrræðum til að aðstoða einstaklinga sem skulda fasteignaveðlán og eiga í greiðsluferfiðleikum. Slíkt samráð hefði ella getað brotið gegn samkeppnislögum.

Hinn 27. apríl veitti Héraðsdómur Vesturlands Sparisjóði Mýrasýslu heimild til greiðslustöðvunar.

## **Maí**

Hinn 7. maí ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka veð-lánavexti um 2,5 prósentur í 13,0%. Vextir daglána lækkuðu einnig um 2,5 prósentur en aðrir vextir bankans um 3 prósentur.

Hinn 10. maí tók ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til starfa.

Hinn 12. maí skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir Straum-Burðarás Fjárfestingarbanka hf.

Hinn 22. maí skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir Spari-sjóðabanka Íslands hf.

Hinn 28. maí samþykkti Alþingi lög nr. 60/2009 um hækkun áfengis- og tóbaksgjalda, eldsneytisgjalda og bifreiðagjalda en lækkun kíló-metragjalds nokkuð á móti. Breytingunni var ætlað að skila ríkissjóði 4,4 ma.kr. á ársgrundvelli.

## Júní

Hinn 4. júní ákvað peningastefnunefnd að lækka veðlávexti um 1 prósentu í 12,0%. Vextir daglána lækkuðu einnig um 1 prósentu.

Hinn 5. júní var skrifað undir samninga milli Íslands og Hollands annars vegar og Íslands og Bretlands hins vegar um ábyrgð Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi á innlánum í útibúum Landsbankans í þessum löndum og ábyrgð íslenska ríkisins á fjármögnun Tryggingasjóðsins. Undirskrift af hálfu Íslands var með fyrirvara um staðfestingu Alþingis á ábyrgðinni.

Hinn 24. júní samþykkti Héraðsdómur Reykjavíkur beiðni um skipun slitastjórnar hjá SPRON hf. og Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

Hinn 26. júní skipaði forsætisráðherra Mát Guðmundsson seðlabankastjóra frá 20. ágúst og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóra frá 1. júlí.

Hinn 29. júní samþykkti Alþingi lög nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í þeim fólust m.a. :

- i) hækkun tryggingagjalds um 1,56% af stofni og gjalds í ábyrgðarsjóð launa um 0,1% af launum,
- ii) sérstakur 8% tekjuskattur á einstaklingstekjur umfram 700 þúsund kr. á mánuði, án tillits til tekna maka,
- iii) hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 15% á fjármagnstekjur umfram 42 þúsund kr. á mánuði auk þess sem innheimtu var flýtt,
- iv) herðing á tekjutengingu og lækkun frítekjumarks í almannatryggingakerfinu,
- v) lækkun á greiðslum í fæðingarorlofi,
- vi) takmarkanir á greiðslum ríkisins til brotþola og rétti til gjafsóknar,
- vii) niðurfelling greiðslu til Háskóla Íslands sem numið hefur sóknargjöldum fólks utan trúfélaga.

Áætlaðar tekjur af skattabreytingunum voru taldar 17 ma.kr. á heilu ári en 8,6 ma.kr. 2009, ef tryggingagjaldgreiðslur ríkissjóðs til sjálfs sín eru undanskildar. Útgjaldalækkun var áætluð 4,5 ma.kr. á heilu ári en 2,2 ma.kr. á árinu 2009.

## Júlí

Hinn 1. júlí var skrifað undir samning milli Íslands annars vegar og Norðs, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar hins vegar, um 1.775 milljóna evra lán Norðurlandanna fjögurra til Íslands.

Hinn 1. júlí tóku gildi endurskoðaðar reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, nr. 553 frá 26. júní 2009. Tvær breytingar voru markverðastar. Settar voru strangari reglur um þær tryggingar sem eru hæfar í viðskiptum við Seðlabankann. Hæfar tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands eru nú einkum íbúðabréf íbúðalánasjóðs, ríkisbréf og ríkisvixlar. Einnig eru í nýju reglunum ákvæði sem veita Seðlabankanum viðtækari og skýrari heimildir til að stýra lausu fé á markaði.

Hinn 2. júlí ákvað peningastefnunefnd að halda veðlánavöxtum óbreyttum í 12,0%.

Hinn 3. júlí skipaði Fjármálaeftirlitið þriggja manna bráðabirgðastjórn í Sparisjóði Mýrasýslu á grundvelli 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 44/2009.

Hinn 10. júlí var kynnt ákvörðun sjávarútvegsráðherra um aflamark helstu tegunda annarra en uppsjávarfiska fiskveiðiárið 2009-2010. Var leyft að veiða 150 þúsund tonn af þorski, 50 þ.t. af karfa, 63 þ.t. af ýsu og 50 þ.t. af ufsa. Leyfilegur ýsuafli var lækkaður um 30 þ.t. milli ára og þorskafli um 12.500 tonn.

Hinn 10. júlí samþykkti Alþingi lög nr. 73/2009 um breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Breytingarnar styrktu rannsóknarheimildir Fjármálaeftirlitsins og kváðu á um refsingar fyrir milligöngu um gjaldeyrisviðskipti án tilskilinnar heimildar.

Hinn 10. júlí samþykkti Alþingi lög nr. 75/2009 um stofnun hlutafélags í eigu ríkisins til að stuðla að endurreisn rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja.

Hinn 10. júlí samþykkti Alþingi lög nr. 76/2009 um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Með lögnum voru gerðar breytingar á lagaumhverfi sparisjóða. Var m.a. kveðið skýrar á en áður um félagsform þeirra, heimildir til hlutafélagavæðingar voru afnumdar, reglur um arðgreiðslur einfaldaðar og þrengdar og reglur settar um breytingar á stofnfé.

Hinn 16. júlí samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sama dag sendi forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Hinn 20. júlí tilkynnti fjármálaráðuneytið að samkomulag hefði náðst við skilanefndir bankanna þriggja; Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands um fjármögnun og uppgjör eigna. Samkomulagið fól í sér að skilanefndir Glitnis og Kaupþings ættu möguleika á að eignast meirihluta hlutafjár í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi en í tilviki Landsbankans sneri samkomulagið að fyrirkomulagi áframhaldandi samningaviðræðna. Allir samningar voru gerðir með fyrirvara um lokaákvæðanir skilanefndanna sem yrðu teknar að loknu samráði við kröfuhafa. Einnig er fyrirvari um samþykki Fjármálaeftirlitsins sem skera þarf úr um hvort það sem gert er samrýmist kröfum um fjármögnun, styrk bankanna og stöðu eigna á hverjum tíma.

### Ágúst

Hinn 5. ágúst kynnti Seðlabankinn áætlun um afléttingu gjaldeyrishafta í áföngum. Í fyrsta áfanga yrði losað um innstreymi lánsfjár og fjárfestingar. Eignum sem þannig kæmu inn í landið yrði tryggð heimild til brottflutnings með skráningu hjá Seðlabankanum. Í seinni áföngum yrði hömlum létt af útstreymi fjár, fyrst af langtímaskuldbindingum en seinna af eignum til skemmri tíma.

Hinn 11. ágúst var á Alþingi kjörið nýtt bankaráð að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. laga nr. 36 frá 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands. Aðalmenn voru kosnir: Lára V. Júlíusdóttir, Ragnar Arnalds, Ágúst Einarsson, Hildur Traustadóttir, Ragnar Árnason, Magnús Árni Skúlason og Katrín Olga Jóhannesdóttir. Varamenn voru kosnir: Margrét Kristmannsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Herbert Guðbjörnsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Birgir Þór Runólfsson, Ingibjörg Ingadóttir og Friðrik Már Baldursson. Á fyrsta fundi bankaráðsins var Lára Júlíusdóttir kjörin formaður og Ragnar Arnalds varaformaður. Daniel Gros var kosin til að taka sæti Magnúsar Árna Skúlasonar hinn 15. október 2009.

Hinn 11. ágúst samþykkti Alþingi lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, ríkisstofnun sem ætlað er að fara með hlut ríkisins í fjármálaframtækjum.

Hinn 13. ágúst ákvað peningastefnunefnd að halda veðlánavöxtum óbreyttum í 12,0%.

Hinn 14. ágúst tilkynnti fjármálaráðuneytið að fjármögnun Íslandsbanka og Nýja Kaupþings af hálfu ríkisstjórnar Íslands hefði verið tryggð. Hún var samþykkt á hlutahafafundum og í samræmi við fyrirætlanir sem greint hafði verið frá 20. júlí. Eigið fé bankanna var lagt fram í formi ríkisskuldabréfa og samsvaraði u.p.b. 12% eiginfjárlutfalli.

Hinn 28. ágúst samþykkti Alþingi lög nr. 96/2009 um heimild til fjármálaráðherra til að veita ábyrgð á skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Hollandi og Bretlandi. Heimildinni fylgdu fyrirvarar, þeir helstir að umsamin skilyrði frá 14. nóv. 2008, svonefnd Brussel-skilyrði um tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi giltu um samninginn, að eignir ríkisins nytu friðhelgi samkvæmt þjóðarétti og að árlegar greiðslur til Bretlands yrðu í mesta lagi 4% af uppsöfnuðum hagvexti frá 2008 en 2% til Hollands.

Hinn 28. ágúst samþykkti Alþingi lög nr. 98/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. M.a. flytjast verkefni tengd efnahagsstjórn frá forsætis- og fjármálaráðuneytum til efnahags- og viðskiptaráðuneytis, þar með talin yfirumsjón með Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands. Neytendamál og fasteignaskráning flytjast til dóms- og mannréttindaráðuneytis, en eignarhald á þeim ríkisjörðum og opinberum fyrirtækjum sem hafa verið vistuð annars staðar, flyst til fjármálaráðuneytisins.

## September

Hinn 3. september birti Fitch Ratings lánshæfismat fyrir Ísland. Einkunnir eru óbreyttar frá október 2008, A- fyrir innlendar lántökur, BBB- fyrir erlendar langtímalántökur og F3 fyrir erlendar skammtímalántökur. Horfur eru áfram taldar neikvæðar. Innlenda einkunnin er hærrí en sú erlenda vegna þess að innlendur skuldabréfamarkaður er álitinn tiltölulega styrkur.

Hinn 4. september tilkynnti fjármálaráðuneytið að íslensk stjórnvöld og skilanevnd Kaupþings hefðu undirritað samning um uppgjör vegna eigna sem færðar voru úr Kaupþingi yfir í Nýja Kaupþing í október 2008. Er hann í samræmi við samkomulag sem kynnt var 20. júlí 2009. Eins og tilkynnt var 14. ágúst, veitti ríkissjóður Nýja Kaupþingi eigið fé í formi ríkisskuldabréfa upp á 72 milljarða króna sem samsvarar u.þ.b. 12% eiginfjárlutfalli. Samningurinn fól í sér, líkt og tilkynnt var 20. júlí, að skilanevnd Kaupþings, að undangengnu samráði við kröfuhafa, eignaðist 87% hlutafjár í Nýja Kaupþingi. Þar með yrði hlutur íslenska ríkisins 13% og stór hluti eiginfjárframlags þess gengi til baka. Nýti kröfuhafar sér ekki þennan kost nú mun íslenska ríkið áfram verða eigandi bankans en kröfuhafar munu þó hafa kauprétt á allt að 90% hlutafjár í bankanum á árunum 2011 til 2015 á kjörum sem tryggja ríkinu eðlilegt endurgjald fyrir fjárfestingu sína í bankanum.

Hinn 13. september tilkynnti fjármálaráðuneytið að íslensk stjórnvöld og skilanevnd Glitnis hefðu undirritað samning um uppgjör vegna eigna sem færðar voru úr Glitni yfir í Íslandsbanka í október 2008 og í samræmi við samkomulag sem kynnt var 20. júlí 2009. Eins og tilkynnt var 14. ágúst 2009 veitti ríkissjóður Íslandsbanka eigið fé í formi ríkisskuldabréfa að fjárhæð 65 ma.kr. sem samsvarar u.þ.b. 12% eiginfjárlutfalli. Samningurinn fól í sér að skilanevnd Glitnis, að undangengnu samráði við kröfuhafa, ætti kost á því að eignast 95% hlutafjár í Íslandsbanka. Þar með yrði hlutur íslenska ríkisins 5% og stór hluti eiginfjárframlags þess gengi til baka, en ríkið mun þó áfram veita bankanum stuðning með eignarhlut sínum og 25 ma.kr. í formi víkjandi láns. Nýti kröfuhafar sér ekki þennan kost mun íslenska ríkið áfram verða eigandi bankans. Greiðsla vegna yfirfærðra eigna verður þá í formi skuldabréfs sem Íslandsbanki gefur út. Að auki munu kröfuhafar fá forkaupsrétt að allt að 90% hlutafjár í bankanum á árunum 2011 til 2015 á kjörum sem tryggja ríkinu eðlilegt endurgjald fyrir fjárfestingu sína í bankanum.

Hinn 24. september ákvað peningastefnunefnd að veðlánavextir yrðu óbreyttir 12% og að vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana yrðu óbreyttir 9,5%. Vextir daglána voru lækkaðir um 1,5 prósentur í 14,5%. Nefndin ákvað einnig að efnt verði til útboða innstæðubréfa til 28 daga með 9,5% lágmarksvöxtum og 10% hámarksvöxtum. Fyrsta útboðið var haldið 30. september.

#### Október

Hinn 1. október veitti Héraðsdómur Vesturlands Sparisjóði Mýrasýslu heimild til að leita nauðasamninga.

Hinn 1. október veitti Fjármálaeftirlitið Íslandsbanka hf. og SAT eignarhaldsfélagi hf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í SA tryggingum hf. Hluthafar SA trygginga hf. eru tveir, Íslandsbanki hf. með 9,3% hlutafjár og SAT eignarhaldsfélag hf. með jafngildi 90,7% hlutafjár. SAT eignarhaldsfélag hf. er að fullu í eigu Glitnis banka hf. SA tryggingar yfirtóku tryggingarekstur Sjóvár-Almennra 21. september.



Hinn 4. október var undirritaður samningur um lántöku ríkissjóðs í Póllandi sem nam 630 milljónum pólskra zlota eða um 200 milljónum Bandaríkjadala. Lánið er til 12 ára, afborgunarlaust fyrstu fimm árin en greiðist upp á árunum 2015-22. Vextir eru 2% ofan á vexti samsvarandi pólskra ríkisskuldabréfa.

Hinn 12. október undirrituðu íslensk stjórnvöld, skilanefnd Landsbanka Íslands hf. og Landsbankinn (NBI hf.) samkomulag um uppgjör á eignum og skuldum gamla Landsbankans.

Hinn 15. október tilkynntu fjármálaráðuneytið, Íslandsbanki og skilanefnd Glitnis að skilanefndin, fyrir hönd kröfuhafa, hafi ákveðið að nýta sér ákvæði í samningi við íslenska ríkið og eignast 95% hlutfjár í Íslandsbanka.

Hinn 18. október lauk samningaviðræðum um Icesave, þeim sem hófust eftir að Alþingi samþykkti hinn 28. ágúst 2009 ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta með fyrirvörum.

Hinn 22. október skiluðu íslensk stjórnvöld til framkvæmdastjórnar ESB svörum við 2600 spurninga lista sem lagður var fram vegna aðildarumsóknar Íslands.

Hinn 27. október tók Bankasýsla ríkisins við eigandahlutverki í viðskiptabönkunum þremur, en lúkning samninga verður áfram á hendi fjármálaráðherra. Bankasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/2009 og er ætlað að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálaafyrirtækjum. Bankasýslan skal hafa lokið störfum eigi síðar en 5 árum eftir að hún var sett á fót.

Hinn 28. október samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda. Með því varð heimilt að afgreiða næsta hluta lána AGS til Íslands að fjárhæð 167,5 milljónir Bandaríkjadala (21 ma.kr.). Í kjölfarið gátu íslensk stjórnvöld dregið á norrænu viðbótarlánin að fjárhæð 300 milljónir evra. Að ósk íslenskra stjórnvalda, vegna tafa á áætluninni, var einnig samþykkt að framlengja lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um sex mánuði eða til 31. maí 2011. Verða útgreiðslur lánsins lagaðar að þeirri breytingu.

Hinn 28. október ákváðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins að nýta ekki uppsagnarákvæði kjarasamninga á almennum markaði. Kjarasamningar gilda því til loka nóvember árið 2010 með umsömdum launabreytingum 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010.

Hinn 31. október skrifaði félagsmálaráðherra undir samning við helstu lánastofnanir um sjálfvirka greiðsluþöfnun og þriggja ára hámarks-lengingu verðtryggðra fasteignalána. Lög þessa efnis höfðu verið samþykkt af Alþingi hinn 23. október. Auk þess var samið um að þessi úrræði stæðu einnig til boða vegna gengistryggðra fasteignalána og verð- eða gengistryggðra bílalána að ósk skuldara, væru lánin í skilum.

Viðmiðunartími greiðslujöfnunar verðtryggðra lána er janúar 2008, en 2. maí 2008 fyrir gengistryggð lán. Lántökudagur gildir þó ef lán var tekið eftir þessar dagsetningar.

Hinn 31. október tilkynnti Seðlabanki Íslands um fyrsta skrefið í afnámi gjaldeyrishafta. Heimilað var innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestingar og útstreymi gjaldeyris sem kann að leiða af því í framtíðinni. Fjárfestar mega því án takmarkana skipta aftur í erlendan gjaldeyri söluandvirði eigna sem þeir fjárfesta í eftir 1. nóvember 2009. Auk þessa voru gerðar ýmsar tæknilegar breytingar á gjaldeyrishöftunum til að draga úr undanskotum og liðka framkvæmdina.

### Nóvember

Hinn 5. nóvember ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana um 0,5 prósentur í 9%. Hámarksfjárhæð í vikulegum útboðum innstæðubréfa til 28 daga var aukin úr 25 ma.kr. í 30 ma.kr., með 9,5% lágmarksvöxtum og 10,25% hámarksvöxtum. Í því fólst 0,25 prósentna hækkun hámarks-vaxta. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga voru lækkaðir úr 12% í 11% og daglánavextir úr 14,5% í 13%.

Hinn 6. nóvember samþykkti Alþingi breytingar á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, sem fresta ákvörðun um lokasölu á íbúðarhúsnæði fram yfir 28. febrúar 2010 að uppfylltum skilyrðum laganna og að ósk skuldara.

Hinn 11. nóvember lækkaði matsfyrirtækið Moody's lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri og innlendri mynt úr Baa1 í Baa3 og skammtímaeinkunnir í P-3 úr P-2. Horfunum fyrir allar einkunnir var breytt úr neikvæðum í stöðugar.

### Desember

Hinn 1. desember ákvað skilanevnd Kaupþings að höfðu samráði við kröfuhafa og að teknu tilliti til ráðgjafar sérfræðinga að Kaupþing og þar með kröfuhafar myndu eignast 87% hlutfjár í Arion banka. 13% hlutfjár verða áfram í eigu ríkisins. Við fjármögnun bankans skuldbatt ríkið sig til að leggja bankanum til 72 ma.kr. í eigið fé. Í samkomulaginu felst að skilanevnd Kaupþings leggur fram 66 ma.kr. í stað ríkisins.

Hinn 4. desember greindi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) frá bráðabirgðaniðurstöðu vegna kvörtunar hóps almennra kröfuhafa á hendur gömlu bönkunum vegna neyðarlaganna nr. 125/2008. Bráðabirgðaniðurstaðan var að ákvæði laganna, einkum varðandi forgang sem innstæðum var veittur og ráðstafanir íslenskra stjórnvalda á grundvelli laganna, samræmist EES-samningnum og öðrum lagalegum skilyrðum. ESA benti á að önnur úrræði hafi ekki verið til að sporna við algjöru hruni efnahagslífsins á Íslandi.

Hinn 10. desember ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana um 0,5 prósentur í 8,5%. Bankinn mun áfram bjóða út innstæðubréf til 28 daga með 9,75% hámarksvöxtum en þeir voru áður 10,25%. Vextir á sjö daga veðlánnum voru lækkaðir úr 11% í 10% og daglánavextir úr 12,5% í 11,5%.

Dagana 1. til 14. desember heimsótti sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins Ísland. Sendinefndin var undir forystu Mark Flanagans.

Hinn 15. desember samþykkti Alþingi fjárukalög fyrir árið 2009. Tekjur ríkissjóðs hækka um 14,8 ma.kr. frá fjárlögum, einkum vegna vaxtatekna og þrátt fyrir að tekjur af fyrirhugaðri sölu á sendiráðseignum séu lækkaðar um 5 ma.kr. Útgjöld ríkissjóðs hækka um 13 ma.kr., einkum vegna atvinnuleysistrygginga, vaxtabóta og búvörugreiðslna, en útgjöld lífeyrisbóta og fjárfestingarútgjöld lækka.

Hinn 15. desember uppfærði félagsmálaráðherra leiðbeinandi grunnfjárhæðir fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga frá og með ársbyrjun 2010 um 8,63%. Breytingin var í hlutfalli við hækkun neysluverðs eins og kveðið er á um í samningi ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hinn 16. desember var greint frá því að skilanefnd og kröfuhafar Landsbankans hafi ákveðið að kaupa 19% hlutafjár í nýja bankanum NBI. Íslenska ríkið leggur fram 81% hlutafjár í Landsbankanum eða 122 ma.kr. af 150. Nýi bankinn gefur út 260 ma.kr. gengistryggt skuldabréf til 10 ára til kröfuhafa. Það er lágmarksmat yfirtekinnna eigna umfram skuldir. Ef endurheimtur verða meiri, gefur bankinn út frekari skuldabréf í skiptum fyrir hlutabréf kröfuhafa.

Hinn 16. desember samþykkti Alþingi með lögum nr. 116/2009 að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, vegna atriða er varða innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB með lögum nr. 64/2006 og snerta m.a. áreiðanleika upplýsinga og gildissvið laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi með lögum nr. 126/2009 að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum hlutafélögum og lögum um einkahlutafélög. Helsta breytingin er sú að lágmarksfrestur til boðunar hluthafafunda, í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, er lengdur úr einni í þrjár vikur. Aðrar breytingar lúta m.a. að því að auka réttindi og áhrif hluthafa og skapa jafnræði með hluthöfum, hvort heldur innlendum eða erlendum, varðandi þátttöku í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu í umræddum félögum.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 134/2009 um breytingar á löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Viðurlög og eftirfylgjutæki Vinnumálastofnunar voru styrkt, heimildir til greiðslu bóta vegna skerts starfshlutfalls voru framlengdar til júníloka 2010 en sett var þak á slíkar greiðslur. Þá var tekið fyrir aðild námsmanna að hinu almenna bótakerfi, en réttur þeirra til að sækja um að námi loknu var aukinn.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 120/2009 um breytingar á ýmiss konar tryggingabótum, einkum til að styrkja afkomu ríkissjóðs.

Hinn 19. desember samþykkti Alþingi lög nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatt sem leggst á jarðefnaeldsneyti annars vegar og raforku og heitt vatn hins vegar.

Hinn 19. desember samþykkti Alþingi með lögum nr. 125/2009 að lengja frest samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki til að höfða rift-unarmál vegna gerninga fjármálafyrirtækja sem eru í slitameðferð í 24 mánuði í stað 6 mánaða. Breytingin var gerð til að tryggja jafnræði kröfuhafa í ljósi umfangs margra fjármálafyrirtækja, m.a. þeirra sem eru í slitameðferð.

Hinn 21. desember samþykkti Alþingi lög nr. 137/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Fyrirtæki sem RANNÍS samþykkir geta dregið 15% af rannsókn- og þróunarkostnaði allt að 50 m.kr. frá skattskyldum tekjum á hverju rekstrarári, en þó 75 m.kr. ef þjónusta er keypt af öðru samþykktu fyrirtæki. Einstaklingar mega draga hlutabréfakaup í samþykktum fyrirtækjum frá skattskyldum tekjum allt að 300 þús. kr. á ári.

Hinn 21. desember samþykkti Alþingi lög nr. 130/2009 um ráðstafanir í skattamálum. Helstu breytingar eru: i) Ólúgjald og bensingjald hækka um 2,50 kr. og 1,65 kr. á lítra. ii) Bifreiðagjald, áfengisgjald og tóbaksgjöld hækka um 10%. iii) Efra þrep virðisaukaskatts hækkar úr 24,5% í 25,5%. iv) Margvíslegar hækkanir verða á gjaldtöku fyrir leyfi og þjónustu. v) Heimild til að taka út séreignarlífeyrissparnað er framlengd til 1. apríl 2011 og hámarksúttekt hækkuð úr 1 m.kr. í 2,5 m.kr.

Hinn 21. desember samþykkti Alþingi lög nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Veigamestu þættir þeirra eru að i) Persónuafsláttur hækkar um 4,7% í 530.466 kr. á ári en viðmiðun við neysliverð fellur niður. ii) Neðsta skattþrepið er óbreytt, 24,1%, og hækka því skattleysismörk um sama hlutfall, í 1.485 þús.kr. á ári. Tekjur milli 2,4 og 7,8 m.kr. á ári bera 27% skatt og hærri tekjur 33% skatt. Staðgreiðsluhlutfall miðast við mánaðarlegar tekjur. iii) Samsköttun sambylisfólks er afnumin með þeirri undantekningu að ef annar aðilinn hefur tekjur yfir 7,8 m.kr. á ári en hinn undir, má flytja allt að helming tekna umfram 7,8 m.kr. yfir á hinn tekjulægri, þó þannig að ekki verði meira en 2,7 m.kr. í 27% þrepi hjá viðtakanda. Þrepamörkin fylgja launavísitölu. iv) Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga hækkar úr 15% í 18%, en undanþegin eru 30% af leigutekjum af íbúð og vaxtatekjum einstaklings að 100 þús.kr. á ári. v) Tekjuskattur lögaðila hækkar úr 15% í 18%. vi) Sjómannaafsláttur stendur í stað árið 2010, en á síðan að lækka í áföngum og falla niður 1. janúar 2014. vii) Tryggingagjald hækkar um 1,6% af stofni í 8,65%.

Hinn 21. desember var fyrsti hluti láns frá Norðurlöndunum greiddur til Íslands í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Um er að ræða 300 milljónir evra. Uppsöfnuð lánsfjárheimild er því orðin 444 milljónir evra. Þar sem ekki var þörf á frekari lántöku að sinni, flytjast 144 milljónir evra til næsta tímabils, þ.e. fram yfir aðra endurskoðun efnahagsáætlunarinnar af hálfu AGS.

Hinn 22. desember samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2010. Tekjur eru áætlaðar 462 ma.kr. og hækka um 11% miðað við áætlaðar tekjur 2009, gjöld 561 ma.kr. og lækka um 3% miðað við áætlun 2009 og tekjujöfnuður verður neikvæður um 99 ma.kr.

Hinn 22. desember samþykkti Alþingi lög nr. 138/2009 um heimild fjármálaráðherra til að staðfesta samninga við skilanefndir Kaupþings, Glitnis og Landsbankans um yfirtöku þeirra á hlutum í Arion banka, Íslandsbanka og NBI.

Hinn 23. desember staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings láns hæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands og tók þær af gátlista. Langtímaeinkunnir í erlendum og innlendum gjaldmiðli eru BBB- og A-. Einkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt er F3 og landseinkunn BBB-. Horfur eru áfram neikvæðar.

Hinn 29. desember 2009 samþykkti Alþingi með lögum nr. 146/2009 að gera breytingar á lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða sem miða fyrst og fremst að því að búa í haginn fyrir framlagningu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið og skýra hvað gerist í kjölfarið. Í því sambandi er frestur nefndarinnar til að skila skýrslu færður til janúarloka 2010, sett eru inn í löginn fyrirmæli um meðferð Alþingis á skýrslunni, bætt er við ákvæði um varðveislu og aðgang að þeim viðamiklu rafrænu gagnagrunnum sem orðið hafa til í vinnu rannsóknarnefndarinnar, og að lokum er þeim einstaklingum sem unnið hafa að rannsókninni tryggð ákveðin friðhelgi gegn hugsanlegum málsóknum út af starfi þeirra í þágu rannsóknarinnar.

Hinn 30. desember samþykkti Alþingi lög nr. 1/2010 (Icesave), um heimild til handa fjármálaráðherra til að ábyrgjast lán Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Hinn 31. desember staðfesti matsfyrirtækið Standard & Poor's láns hæfismat Ríkissjóðs Íslands og breytti horfunum úr neikvæðum í stöðugar eftir samþykkt Icesave-frumvarpsins. Einkunnirnar fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt eru BBB- en fyrir innlenda mynt BBB+. Skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt fá einkunnina A-3 og innlendra mynt A-2.



# TÖFLUR

## Efnisyfirlit töfluviðauka

- |    |          |  |
|----|----------|--|
| 81 | Tafla 1  | Almennir inn- og útlánsvextir við Seðlabanka Íslands í % á ári   |
| 82 | Tafla 2  | Opinber gengisvísitala og vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar  |
| 82 | Tafla 3  | Skipting seðla og myntar eftir stærðum í árslok  |
| 83 | Tafla 4  | Úr reikningum Seðlabankans   |
| 84 | Tafla 5  | Úr reikningum innlánsstofnana  |
| 85 | Tafla 6  | Úr reikningum bankakerfisins   |
| 86 | Tafla 7  | Bindiskylduhlutföll (%)  |
| 86 | Tafla 8  | Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu |
| 87 | Tafla 9  | Dæmi um árlega nafnávöxtun nokkurra útlána innlánsstofnana og dráttarvextir (% á ári)  |
| 88 | Tafla 10 | Efnahagsreikningur Seðlabankans  |



Tafla 1 Almennir inn- og útlánsvextir við Seðlabanka Íslands í % á ári<sup>1</sup>

	Viðskiptareikn. lánastofnana	Óverðtryggð innstæðubréf 90 daga	Bindiskyldar innstæður	Daglán, forv.	Ávöxtun á lánum gegn veði	Stýrivextir - lána gegn veði í verð- bréfum til 7 daga (nafnvextir)	Innstæðubréf 7 daga
28. febrúar 2003	2,80	4,80	4,10	7,70	5,30	.	.
11. maí 2004	3,00	5,00	4,30	7,90	5,50	.	.
8. júní	3,25	5,25	4,50	8,00	5,75	.	.
6. júlí	3,75	5,75	5,00	8,25	6,25	.	.
21. september	4,25	6,25	5,50	8,75	6,75	.	.
1. nóvember	5,00	6,75	6,00	9,25	7,25	.	.
10. desember	6,25	7,75	7,25	10,25	8,25	.	.
21. febrúar 2005	6,75	8,25	7,75	10,75	8,75	.	.
29. mars	7,25	8,50	8,00	10,75	9,00	.	.
7. júní	8,00	9,35	8,75	11,00	9,50	.	9,35
4. október	8,75	10,10	9,50	11,75	10,25	.	10,10
11. desember	9,00	10,35	9,75	12,00	10,50	.	10,35
1. febrúar 2006	9,25	10,25	10,00	12,25	10,75	.	10,60
1. apríl	10,00	11,00	10,75	13,00	11,50	.	11,35
21. maí	10,75	11,75	11,50	13,75	12,25	.	12,10
11. júní	11,50	-	12,00	14,25	13,00	.	12,85
21. ágúst	12,00	-	12,25	14,50	13,50	.	13,35
21. september	12,50	-	12,75	15,00	14,00	.	13,85
21. desember	12,75	-	13,00	15,25	14,25	.	14,10
20. júní 2007	12,75	-	13,00	15,25	14,25	.	14,10
21. júní	12,75	-	13,00	15,25	-	13,30	13,20
1. nóvember	13,25	-	13,25	15,25	-	13,75	13,65
25. mars 2008	14,50	-	14,50	16,50	-	15,00	14,75
10. apríl	15,00	-	15,00	16,50	-	15,50	15,25
15. október	11,50	-	11,50	14,00	-	12,00	11,75
28. október	17,50	-	17,50	20,00	-	18,00	17,75
18. desember	15,00	-	15,00	22,00	-	18,00	15,25
19. mars 2009	14,00	-	14,00	21,00	-	17,00	14,25
8. apríl	12,50	-	12,50	19,50	-	15,50	12,75
7. maí	9,50	-	9,50	17,00	-	13,00	9,75
4. júní	9,50	-	9,50	16,00	-	12,00	9,75
24. september	9,50	-	9,50	14,50	-	12,00	9,75
5. nóvember	9,00	-	9,00	13,00	-	11,00	-
10. desember	8,50	-	8,50	11,50	-	10,00	-
<i>Tímavegin meðaltöl</i>							
1998	3,00	7,00	5,50	8,50	7,30	.	.
1999	3,80	7,80	6,60	9,30	8,30	.	.
2000	5,90	9,90	8,70	11,40	10,40	.	.
2001	6,70	10,60	9,40	12,30	10,90	.	.
2002	5,50	7,80	7,00	10,70	8,40	.	.
2003	2,80	4,80	4,10	7,70	5,30	.	.
2004	3,65	5,59	4,88	8,28	6,09	.	.
2005	7,69	8,85	8,50	11,02	9,35	.	9,70
2006	11,00	10,63	11,52	13,77	12,50	.	12,35
2007	12,83	-	13,04	15,25	14,25	.	14,10
2008	14,80	-	14,80	16,82	-	15,40	15,08
2009	11,04	-	11,04	17,16	-	13,68	-

1. Dagsetning á við vaxtaákvörðunardag.

Tafla 2 Opinber gengisvísitala og vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar

	Opinber gengisvísitala <sup>1</sup> 31. des. 1991 = 100	Vísitölur meðalgengis <sup>2</sup> 31. des. 1994 = 100			Raungengi krónunnar <sup>3</sup> 2000 = 100			
		Meðaltal	Innfl.- vog	Útfl.- vog	Hlutfallslegt verðlag		Hlutfallslegur launakostnaður	
					Vísitala	%-breyt. <sup>4</sup>	Vísitala	%-breyt. <sup>4</sup>
1998	112,8	96,2	96,7	95,7	93,8	1,8	92,8	2,9
1999	112,6	96,0	96,5	95,6	96,3	2,6	96,8	4,3
2000	112,7	96,1	96,3	95,7	100,0	3,9	100,0	3,3
2001	135,4	115,4	115,1	115,3	87,3	-12,7	86,6	-13,4
2002	131,4	112,0	111,7	112,0	91,7	5,1	90,1	4,1
2003	123,5	105,3	104,8	105,4	96,0	4,7	95,2	5,7
2004	121,0	103,1	102,4	103,5	98,1	2,2	92,5	-2,7
2005	108,6	92,6	91,9	93,0	111,4	13,5	104,3	12,7
2006	121,3	103,4	102,6	104,0	104,2	-6,4	102,0	-2,2
2007	118,3	100,9	99,9	101,5	108,6	4,2	110,9	8,7
2008	166,4	141,7	140,8	142,2	85,5	-21,2	85,5	-22,9
2009	216,1	190,9	189,8	191,3	70,0	-18,2	63,5	-25,7

1. Vísitalan sýnir meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskrí krónu á hverju tímabili. Frá 6. september 1995 er gengisskráningargogin miðuð við viðskiptavog en hún byggist á vöru- og þjónustuviðskiptum við helstu viðskiptalöndin. Áður var vogin samsett af ECU 76%, USD 18% og JPY 6%. 2. Vísitalan sýnir meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskrí krónu á hverju tímabili, miðuð við viðskiptavog frá og með 1995 en áður vöruskiptavog. 3. Byggt á ársfjórðungslegum gögnum um verðlag neysluvöru, laun og framleiðslu í helstu viðskiptalöndum Íslands. 4. Breyting frá fyrra ári.

Tafla 3 Skipting seðla og myntar eftir stærðum í árslok

	2005		2006		2007		2008		2009	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
<b>Seðlastærð:</b>										
5.000 kr.	7.932.500	69,3	8.787.500	69,5	9.597.500	70,3	18.000.000	80,8	22.445.000	84,1
2.000 kr.	279.000	2,4	350.000	2,8	398.000	2,9	617.000	2,8	504.000	1,9
1.000 kr.	2.264.000	19,8	2.475.000	19,6	2.669.000	19,5	2.696.500	12,1	2.776.000	10,4
500 kr.	846.750	7,4	905.000	7,2	989.500	7,2	952.750	4,3	957.000	3,6
100 kr.	95.700	0,8	95.550	0,8	.	.	.	.	.	.
50 kr.	11.800	0,1	11.825	0,1	.	.	.	.	.	.
10 kr.	11.055	0,1	11.050	0,1	.	.	.	.	.	.
Samtals	11.440.805	100,0	12.635.925	100,0	13.654.000	100,0	22.266.250	100,0	100,0	100,0
<b>Myntstærð:</b>										
100 kr.	924.500	52,5	1.006.180	53,6	1.188.600	57,1	1.256.600	57,9	1.318.600	57,9
50 kr.	388.740	22,1	392.590	20,9	374.890	18,0	373.640	17,2	392.390	17,2
10 kr.	292.130	16,6	314.080	16,8	342.370	16,5	359.520	16,6	377.620	16,6
5 kr.	78.240	4,4	82.480	4,4	89.434	4,3	92.434	4,3	95.434	4,2
1 kr.	77.494	4,4	81.247	4,3	86.132	4,1	87.994	4,1	91.634	4,0
Samtals	1.761.104	100,0	1.876.576	100,0	2.081.426	100,0	2.170.188	100,0	2.275.678	100,0

Tafla 4 Úr reikningum Seðlabankans<sup>1</sup>

<i>Staða í árslok í milljónum kr.</i>	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Erlendar eignir, nettó	58.150	65.567	67.356	167.975	163.486	191.063	364.035
Innlendir liðir, nettó <sup>2</sup>	-36.450	-27.009	-19.904	-108.457	4.361	219.714	26.070
Kröfur á ríkissjóð og ríkisst., nettó	-22.185	-17.782	-75.916	-211.036	-211.177	-123.972	-281.352
Kröfur á aðrar fjármálastofnanir	4.193	8.993	11.902	28.547	50.102	16.193	3.133
Kröfur á innlánsstofnanir	24.038	31.771	77.772	119.863	258.165	464.826	28.364
Aðrar kröfur	87	84	189	499	131	-	-
Innstæður annarra fjármálast.	-31	-13.681	-145	-131	-1.425	-14.805	-38.457
Ýmsar eignir, nettó	-42.551	-36.394	-33.706	-46.199	-91.434	-122.528	314.382
Sjóður og innstæður innlánsstofnana	13.311	29.415	36.952	48.047	155.418	387.261	361.704
Bindireikningar <sup>3</sup>	3.830	-	-	-	-	-	-
Innstæðubréf	4.501	4.404	2.294	1.777	-	167.266	35.566
Aðrar kröfur	-	-	-	-	-	16.528	9.409
Sjóður og aðrar innstæður	4.980	25.012	34.658	46.269	155.418	203.467	316.729
Seðlar og mynt í umferð	8.390	9.143	10.500	11.471	12.429	23.516	28.401
Grunnfé	17.199	34.151	45.158	57.741	167.847	115.054	121.046
Innstæður innlánsstofnana	6.616	22.519	31.956	43.228	152.112	90.618	92.088
Seðlar og mynt	10.583	11.632	13.202	14.513	15.735	24.436	28.958

1. Sjá nánari sundurliðun í töflu 12. 2. Innstæður eru merktar með mínusmerki. 3. Fyrir 31. maí 1998 ná tölur yfir bundnar innstæður, en bindireikningar tóku við af þeim 21. maí 1998.

Tafla 5 Úr reikningum innlánsstofnana<sup>1</sup>

Staða í árslok í m.kr.	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>2</sup>
<i>Eignir:</i>							
Innlendar eignir, alls	997.904	1.181.694	1.606.052	2.445.068	3.314.826	4.921.040	7.419.509
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	25.288	13.294	29.413	36.906	47.359	163.798	157.185
Kröfur á innlendar lánastofnanir	81.977	59.508	89.757	105.362	196.396	209.168	421.750
Innlend útlán og markaðsverðbréf	863.986	1.062.053	1.431.579	2.205.912	2.969.617	3.827.402	5.485.507
Útlán	694.524	805.376	1.123.510	1.701.808	2.407.176	3.143.584	4.728.420
Greiddar óinnleystar ábyrgðir	548	750	329	468	276	336	821
Yfirdráttarlán	154.704	132.608	141.548	171.976	198.986	214.527	251.515
Víxlar	8.957	6.801	5.051	5.648	4.762	11.248	11.463
Óverðtryggð skuldabréf	64.711	100.953	145.004	201.797	329.420	516.535	630.305
Verðtryggð skuldabréf	206.325	217.821	340.650	658.406	780.351	842.964	973.626
Gengisbundin skuldabréf	259.278	346.444	490.928	659.988	1.077.672	1.516.756	2.855.024
Yfirdráttarlán í erl. mynt	...	...	...	3.526	15.710	41.219	110.735
Niðurfærslur	...	...	...	...	...	...	-105.068
Eignarleigusamningar	139	16.442	18.739	18.909	28.380	38.126	57.823
Markaðsskbr. og -víxlar	118.991	166.669	195.604	256.788	275.620	393.098	480.707
Ríkisvíxlar	7.066	14.849	2.440	5.248	2.770	3.401	0
Hlutabréf	43.266	58.717	91.287	223.158	255.670	252.593	218.556
Afleiðusamningar	...	...	...	...	...	266.126	776.467
Hlutdeildarfyrirtæki	16.217	8.655	11.159	28.892	21.125	23.352	16.155
Hlutir í tengdum fyrirtækjum	10.436	38.184	44.143	67.996	80.329	131.774	180.476
Aðrar eignir	...	...	...	...	...	299.420	381.968
Erlendar eignir, alls	129.002	307.662	633.492	1.488.256	3.031.477	4.778.010	7.474.954
Erlend útlán og markaðsverðbréf	59.239	132.762	237.430	723.831	1.284.133	2.867.835	4.519.969
Útlán til erlendra aðila	46.296	113.267	190.455	500.953	817.046	1.996.874	3.445.996
Markaðsskbr. og -víxlar	2.248	3.098	4.554	71.165	227.456	576.504	598.929
Hlutabréf	10.695	16.397	42.421	151.713	239.631	294.457	475.044
Kröfur á erlenda aðila	...	...	...	...	...	788.952	1.082.526
Afleiðusamningar	...	...	...	...	...	134.180	467.365
Hlutdeildarfyrirtæki	0	208	315	1.168	1.714	76.560	121.030
Hlutir í tengdum fyrirtækjum	5.740	24.244	118.088	205.190	329.305	617.378	817.206
Aðrar eignir	64.023	150.448	277.659	558.067	1.416.326	293.106	466.858
Eignir, samtals	1.126.906	1.489.356	2.239.544	3.933.324	6.346.303	9.699.049	14.894.463
<i>Skuldir:</i>							
Innlendar skuldir, alls	606.412	640.189	785.108	1.137.043	1.545.990	2.552.513	3.512.863
Skuldir við Seðlabanka	69.311	24.062	31.822	77.766	120.388	281.360	455.987
Innstæður innlendra aðila, alls	387.562	455.923	524.686	647.001	774.714	1.217.856	1.413.411
Veltiinnlán	...	99.197	130.811	161.435	184.425	351.059	400.298
Gengisb. veltiinnlán	...	...	...	850	15.651	47.310	26.951
Peningamarkaðsreikningar	...	...	...	...	...	173.076	235.989
Óbundið sparifé	...	48.916	56.358	66.296	80.031	111.144	157.521
Verðtryggð innlán	...	136.634	145.352	145.513	148.061	114.572	170.848
Orlofsreikningar	...	...	...	...	...	6.809	4.678
Innlán v/viðbótarlífeyrissparnaðar	...	14.829	20.188	28.448	31.713	36.850	50.488
Annað bundið sparifé	...	123.719	126.210	179.540	243.310	250.592	247.299
Innlendir gjaldeyrisreikningar	...	32.629	45.768	64.920	71.523	126.444	119.339
Innlán frá innlánsstofnunum	...	...	...	...	...	110.570	58.673
Verðbréfaútgáfa	72.800	76.372	95.689	146.243	252.498	409.489	515.960
Víkjandi lán	24.457	24.304	25.080	30.392	30.668	39.991	72.640
Beinar lántökur	19.656	36.446	72.359	130.997	188.684	234.257	459.242
Afleiðusamningar	...	...	...	...	...	51.154	214.417
Aðrar skuldir <sup>3</sup>	32.626	23.081	35.471	104.644	179.038	207.835	322.534
Erlendar skuldir, alls	440.015	737.097	1.212.415	2.391.125	4.234.096	6.224.485	10.317.329
Innlán frá erlendum lánastofnunum	...	...	...	...	...	388.858	1.129.039
Innlán frá erl. aðilum, öðrum en lánastofnunum	...	18.839	14.501	52.069	364.595	1.297.271	1.709.870

Tafla 5 Úr reikningum innlánsstofnana (frh.)<sup>1</sup>

Staða í árslok í m.kr.	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>2</sup>
Afleiðusamningar	...	...	...	...	...	125.841	347.325
Verðbréfaútgáfa	196.611	478.829	896.934	1.842.123	2.814.959	2.496.270	3.769.446
Víkjandi lán	11.749	20.641	71.980	151.125	360.588	418.388	677.541
Beinar lántökur	231.655	218.788	229.000	345.808	693.954	1.493.533	2.659.221
Aðrar erlendar skuldir	...	...	...	...	...	4.325	24.887
Eigið fé og hlutdeild minnihluta	80.479	112.070	242.021	405.156	566.217	922.051	1.064.259
Skuldir og eigið fé	1.126.906	1.489.356	2.239.544	3.933.324	6.346.303	9.699.049	14.894.451

1. Framsetning efnahags innlánsstofnana hefur breyst frá fyrri ársskýrslum. Seðlabankaliðir eru ekki lengur nettaðir út og afleiður sem voru áður utan efnahags hafa bæst við. Kaupþing fékk leyfi til rekstrar viðskiptabanka 11. janúar 2002 og sameinaðist Búnaðarbanka 1. maí 2003. Straumur fékk leyfi til rekstrar viðskiptabanka 1. september 2007. Glitnir sameinaðist Íslandsbanka 1. maí 2003. 2. Nýjustu tölur eru frá september 2008. 3. Aðrar skuldir eru settar fram nettó árin 2002–2006.

Skýring: Sjá nánar á vefsíðu Seðlabanka Íslands, www.seðlabanki.is, undir tenglinum Hagtölur.

Tafla 6 Úr reikningum bankakerfisins<sup>1</sup>

Staða í árslok í m.kr.	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>2</sup>
Erlendar eignir, alls	166.380	365.936	699.201	1.555.761	3.199.547	4.941.595	7.849.960
Erlend útlán og markaðsverðbréf	83.332	164.457	276.488	766.533	1.405.600	3.006.157	4.769.464
Aðrar erlendar eignir	83.049	201.479	422.713	789.228	1.793.948	1.935.438	3.080.496
Erlendar skuldir, alls	458.316	738.956	1.214.118	2.392.759	4.235.969	6.226.198	10.350.342
Erlend verðbréfaútgáfa	196.611	478.829	896.934	1.842.123	2.814.959	2.496.270	3.769.446
Aðrar erlendar skuldir	261.705	260.127	317.184	550.636	1.421.010	3.729.928	6.580.897
Innlendar eignir, alls	1.077.153	1.210.727	1.646.933	2.539.857	3.468.598	5.234.312	7.921.473
Innlend útlán og markaðsverðbréf	943.064	1.091.000	1.472.376	2.295.586	3.118.026	4.135.668	5.982.460
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	28.576	22.504	45.911	18.380	24.855	26.531	449
Sveitarfélög og -stofnanir	19.129	13.675	13.420	10.600	11.828	11.980	16.529
Fjármálastofnanir aðrar en bankar	89.709	159.478	195.754	212.173	281.719	501.354	429.182
Fyrirtæki	486.906	632.710	851.174	872.519	1.137.030	1.422.583	2.118.243
Heimili	194.435	187.886	305.840	544.418	707.531	834.596	1.032.026
Eignarhaldsfélög	...	...	...	443.509	719.829	995.256	1.702.795
Annað og óflokkað	124.308	74.746	60.277	193.986	235.233	343.368	788.305
Niðurfærslur	...	...	...	...	...	...	-105.068
Afleiðusamningar	...	...	...	...	...	266.126	776.467
Hlutdeildarfyrirtæki	16.217	8.655	11.159	28.892	21.125	23.352	16.155
Hlutir í tengdum fyrirtækjum	10.436	38.184	44.143	67.996	80.329	131.774	180.476
Aðrar innlendar eignir	107.436	72.888	119.254	147.383	249.118	677.392	965.916
Peningamagn, sparifé og innlend verðbréfaútgáfa (M4)	468.028	540.687	629.521	803.746	1.037.629	1.636.809	1.941.952
Innlend verðbréfaútgáfa	72.800	76.372	95.689	146.243	252.498	407.172	515.960
Peningamagn og sparifé (M3)	395.228	464.315	533.832	657.503	785.131	1.229.637	1.425.993
Bundin innlán	235.482	275.184	291.753	353.501	423.084	580.385	709.302
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	159.746	189.131	242.079	304.002	362.047	649.253	716.691
Almennt sparifé	71.990	81.545	102.125	131.216	150.498	238.533	276.860
Peningamagn (M1)	87.755	107.586	139.953	172.786	211.549	410.720	439.831
Veltinnlán	0	99.197	130.811	162.286	200.077	398.282	427.249
Seðlar og mynt í umferð	7.666	8.389	9.142	10.500	11.472	12.438	12.582
Aðrar innlendar lántökur	19.656	36.446	72.359	130.997	199.480	4.148	117.937

1. Í september 2003 var tekin upp sjálfvirk lánaflökkun skv. ÍSAT95-staðli og hafði það í för með sér breytingar á flokkun útlána á geira. Framsetning efnahags innlánsstofnana hefur breyst frá fyrri ársskýrslum. Seðlabankaliðir eru ekki lengur nettaðir út og afleiður sem voru áður utan efnahags hafa bæst við. 2. Nýjustu tölur eru frá september 2008.

Tafla 7 Bindiskylduhlutföll (%)<sup>1</sup>

Gildistími frá:	Bindiskylduhlutfall %	Gildistími frá:	Bindiskylduhlutfall %
1. júní 1979	28,0	1. janúar 1992	7,0
17. apríl 1985	18,0	1. nóvember 1992	6,0
1. mars 1987	13,0	1. desember 1992	5,0
1. ágúst 1988	12,0	1. nóvember 1993	4,0 (2,5) <sup>2</sup>
1. mars 1989	11,0	21. maí 1998	4,0 (1,5) <sup>2</sup>
1. maí 1990	10,0	21. mars 2003	3,0 (1,0) <sup>2</sup>
1. júní 1990	7,0	21. desember 2003	2,0 (0,0) <sup>3</sup>
31. október 1991	6,0		

1. Bindiskylda sem hlutfall af heildarinnstæðum frá og með 1. júní 1979, af innlendu ráðstöfunarfé frá og með 1. mars 1989 og af öllu ráðstöfunarfé frá og með 21. maí 1998. 2. Innan sviga er bindiskylduhlutfall bundinna innstæðna og verðbréfa. 3. Innan sviga er bindiskylduhlutfall innstæðna og verðbréfaútgáfu með upphaflegan eftirstöðvatíma lengri en 2 ár, svo og verðbréfa sem sett eru að veði í viðskiptum við Seðlabanka Íslands (áður endurhverf viðskipti).

Tafla 8 Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu

	Almennir vextir lána og vextir af skaðabótakröfum		
	Almennir vextir óverðtryggðra lána	Almennir vextir verðtryggðra lána	Vextir af skaðabótakröfum
1. janúar 2009	21,0	5,90	14,0
1. febrúar	20,0	5,90	13,3
1. mars	19,0	5,90	12,7
1. apríl	19,0	5,90	12,7
1. maí	18,0	5,90	12,0
1. júní	10,5	5,90	7,0
1. júlí	10,5	5,80	7,0
1. ágúst	10,5	5,80	7,0
1. september	10,5	4,90	7,0
1. október	10,5	4,90	7,0
1. nóvember	10,5	4,90	7,0
1. desember	9,0	5,30	6,0
Meðaltal 2008	17,8	6,2	11,8
Meðaltal 2009	14,1	5,6	9,4

Tafla 9 Dæmi um árlega nafnávöxtun nokkurra útlána innlánsstofnana og dráttarvextir (% á ári)

	Almenn		Ný (löng)		Dráttarvextir		Breyting lánskjara- vísitölu <sup>3</sup>
	óverðtryggð	skuldabréf <sup>1</sup>	verðtryggð lán <sup>2</sup>		Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun	
	Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun	Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun			
1995	11,9	10,1	10,5	8,7	14,6	12,8	1,6
1996	12,8	10,5	11,1	8,9	15,8	13,5	2,1
1997	13,3	11,1	11,2	9,0	16,3	14,0	2,0
1998	13,2	11,8	10,1	8,8	16,5	15,1	1,3
1999	14,1	8,0	14,7	8,6	17,3	11,1	5,6
2000	17,4	12,7	14,1	9,5	22,0	17,2	4,2
2001	18,8	9,4	19,7	10,2	23,7	13,9	8,6
2002	16,0	13,7	12,3	10,1	21,3	18,9	2,0
2003	12,4	9,4	12,0	9,1	17,3	14,2	2,7
2004	12,6	8,3	10,5	6,3	17,3	12,9	3,9
2005	15,3	10,7	10,3	5,9	20,3	15,5	4,2
2006	18,6	10,9	13,4	6,1	22,5	14,6	6,9
2007	20,2	13,5	12,9	6,6	25,0	18,0	5,9
2008	21,6	4,5	24,7	7,1	25,8	8,1	16,4
2009	20,2	10,6	15,7	6,5	21,2	11,6	8,6

1. Vegið meðaltal vaxta innlánsstofnana af almennum óverðtryggðum skuldabréfum. Gert er ráð fyrir tveimur gjalddögum á ári. 2. Vegið meðaltal vaxta innlánsstofnana af nýjum verðtryggðum lánum. 3. Milli janúargilda.

Tafla 10 Efnahagsreikningur Seðlabankans

Í m.kr.	Árslok					
	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<i>Eignir:</i>	87.307	106.590	162.294	321.842	476.859	1.185.578
<i>Erlendar eignir</i>	58.274	65.709	67.506	168.070	163.585	429.626
Bankainnstæður	22.740	23.171	21.049	41.650	19.338	207.380
Gulleign	1.873	1.707	2.074	2.934	3.305	6.653
Erlend verðbréf	31.695	39.058	42.702	121.467	138.322	211.863
Erlendar eignir utan forða	-	-	-	-	787	211
Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagj.sj.	3	8	3	8	11	53
Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagj.sj.	1.963	1.765	1.678	2.010	1.823	3.467
<i>Innlendar eignir</i>	29.033	40.881	94.789	153.772	313.273	755.951
<i>Innlánsstofnanir</i>	24.038	31.771	77.772	119.863	258.165	464.826
Aðrar kröfur	-	-	-	-	-	231.024
Lán gegn veði	24.038	31.771	77.772	119.863	258.165	71.966
Daglán	-	-	-	-	-	37.982
Aðrar kröfur gengisbundnar	-	-	-	-	-	123.854
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>	4.193	8.993	11.902	28.547	50.102	16.193
Markaðsskr. verðbréf	3.223	3.232	1.832	1.473	1.447	2.757
Lán gegn veði	969	5.762	10.070	27.074	44.554	13.436
Daglán	-	-	-	-	4.102	-
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>	715	32	-	-	-	270.005
Markaðsskr. verðbréf	715	32	-	-	-	-
Krafa á ríkissjóð	-	-	-	-	-	270.005
<i>Aðrir aðilar</i>	87	84	189	499	131	-
<i>Fasteignir og lausafjármunir</i>	-	-	4.527	4.479	4.520	4.822
<i>Aðrar eignir</i>	-	-	399	385	356	105
<i>Skuldir og eigið fé:</i>	87.307	106.590	162.294	321.842	476.859	1.185.578
<i>Erlendar skuldir</i>	1.858	1.703	1.634	1.873	1.712	242.008
Til skamms tíma	124	142	150	95	100	134.400
Til langs tíma	-	-	-	-	-	104.171
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrisjóðinn	1.735	1.561	1.484	1.779	1.613	3.437
Innstæða IMF v/ kvóta	-	-	-	-	-	-
<i>Innlendar skuldir</i>	45.232	70.689	124.291	271.633	384.143	854.612
<i>Seðlar og mynt</i>	10.583	11.632	13.202	14.513	15.735	24.436
<i>Innlánsstofnanir</i>	11.117	26.926	34.250	45.006	152.112	386.332
Almennar innstæður	2.786	22.519	31.956	43.228	152.112	90.618
Bundnar innstæður	3.830	-	-	-	-	-
Innstæðubréf	4.501	4.404	2.294	1.777	-	167.266
Aðrar kröfur	-	-	-	-	-	16.519
Gjaldeyrisreikningar	-	-	-	-	-	111.929
Bundnir gjaldeyrisreikningar	-	-	-	-	-	-
Tryggingareikningar	-	3	-	-	-	-
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>	31	13.681	145	131	1.425	14.805
Almennar innstæður	31	13.681	145	131	1.425	4.415
Innstæðubréf	-	-	-	-	-	10.390
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>	22.901	17.815	75.916	211.036	211.177	393.977
Ríkissjóður, viðskiptareikningar	9.689	16.257	33.573	80.110	93.971	168.723
Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar	1.208	519	371	605	536	895
Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	487	1.039	9.113	97.235	89.855	2.376
Bundnir gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	-	-	-	-	-	205.501
Bundin innlán	11.517	-	32.859	33.085	26.815	16.483
<i>Aðrar skuldir</i>	599	636	778	948	3.694	35.061
<i>Stofnfé og annað eigið fé</i>	40.217	34.198	36.370	48.336	91.003	88.957



## Mánaðarlok 2009

janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1.104.177	1.088.958	1.154.580	1.187.376	1.189.419	1.129.336	1.129.559	1.177.342	1.183.130	1.196.135	1.159.356	1.178.083
364.414	341.112	383.248	413.857	426.340	384.252	385.271	432.269	434.920	451.147	402.989	485.131
170.405	154.560	173.638	193.064	199.363	149.566	149.321	195.200	172.224	184.827	137.366	222.895
6.663	6.843	7.136	7.216	7.670	7.571	7.669	7.655	7.867	8.246	9.155	8.664
183.292	176.270	198.702	208.960	215.334	223.015	223.436	225.283	231.902	234.820	234.164	231.573
204	204	206	201	201	201	196	196	195	190	190	190
693	157	173	867	224	232	949	283	19.076	19.377	18.451	18.161
3.157	3.078	3.394	3.548	3.548	3.669	3.699	3.653	3.654	3.687	3.663	3.649
739.763	747.846	771.332	773.519	763.080	745.084	744.289	745.073	748.210	744.988	756.367	692.952
454.939	456.384	481.792	488.364	475.159	454.867	451.361	450.937	452.338	448.118	454.944	28.849
231.024	241.080	328.525	332.041	337.902	323.365	316.084	316.084	316.084	310.253	317.845	6.702
98.314	82.809	17.235	15.628	7.555	7.533	7.474	7.728	7.839	7.979	8.188	9.249
13.911	19.044	1.650	1.650	1.650	1.650	1.650	1.890	1.950	1.950	1.700	1.700
111.690	113.452	134.383	139.045	128.052	122.319	126.153	125.236	126.465	127.936	127.211	11.198
9.835	9.629	5.539	3.721	4.653	3.211	3.239	3.303	2.995	2.961	3.618	3.133
2.750	2.343	2.660	2.477	2.936	2.935	2.943	2.963	2.995	2.961	3.117	3.133
7.085	5.992	1.422	1.194	1.717	277	296	340	-	-	-	-
-	1.294	1.456	49	-	-	-	-	-	-	500	-
270.005	276.836	278.819	276.014	277.828	281.553	284.266	285.353	287.436	288.474	292.381	165.398
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
270.005	276.836	278.819	276.014	277.828	281.553	284.266	285.353	287.436	288.474	292.381	165.398
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
4.822	4.822	4.822	4.822	4.822	4.822	4.822	4.822	4.822	4.822	4.822	4.754
161	176	361	600	619	632	602	658	619	614	603	490.817
1.104.177	1.088.958	1.154.580	1.187.376	1.189.419	1.129.336	1.129.559	1.177.342	1.183.130	1.196.135	1.159.356	1.178.083
187.416	185.997	196.417	205.000	189.476	196.150	197.634	243.836	264.754	251.149	174.194	203.990
89.304	89.931	90.908	94.600	79.258	81.997	82.348	130.557	132.442	96.681	21.102	36.752
95.323	93.347	102.511	107.267	107.086	110.914	112.019	110.059	110.300	132.253	131.021	145.267
2.789	2.719	2.998	3.133	3.133	-	3.266	3.220	22.013	22.215	22.071	21.970
-	-	-	-	-	3.239	-	-	-	-	-	-
821.490	813.828	867.051	893.246	905.915	837.780	837.037	838.485	823.470	850.006	887.955	891.456
24.645	22.860	21.952	22.297	23.179	23.778	25.705	25.487	25.048	25.270	25.982	28.958
350.892	319.555	332.771	360.839	333.718	299.090	307.317	263.148	299.955	284.514	311.068	361.147
75.426	69.025	111.269	105.985	85.564	122.040	148.173	131.408	135.661	70.335	58.522	87.587
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
150.971	142.956	85.306	95.158	84.815	69.815	47.143	18.136	42.360	64.915	74.120	35.566
19.630	17.748	24.942	26.447	11.142	0	10.805	10.865	10.647	10.235	10.337	9.409
104.865	89.826	111.255	133.248	152.197	107.235	101.196	102.740	111.288	120.575	72.457	75.485
-	-	-	-	-	-	-	-	-	18.454	95.632	153.101
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
7.457	8.516	4.983	5.575	18.461	14.347	22.233	25.514	25.244	30.782	35.333	37.055
4.407	5.556	4.194	4.012	17.813	13.710	21.591	24.866	23.840	29.123	33.661	35.387
3.051	2.960	789	1.563	648	637	643	648	1.403	1.659	1.671	1.669
391.395	420.106	431.993	435.954	457.945	410.913	403.949	448.960	401.891	423.215	402.668	446.705
196.184	210.955	198.338	194.456	210.760	156.993	157.114	202.680	154.688	171.999	151.360	166.052
1.043	730	679	802	621	389	612	511	408	412	369	316
2.128	2.111	8.868	9.224	9.433	9.703	9.781	9.731	9.808	9.961	9.920	49.129
176.007	143.631	164.112	171.480	176.576	182.782	184.791	183.970	186.781	190.390	190.178	179.998
16.033	62.679	59.996	59.992	60.555	61.046	51.650	52.068	50.207	50.453	50.843	51.220
47.101	42.791	75.352	68.583	72.611	89.652	77.832	75.376	71.332	86.226	112.905	17.591
95.270	89.133	91.113	89.130	94.029	95.407	94.889	95.020	94.905	94.980	97.206	82.638

